EINAR ÞORSTEINSSON

*Ekur um á Nissan Primera*

Bílar Ferðir Tíska

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




Á FERÐ UM LANDIÐ

*Þetta er lífið*

Erlendur Eyvindsson fjallagarpur

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




Góðar gjafahugmyndir á bls. 14-15

Opið 10-18

Kringlan

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. maí 2006 — 127. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Fegurðardrottning í nýrri kvikmynd



Ragnhildur Steinunn leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Astrópíu ásamt þeim Pétri Jóhanni og Sveppa úr Strákunum.

KVIKMYNDIR 50

## Í ríki fálkans

Magnús Magnússon kvikmyndagerðarmaður segir að náttúra landsins hafi hjálpað sér að sigrast á erfiðum veikindum. Hann hefur undanfarin ár fylgst með fálkum og náð af þeim fágætum myndum.

VIÐTAL 26

## Þannig fór um sjóferð þá



Talsvert er rætt um aflabrögð á æfingum hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands því þar innanborðs eru lunknir veiðimenn í trillufélaginu Bjartmari. Kafteinninn leikur á fagott og var fiskinn í síðasta túr.

FERÐIR 34

## Alfreð velur hópinn



Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handbolta, hefur valið 18-manna hópinn sem tekur þátt í umspilsleikjunum gegn Svíum í næsta mánuði.

ÍÞRÓTTIR 52

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA NOKKUÐ BJART-** Í dag verður hæg breytileg átt. Skýjað með köflum austan til en yfirleitt bjartviðri vestan til á landinu. Stöku skúrir suðaustan til. Hiti 3-10 stig hlýjast í uppsveitum á Suður- og Vesturlandi.

VEÐUR 4



**SILVÍA NÓTT GERÐI ALLT VITLAUST** Silvía Nótt var söm við sig á fyrstu æfingunni í Grikklandi. Framkoma hennar hneykslaði starfsmenn hallarinnar þar sem Eurovision-keppnin fer fram og gengu nokkrir Grikkir út þegar Silvía lét reiði sína bitna á sviðsmanni. Dívan baðst síðan afsökunar á framferði sínu á skrautlegum blaðamannafundi. Sjá nánar á blaðsíðu 58. FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARÐ

Kynþáttaofbeldi í Antwerpen:

# Gekk skjótandi um göturnar

**BELGÍA, AP** Átján ára piltur í Antwerpen í Belgíu hélt vopnaður af stað í bæinn á fimmtudag og skaut miskunnarlaust á fólk sem var dekkra á hörund en hann sjálfur. Stúlka frá Malí og tveggja ára barn, sem hún var að passa, létu lífið. Einnig særði pilturinn alvarlega konu af tyrkneskum uppruna áður en lögregla stöðvaði hann.

Pilturinn var í gær yfirheyrður og ákærður fyrir morð og morðtilraun, en hann liggur á sjúkrahúsi með skotsár.

„Hinn grunaði sagði að eftir að hafa keypt riffil og skotfæri hefði hann vísvitandi leitað uppi fólk af erlendum uppruna til þess að skjóta það,“ sagði Dominique Reyniers, talsmaður lögreglunnar í Antwerpen.

Ofbeldi gegn fólki af erlendum uppruna hefur aukist í Belgíu síðan hvítur unglingur var myrtur í apríl þegar hann vildi ekki láta af hendi MP3-spilara. Fyrst var talið að morðingjar hans væru af norðurafrískum uppruna, en síðar voru tveir Pólverjar handteknir. - gb

Sjálfstæðisflokkur fengi fjóra bæjarfulltrúa í Árborg samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins:

# Meirihlutinn fellur í Árborg

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti Samfylkingar og Framsóknarflokks fengi fjóra bæjarfulltrúa af níu kjörna í Árborg samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Ef þetta verða niðurstöður kosninganna er meirihlutinn í sveitarfélaginu fallinn.

Mest fylgi fær Sjálfstæðisflokkurinn, 46,7 prósent. Samkvæmt því fengi flokkurinn fjóra bæjarfulltrúa kjörna, en hefur nú tvo. Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins segir þetta vísbendingu um tvennt. Annars vegar að Sjálfstæðisflokkurinn virðist vera í mikilli sókn og hins vegar að bæjarstjórnin sé fallin samkvæmt þessum niðurstöðum. „Þrátt fyrir þessa góðu stöðu þá held ég að síðustu vikurnar verði spennandi og hvert atkvæði á eftir að skipta máli.“

Samfylking fengi samkvæmt könnuninni 28,3 prósent atkvæða og þrjá menn kjörna en hefur nú fjóra. Gylfi Þorkelsson sem skipar annað sæti á lista Samfylkingar segist halda að þróunin sé á réttri leið. „Enn er hálfur mánuður í kosningar. Við unnum síðast stórsigur og fengum fjóra menn sem enginn reiknaði með. Það er ekki endilega raunhæft að búast við að við náum því aftur og við teljum að það sé góð staða fyrir okkur að halda þremur mönnum.“




Framsóknarflokkur fær samkvæmt könnuninni 13,6 prósent atkvæða og einn mann kjörinn en hefur nú þrjá.

Þorvaldur Guðmundsson, oddviti Framsóknarflokks segir þetta koma nokkuð á óvart. „Við erum að byrja okkar baráttu þessa dagana en hinir flokkarnir, sérstaklega Sjálfstæðisflokkurinn, hafa lagt meiri kraft í kosningabaráttuna til þessa. Það er erfitt að átta sig á því hvers vegna staðan virðist vera að breytast svona mikið frá því í kosningunum. Það hefur verið mikill uppgangur í sveitarfélaginu og í raun aldrei gengið eins og vel og nú.“

11,3 prósent segjast myndu kjósa Vinstri hreyfinguna-grænt framboð og fengi flokkurinn einn mann kjörinn yrðu þetta úrslit kosninga. Jón Karlsson, oddviti vinstri grænna segist ánægður með þessa niðurstöðu. „Við finnum fyrir góðum meðbyr í sveitarfélaginu og þessi útkoma styrkir þá tilfinningu okkar. Einn maður hjá okkur er sigur, allt umfram það er stórsigur. Við höldum áfram að slá í klárinn.“ -mh/ -sdg/ -ss/ sjá síðu 6




# Skurðstofur ónýttar

**Skortur á vistunarúrræðum veldur því að ekki er hægt að taka inn sjúklinga á Landspítalann. Biðlistar lengjast og mannekla er sívaxandi vandamál.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Á þriðja hundrað stjórnenda Landspítalans sendu frá sér ályktun í gær þar sem fram kemur að ógerlegt sé að veita bráðveikum sjúklingum mannsæmandi þjónustu, gangalagnir séu viðvarandi og ekki takist að manna bráðnauðsynlegar þjónustueiningar vegna skorts á starfsfólki. Fram kemur að núverandi aðstæður hafi afar slæm áhrif á starfsemi sjúkrahússins og mjög reyni á siðferðiskennd starfsfólks því ekki sé hægt að mæta þörfum sjúklinga.

Magnús Pétursson, forstjóri LSH, segir ályktun stjórnenda spítalans ekki beint neyðarkall en ástandið hafi sjaldan eða aldrei verið eins alvarlegt. „Það hefur gerst að sjúklingar liggi á göngum dag og dag en þegar það er orðið viðvarandi, og mér er sagt að þetta sé orðin regla frekar en undantekning, var ástæða til að vekja athygli stjórnvalda á stöðunni.“ Magnús segir að þegar yfir hundrað manns liggi á spítalanum sem ekki ættu að vera þar heldur á hjúkrunarheimilum sé ljóst að það komi niður á þjónustu spítalans. „Skurðstofurnar og starfsfólkið eru til staðar en það er ekkert pláss fyrir sjúklingana. Þetta er það sem við erum að glíma við.“

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra telur að það sé nauðsynlegt að aldraðir sjúklingar á Landspítalanum séu í forgangi inn á hjúkrunarheimilin. Þetta atriði ætlar hún að ræða við hjúkrunarheimilin á næstunni og funda með forstjóra LSH um manneklu og önnur tengd mál.

„Það er ekki eðlileg staða að á LSH séu aldraðir sjúklingar í rýmum sem henta þeim ekki. Bæði sjúklinganna vegna og skattgreiðenda vegna því það eru mun dýrari rými á sjúkrahúsinu en á hjúkrunarheimilunum,“ segir Siv.

- shá





## SPURNING DAGSINS

*Guðni, eru Ísfirðingar þá vanþakklátir?*

Nei, nei, alls ekki.

Guðni Geir Jóhannesson, oddviti framsóknarmanna á Ísafirði, var undrandi á niðurstöðu skoðunarkönnunar Fréttablaðsins sem sýndi að Framsóknarflokkurinn fengi einn mann í bæjarstjórn. Hann sagði Ísfirðinga ekki þakka Framsókn fyrir góð störf.

Íransforseti orðhvatur um kjarnorkumálin:

# Sakar Vesturlönd um fals

**ÍRAN, AP** Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti vísaði í fyrradag á bug því sem Vesturlönd hafa við kjarnorkuáætlun Írana að athuga og kallaði athugasemdirnar „tröllaukna lygi.“ Þessi orð lét hann falla í opinberri heimsókn til Indónesíu, fjölmennasta múslimaríkis heims, daginn eftir að lykilfulltrúar í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna ákváðu að bíða með að taka ákvörðun um hugsanlegar þvingunaraðgerðir og bjóða Írönum að velja á milli þess að þiggja margvíslega aðstoð frá alþjóðasamfélaginu gegn því að hætta auðgun úrans, eða kalla að öðrum kosti yfir sig refsiaðgerðir.



**Í INDÓNESÍU** Mahmoud Ahmadinejad talar í Djakarta á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í deilunni gerðist það annars, að bréf frá fulltrúa Ajatolla Ali Khamenei æðstaklerks, valdamesta manns Írans, var birt á vef tímaritsins Time. Í bréfinu er stungið upp á nýjum leiðum að lausn deilunnar. Hassan Rohani, fyrrverandi aðalsamningamaður Íransstjórnar í kjarnorkumálum, sagði í bréfinu að stjórnin í Teheran myndi íhuga að fullgilda bókun Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA), þar sem kveðið er á um að eftirlitsmenn stofnunarinnar geti komið í skyndiheimsóknir á þá staði þar sem Íranar vinna að kjarnorkuáætlun sinni. Núverandi samningamaður Írana, Ali Larijani, sagði í fyrradag að Íransstjórn hefði alls ekki í hyggju að segja sig frá alþjóðasamningnum gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna og hét samvinnu við IAEA ef málinu yrði haldið í höndum þeirrar stofnunar í stað öryggisráðsins. **- aa**

20.000 í frumkvöðlastarfi:

# Ísland stendur framarlega

Umfang frumkvöðlastarfsemi var meiri hér en í flestum öðrum löndum í fyrra. Þetta kemur fram í nýrri alþjóðlegri samanburðarrannsókn Global Entrepreneurship Monitor (GEM).

Í niðurstöðunum, sem kynntar voru í Háskólanum í Reykjavík í gær, kemur fram að 10,7 prósent landsmanna á aldrinum 18 til 64 ára stundi frumkvöðlastarfsemi. Þetta jafngildir því að 20.000 manns hafi stundað frumkvöðlastarf hér á landi í fyrra.

Fram kemur að fólk á aldrinum 35 til 44 ára sé líklegast til að stunda frumkvöðlastarf. Þá bera konur skarðan hlut frá borði. **- jab**

Öryggisinnköllun Volvo XC90:

# Kallaðir inn vegna galla

**BÍLAR** Ákveðið hefur verið að innkalla ákveðinn hluta Volvo XC90 vegna ótímabærs slits á stýrisendum.

Innköllunin er nauðsynleg til þess að hægt verði að skipta út gölluðu stýrisendunum í bifreiðunum.

Hér á landi eru skráðir 188 bílar af þessari umræddu gerð og geta eigendur komið með bíla sína í viðgerð hjá Brimborg, þeir geta fengið lánsbíla á meðan viðgerðin á bílnum stendur yfir. Varahlutirnir hafa verið pantaðir nú þegar en fyrstu bílarnir verða kallaðir inn í byrjun júní. **- mh**

Listahátíð 2006 er hafin:

# Landnámssýningin opnuð

**MENNING** Steinunn Valdís Óskarsdóttir opnaði Landnámssýninguna Reykjavík 871+/-2 í gærkvöldi, á upphafsdegi Listahátíðar í Reykjavík 2006.

Sýningin er staðsett undir Reykjavík Centrum hótelinu í Aðalstræti og er byggð á skálarúst frá 10. öld sem fannst við fornleifauppgröft á lóðunum syðst við Aðalstræti árið 2001. Veggjabrot sem fannst við uppgröftinn hefur verið aldursgreint frá þeim tíma sem menn settust fyrst að í Reykjavík og er nafn sýningarinnar af því dregið. Nýjasta sýningartækni er notuð á sýningunni. **Sjá bls 40.** / **- shá**

## DÓMSMÁL

**ÖBÍ og ríkið** Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði í gær frá kröfu Öryrkjabandalagsins um að heilbrigðisráðherra væri skylt að leggja frumvarp fyrir Alþingi um fullar greiðslur til handa öryrkjum í samræmi við samkomulag frá í mars 2003. Varakrafa sambandsins verður tekin fyrir dóm. Hún var um að viðurkennd yrði krafa um greiðsluskyldu samkvæmt samkomulaginu.

# Skilja lit frá olíunni

## Allnokkrir óprúttnir bíleigendur stórlækka eldsneytiskostnað sinn með því að kaupa litaða díselolíu, skilja litarefnið frá, og aka þannig um á löglegri olíu.

**ELDSNEYTISVERÐ** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hópur manna stundað að kaupa litaða olíu í talsverðu magni og nýta svo þekkingu sína á efnafræði til að skilja litinn frá olíunni. Þannig aka þeir um á löglegri olíu þó með ólöglegum hætti sé og spara sér stórar upphæðir í leiðinni enda lituð olía rúmum fimmtíu krónum ódýrari en ólituð á afgreiðslustöðvum í dag.

Lög kveða á um að aðeins vinnuvélar, dráttarvélar í landbúnaði og vörubifreiðar með krana yfir ákveðinni þyngd séu undanþegin olíugjaldi og megi því nota litaða olíu. En sökum þess að verð á díselolíu tvöfaldaðist við breytingar á olíugjaldinu síðastliðið sumar og hefur hækkað jafnt og þétt síðan hafa ýmsir, sérstaklega jeppaeigendur, gripið til ýmissa ráða til að lækka kostnaðinn. Ein er sú að skilja litarefnið frá olíunni með ákveðinni aðferð en eftir það er engin leið fyrir eftirlitsmenn að sjá að um litaða olíu hafi verið að ræða.

Enn aðrir sem keyra mikið hafa prófað sig áfram með því að blanda olíuna og drýgja hana á þann hátt. Hægt er að blanda jurtaolíu saman við í litlum mæli og lýsi hentar að einhverju leyti einnig. Hefur því hátt eldsneytisverð knúið áhugasama að finna ódýrari og oftast jafnframt vistvænni leiðir til að fylla tanka bíla sinna.




**ALLT REYNT** Sagan sýnir að þegar harðnar á dalnum leita menn ýmissa leiða til að drýgja tekjur sínar og skera niður útgjöld. Einhver hluti fer framhjá lögum sé færi á og nú hafa nokkrir lært að skilja öll litarefni úr litaðri olíu sem seld er á mun lægra verði en venjuleg díselolía. Myndin tengist ekki efni greinarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Þeir bröttustu dæla litaðri olíu hins vegar hiklaust á bílana enda fullyrða þeir sömu að Vegagerðin, sem sinnir eftirlitsskyldu í samvinnu við lögreglu, eigi aðeins einn mæli er mælt getur hvort lituð eða ólituð olía sé í tönkum bíla. Líkurnar á því að verða stöðvaður af þeim aðila séu litlar og ávinningurinn mikill jafnvel þótt síðar komist athæfið upp. Viðurlög við slíku nema allt frá fjórfaldri að tífaldri þeirri greiðslu sem sannað þykir að dregin var undan eða vanrækt að greiða. Við nýlegt eftirlit lögreglu og eftirlitsmanna Vegagerðarinnar á þjóðvegum við höfuðborgina kom í ljós að aðeins þrír aðilar af 118 fundust með litaða olíu á bílum sínum og engir leigubílstjórar reyndust leika þann leik þegar tekin voru sýni hjá 27 slíkum aðilum skömmu síðar. Var þó í kjölfarið talin full ástæða til að halda uppi eftirliti vegna slíkra brota. Hækkun á olíu hafa orðið talsverðar síðan þá. **- aöe**



**FRÁ VESTURBAKKANUM** Ísraelskur hermaður handtekur meðlim úr Al Aksa skæruliðahreyfingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogar Hamas og Fatah:

# Þokast nær samkomulagi

**JERÚSALEM, AP** Hamassamtökin hafa mjakast aðeins í þá átt að viðurkenna tilverurétt Ísraels. Háttsettir leiðtogar í Hamas og Fatah, tveimur helstu fylkingum Palestínumanna, undirrituðu í gær drög að samkomulagi um að Palestínuríki verði stofnað innan landamæranna frá 1967, það er á Vesturbakkanum öllum, Gazasvæðinu og austurhluta Jerúsalemborgar.

Leiðtogarnir sitja í ísraelsku fangelsi í Ramallah, en óvíst er hvort æðstu yfirmenn Hamas, sem hafa aðsetur í Sýrlandi, muni fallast á drögin. **- gb**

## AFRÍKA

**Níu sprengjur í höfuðborg Eþíópíu** Í það minnsta þrír létust og á fimmta tug særðust þegar níu sprengjur sprungu í Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu í gær. Árásirnar beindust að opinberum byggingum og almenningssamgöngum, en enginn hafði lýst yfir ábyrgð sinni.

**Olíuleiðsla springur** Allt að tvö hundruð fórust þegar sprenging varð í olíuleiðslu við þorpið Ilado í Nígeríu í gær. Gat var á olíuleiðslunni þar sem sprengingin varð, en íbúar landsins stunda það að gera göt á leiðslurnar til að ná sér í olíu.

Samfylkingin | Reykjavík 2006

Stefnumót

Dagur og Oddný verða í kosningamiðstöðinni við Vesturgötu frá 10 til 12 í dag

Steinunn Valdís og Sigrún Elsa verða í kosningamiðstöðinni við Skúlagötu frá 11 til 13

XS - Allir með

Forseti Íslands lagði í gær hornstein að stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar:

# Hlaut nafnið Fljótsdalsstöð

**VIRKJUN** Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lagði í gær hornstein að stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar, Fljótsdalsstöð, við hátíðlega athöfn að viðstöddu fjölmenni. Hornsteinslögnin fór fram í stöðvarhúsinu í Valþjófsstaðarfjalli eftir að tvö hundruð boðsgestir Landsvirkjunar luku skoðunarferð að Kárahnjúkum.

Athöfnin hófst klukkan þrjú og fluttu forstjóri og stjórnarformaður Landsvirkjunar ávörp ásamt Valgerði Sigurðardóttur iðnaðarráðherra. Hún sagði ekkert eitt verkefni hafa haft eins mikil áhrif á lífsgæði og þróun byggðar á Austurlandi síðustu áratugi og það myndi hafa varanleg jákvæð áhrif á efnahag þjóðarinnar. Sr. Lára Oddsdóttir flutti blessunarorð og bað fyrir þeim starfsmönnum sem að verkinu hafa komið og aðstandendum þeirra þriggja manna sem látist hafa við framkvæmdina.



**FRÁ ATHÖFNINNI** Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lagði hornsteininn að stöðvarhúsinu ásamt fríðum flokki barna sem höfðu hlotið viðurkenningu frá Landsvirkjun fyrir framúrskarandi góð verkefni um raforku. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTINN

Í hornstein virkjunarinnar voru lögð ýmis skjöl á borð við teikningar af mannvirkinu, saga virkjunarframkvæmdanna og verkefni grunnskólanema. Þar var einnig lagt skjal frá samtökum andvígum Kárahnjúkavirkjun sem söfnuðust saman til mótmæla á Austurvelli á þeim tíma sem athöfnin eystra fór fram. **- shá**

# Helgar -sprengja

Nýtt kortatímabil




9.900

**Gasgrill**

**Outback**, Omega 200 EX,
6,2 kW, grillflötur 50x36 sm

3000235

Grilltangasett fylgir öllum grillum



3901470

amk. 20% afsláttur




af allri viðarvörn

# Fimmtudag til mánudags

**HÚSASMIÐJAN**

...ekkert mál

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 12.05.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,77 | 71,11 |
| Sterlingspund | 134,21 | 134,87 |
| Evra | 91,44 | 91,96 |
| Dönsk króna | 12,265 | 12,337 |
| Norsk króna | 11,777 | 11,847 |
| Sænsk króna | 9,767 | 9,825 |
| Japanskt jen | 0,6463 | 0,6501 |
| SDR | 106,19 | 106,83 |

*Gengisvísitala krónunnar*
126,4145

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félagar í Gusti samþykktu samning við Kópavogsbæ á fjölmennum fundi:

# Einhugur um flutninga

**SKIPULAGSMÁL** Félagsmenn í hestamannafélaginu Gusti samþykktu á fjölmennum fundi í fyrrakvöld samninga þá er gerðir hafa verið við Kópavogsbæ um flutning hesthúsahverfis félagsins frá Glaðheimum á Kjóavelli. Mikill einhugur ríkti á fundinum og kom fram þakklæti til þeirra er starfað hafa að samningagerðinni fyrir hönd félagsins, að því er segir í frétt frá félaginu.

Þó nokkrar umræður urðu á fundinum og spurðu menn um ýmis mál er varða frágang og útfærslu nýs hverfis. Samþykkti fundurinn tillögu þess efnis að fela stjórn félagsins að ljúka málinu og skipa þær nefndir og vinnuhópa er þurfa þykir í því ferli sem framundan er. Enn fremur taldi fundurinn af og frá að hægt væri að semja eingöngu um flutning þeirra sem nú eiga hesthús í Glaðheimum, heldur skyldi félagsmönnum öllum standa til boða að sækja um lóðir í nýju hverfi.

Loks samþykkti félagsfundurinn ályktun þar sem harmaður er málflutningur fulltrúa minnihluta í bæjarstjórn Kópavogs. Er hann í ályktuninni sagður skaða Gustsmenn og bæjarfélagið sem hafi hingað til stutt hestamannafélagið af heilum hug. -jss



**BÆJARSTJÓRI** Bæjarfélag Kópavogs hefur stutt Gust af heilum hug, segja félagsmenn.

Hæstiréttur dæmir nauðgara:

## Mildari dómur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur mildað dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir karlmanni vegna nauðgunar, úr átján mánuðum í fimmtán.

Maðurinn var ákærður fyrir nauðgun með því að hafa þröngvað konu með ofbeldi til samræðis eða annarra kynferðismaka. Héraðsdómur dæmdi hann í átján mánaða fangelsi, en ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu mannsins um áfrýjun. Jafnframt var af hálfu ákæruvaldsins þess krafist að refsing mannsins yrði þyngd. Hæstiréttur mildaði refsinguna en gerði manninum að greiða konunni sjö hundruð þúsund í skaðabætur, svo og allan sakarkostnað. -jss

Stöðvaðir fyrir hraðakstur:

## Handteknir með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn voru handteknir og færðir til skýrslutöku hjá lögreglunni í Reykjavík aðfaranótt föstudags eftir að fíkniefni fundust í bíl þeirra. Var bíll þeirra upphaflega stöðvaður vegna hraðaksturs en eftir viðræður við ökumann leituðu lögreglumenn í bílnum og komu þá fíkniefnin í ljós. Tekin var skýrsla af þeim á lögreglustöðinni í Reykjavík og þeim sleppt í kjölfarið. Ekki var um mikið magn að ræða að sögn lögreglu. - aöe

Lyfjanotkun hefur aukist:

## 6,1 milljarður í niðurgreidd lyf

**LYFJAVERÐ** Ríkið niðurgreiddi lyf fyrir tæpan 6,1 milljarð í fyrra. Greiðslan lækkaði um 5,3 prósent milli ára. Ríkið greiddi lyfjaframleiðendum 5,9 milljarða árið 2003 og 5,4 árið 2002.

Guðrún Gylfadóttir, deildarstjóri lyfjadeildar hjá Tryggingastofnun, útskýrir lækkun á lyfjaútgjöldum Tryggingastofnunar með breyttu gengi krónunnar sem hafði í för með sér verðlækkun á lyfjum. Síðan var gigtarlyfið Vioxx tekið af markaði. Það dró einnig úr notkun lyfja í sama flokki. Einnig gæti áhrifa samnings sem heilbrigðisráðuneytið og lyfjagreiðslunefnd hafa gert við lyfjaheildsala og Actavis.

„Ekki má samt gleyma því að lyfjanotkunin hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár,“ segir Guðrún. - gag

**NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN**

**BIRKIFRJÓKORNUM FÆKKAR**

Frjókornahrinan sem barst hingað til lands frá Evrópu virðist í rénun. Frjótala gærdagsins í Reykjavík fór niður fyrir hundrað en fór hæst í 456 á þriðjudag. Til samanburðar má nefna að á um það bil fjögurra vikna birkifrjótímabili vorið 2005 fór frjótala aldrei yfir sextíu.



**MICHAEL HAYDEN** Maðurinn sem ber ábyrgð á hlerunum og skráningu símtala hjá Þjóðaröryggisráði Bandaríkjanna er sá hinn sami og Bush forseti vill að taki við sem næsti yfirmaður leyniþjónustunnar CIA. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Þingmenn undrandi

**Bandarískir þingmenn krefja Bush forseta um skýringar á skráningu símtala í miðlægan gagnagrunn. Væntanlegur yfirmaður CIA einnig gagnrýndur.**

**WASHINGTON, AP** Uppljóstranir um að bandarísk stjórnvöld hafi safnað saman upplýsingum um innanlandssímtöl gætu haft áhrif á það hversu auðveldlega George W. Bush Bandaríkjaforseta tekst að fá bandaríska þingið til að samþykkja að herforinginn Michael Hayden verði næsti yfirmaður leyniþjónustunnar CIA.

Bush forseti stendur hins vegar fast við tilnefningu sína á Hayden í yfirmannsembætti CIA.

Hayden var yfirmaður Þjóðaröryggisráðs Bandaríkjanna, NSA, frá árinu 1999 þangað til í apríl á síðasta ári. Sú stofnun hefur sætt gagnrýni fyrir leynilegar hleranir, sem hún hefur stundað án dómsúrskurðar en þó með umdeildu leyfi frá Bush forseta. Nú bætist við að það er hún sem hefur safnað saman þessum skrám yfir innanlandssímtöl Bandaríkjamanna.

Þótt símtölin hafi ekki verið hleruð þá hafa bæði Repúblikanar og Demókratar á þingi lýst furðu sinni á þessu skráningarstarfi, sem bandaríska dagblaðið USA Today skýrði frá á fimmtudag.

Ron Wyden, Demókrati sem situr í leyniþjónustunefnd þingsins, sagði fréttirnar meðal annars vekja upp spurningar um trúverðugleika Haydens. „Hann er arkitekt þessa verkefnis. Hann kemur á fund leyniþjónustunefndarinnar og segist láta sig persónuvernd miklu varða,“ sagði Wyden.

„Stjórnvöld hlera ekki innanlandssímtöl án dómsúrskurðar,“ sagði Bush í stuttri yfirlýsingu sem hann sendi frá sér á fimmtudaginn. Hann vildi ekki staðfesta frásögn USA Today, en tók fram að stjórnvöld væru „ekki að kafa ofan í eða grandskoða persónulegt líf milljóna saklausra Bandaríkjamanna.“

Samkvæmt frásögn USA Today byrjuðu símafyrirtækin AT&T, Verizon og BellSouth að senda upplýsingar um símtöl viðskiptavina sinna til stjórnvalda fljótlega eftir árásirnar 11. september 2001. Blaðið segir að Þjóðaröryggisráðið ætli að koma sér upp gagnagrunni yfir öll innanlandssímtöl í Bandaríkjunum.

Fyrirtækin segjast gæta þess að vernda persónuupplýsingar viðskiptavina sinna, en hins vegar beri þeim einnig skylda til að aðstoða stjórnvöld í því að tryggja öryggi landsins.

gudsteinn@frettabladid.is



**EINAR K. GUÐFINNSSON OG BJÖRN KALSÖ** Sjávarútvegsráðherrarnir á ráðstefnu í Færeyjum í síðustu viku.

Sjávarútvegsráðherra Færeyja:

## Opinber heimsókn til Íslands

**SJÁVARÚTVEGUR** Björn Kalsö, sjávarútvegsráðherra Færeyja, kemur ásamt föruneyti í opinbera heimsókn til Íslands 15. maí næstkomandi í boði Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra.

Ráðherrarnir munu ræða á óformlegum fundi um þau mál sem efst eru á baugi í samskiptum þjóðanna á sjávarútvegssviðinu.

Í kjölfarið mun Kalsö kynna sér nokkur íslensk fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og á Vestfjörðum. Heimsókninni lýkur 17. maí. - sdg

Samfylkingin:

## Þrefalt markaðsverð hjá Gusti

**SKIPULAGSMÁL** Verð fyrir hvern fermetra í hesthúsum Gusts sem Kópavogsbær greiðir er þrefalt markaðsverð, segja bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar í Kópavogi, sem telja verðlagninguna óeðlilega.

„Fulltrúar Samfylkingarinnar hafa hvergi haldið því fram að það ætti „að semja eingöngu um flutning þeirra sem nú eiga hesthús í Gusti“ eins og fram kemur í frásögn af félagsfundinum á heimasíðu Gusts,“ segir enn fremur í yfirlýsingu Samfylkingarinnar. „Samfylkingin hefur þvert á móti lagt á það mikla áherslu í sínum málflutningi að félagið flytti í heild sinni.“ ■


**BÍLL DAGSINS**

**OPEL OMEGA 2.5 DIESEL**

Nýskr 02.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 168 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÍTIÐ AF FRJÓKORNUM**

Það var engin smá frjókornabylgja sem barst hingað með Evrópuloftinu sem lék um okkur í vikunni. Um miðja vikuna var Birkifrjómagn 456 stk. í rúmmetra lofts yfir sólarhringinn og hefur aldrei mælst svona hátt. Íslensku frjókornin eru að fara af stað og má búast við að um leið og hlýni taki grasfrjóið mikinn kipp. Um helgina er hitinn það lágur að lítið verður um frjó.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg breytileg átt. Léttskýjað. Hiti 4-8 stig.

## VEÐURSPÁ




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16°C hálfskýjað | London | 19°C skúrir | Alicante | 25°C hálfskýjað |
| Billund | 17°C léttskýjað | Berlín | 22°C skúrir | Róm | 22°C heiðskírt |
| Osló | 15°C skúrir | Frankfurt | 21°C skúrir | New York | 18°C þrumur |
| Stokkhólmur | 15°C skúrir | Madríd | 23°C hálfskýjað | San Francisco | 16°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 13°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 20°C skúrir | Orlando/Flórída | 29°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Ótrúlegt verð

## Vaxta- og verðbólgulaust tilboð

### Fáanlegt í Smáralind, Kringlu og markaði Hagkaupa Akureyri

**United 42" plasma sjónvarp**

- 42" plasma skjár
- Upplausn 852x480 punktar
- Progressive Scan
- HDTV Ready
- Skerpa: 3000:1
- Birta 1000 cd/m$^2$
- Mynd í mynd
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar
- Einföld fjarstýring




Vaxtalaust tilboð!
aðeins 9.999* kr
á mán. í 14 mánuði
Staðgreitt 139.986,-
Verð áður 159.990,-










**JVC LCD 32" sjónvarp**

- 32" LCD skjár
- Upplausn 1366x768 punktar
- HDTV Ready
- Skerpa: 1000:1
- Birta 500 cd/m$^2$
- Svartími 7ms
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar
- Borðstandur fylgir

**United LCD 32" sjónvarp**

- 32" LCD skjár
- Upplausn 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- HDTV Ready
- Skerpa: 800:1
- Birta 550 cd/m$^2$
- Svartími 12ms
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar
- Borðstandur fylgir

**Philips LCD 32" sjónvarp**

- 32" LCD Skjár
- Upplausn 1366x768 punktar
- Digital Crystal Clear og Progressive Scan
- HDTV Ready
- Skerpa: 1600:1
- Svartími: 8ms
- Birtustig: 500 cd/m2
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar
- Borðstandur fylgir

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 18. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Á ríkið að hefja innflutning á lyfjum?*

| | |
|---|---|
| Já | 85,5% |
| Nei | 14,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlarðu að sækja viðburði Listahátíðar?*

Segðu þína skoðun á Visir.is

vísir

Sjálfstæðisflokkurinn auglýsir mest í dagblöðum:

# Framsókn ein í sjónvarpi

**FJÖLMIÐLAR** Sjálfstæðisflokkurinn hefur auglýst oftast allra flokka í dagblöðum og Frjálslyndi flokkurinn næstoftast þegar fjöldi auglýsinga 1. mars til 9. maí er skoðaður. Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn sem auglýsir í sjónvarpi.

Tæpur þriðjungur af fjölda blaðaauglýsinganna er frá Sjálfstæðisflokknum, rúmur fimmtungur frá Frjálslynda flokknum og minna frá Framsóknarflokknum, Samfylkingunni og Vinstri hreyfingunni - grænu framboði. Þetta kemur fram í tölum úr auglýsingamarkaði IMG Gallup.

Þegar magnið er skoðað kemur í ljós að Sjálfstæðisflokkurinn tekur mesta auglýsingaplássið í dálksentimetrum talið, eða 34 prósent, Framsóknarflokkurinn næstmest, eða 23 prósent, og aðrir flokkar minna.

Sjálfstæðisflokkurinn auglýsir mest í Morgunblaðinu, eða 53 prósent, og næstmest í Fréttablaðinu, 38 prósent. Framsóknarflokkurinn auglýsir mest í Fréttablaðinu og minnst í Blaðinu, Samfylkingin auglýsir mest í Fréttablaðinu en ekkert í Blaðinu, Frjálslyndi flokkurinn auglýsir mest í Blaðinu og loks auglýsir Vinstri hreyfingin - grænt framboð nánast eingöngu í Fréttablaðinu, eða sem nemur 86 prósentum af auglýsingamagni flokksins. - ghs







# Sjálfstæðisflokkur með tæpan helming

**Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 46,7 prósenta fylgi í Árborg samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Samfylking mælist með 28,3 prósenta fylgi, Framsóknarflokkur 13,6 prósent og vinstri grænir 11,3 prósent.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins er Sjálfstæðisflokkur með mest fylgi í sveitarfélaginu Árborg fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar, 46,7 próent. Samkvæmt því myndi flokkurinn fá fjóra bæjarfulltrúa kjörna. Stefna flokksins virðist höfða jafnt bæði til karla og kvenna, því enginn munur er á afstöðu kynjanna til Sjálfstæðisflokksins.

Þetta er mikil aukning á fylgi frá síðustu sveitarstjórnarkosningum þegar flokkurinn hlaut 25,1 prósent atkvæða og tvo bæjarfulltrúa kjörna. Þetta fylgi er þó aðeins minna en mældist í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar og birt var 11. apríl. Þá mældist Sjálfstæðisflokkurinn með 50,9 prósenta fylgi.

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins er Samfylking nú annar stærsti flokkurinn í sveitarfélaginu og sögðust 28,3 prósent þeirra sem tóku afstöðu myndu kjósa flokkinn. Konur eru, samkvæmt könnuninni, aðeins líklegri til að kjósa Samfylkingu en karla, en 27 prósent karla sögðust myndu kjósa flokkinn en 29,9 prósent kvenna.

Samfylkingin dalar verulega frá síðustu sveitarstjórnarkosningum þegar flokkurinn hlaut 40,8 prósent atkvæða og fjóra bæjarfulltrúa kjörna. Stuðningur við flokkinn mælist hins vegar aðeins meiri nú en í könnun Félagsvísindastofnunar þegar 21,8 prósent sögðust myndu kjósa Samfylkinguna.

13,6 prósent segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn nú og fengi flokkurinn samkvæmt því einn bæjarfulltrúa kjörinn. Lítill munur er á fylgi flokksins eftir kyni.

Fylgi við Framsóknarflokkinn er nú mun minna en í síðustu sveitarstjórnarkosningum þegar flokkurinn hlaut 27,8 prósent atkvæða og þrjá bæjarfulltrúa kjörna. Fylgi við Framsóknarflokkinn dalar einnig frá könnun Félagsvísindastofnunar þegar 18,2 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn.

11,3 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust myndu kjósa Vinstri-græna nú. Samkvæmt því fengi flokkurinn einn bæjarfulltrúa kjörinn. Nokkuð fleiri karlar en konur segjast myndu kjósa Vinstri-græna eða 13,2 prósent karla á móti 9,0 prósent kvenna.

Í síðustu sveitarstjórnarkosningum hlaut flokkurinn 6,4 prósent atkvæða og engan fulltrúa kjörinn. Vinstri grænir bæta því verulega við sig frá kosningum. Flokkurinn er einnig að bæta við sig fylgi frá könnun Félagsvísindastofnunar þegar 8,8 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn.

Hringt var í 600 íbúa Árborgar fimmtudaginn 11. maí og föstudaginn 12. maí og skiptust svarendur jafnt milli kynja.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til sveitarstjórnarkosninga nú. 63,5 prósent spurðra tóku afstöðu til spurningarinnar.

Mikil fólksfjölgun hefur átt sér stað í Árborg frá síðustu sveitarstjórnarkosningum og hafa leiðtogar listanna sagt að vaxtarverkir væru helsta vandamál Árborgar. Því var einnig spurt hvort sveitarfélagið hefði brugðist á réttan hátt við fólksfjölgun í Árborg. 53,7 prósent þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar töldu að sveitarfélagið hefði brugðist við á réttan hátt, en 46,3 prósent töldu svo ekki vera. Nokkur munur var á afstöðu kynjanna til þessarar spurningar, en 48,6 prósent kvenna töldu að sveitarfélagið hefði brugðist við á réttan hátt við fólksfjölguninni, en 51,4 prósent kvenna töldu svo ekki vera. 58,7 prósent karla töldu sveitarfélagið hafa brugðist rétt við, en 41,3 prósent svöruðu spurningunni neitandi. 82,0 prósent spurðra tóku afstöðu til þessarar spurningar.

svanborg@frettabladid.is







Samfylkingin | Reykjavík 2006

Hverfahátíð í Mjódd
frá kl. 12-14 í dag

Frambjóðendur á staðnum
Fjölbreytt skemmtiatriði

Stefán Jón og Björk svara fyrirspurnum kjósenda

XS - Allir með

Kæra úrskurð kjörstjórnar til bæjarstjórnar Hveragerðis:

# Þjónaði ekki skyldum sínum

**KOSNINGAR** Vinstri hreyfingin - grænt framboð hefur kært úrskurð kjörstjórnar í Hveragerði um að hafna kjörgengi Kolbrúnar Óskar Guðmundsdóttur, sem er frambjóðandi í 10. sæti, auk þess að leggjast gegn því að Hildur Svala Karlsdóttir verði tilnefnd sem nýr frambjóðandi á listanum, í stað Kolbrúnar Óskar.

Vinstri hreyfingin - grænt framboð skilaði inn framboðslista 6. maí en við athugun kom í ljós að Kolbrún Ósk Guðmundsdóttir var ekki með lögheimili í Hveragerði.

Umboðsmaður framboðslistans, Finnbogi Vikar Guðmundsson, fékk í kjölfarið leiðbeiningar frá kjörstjórn Hveragerðis um að færa lögheimili Kolbrúnar Óskar til Hveragerðis. Var veittur frestur til þess að ganga frá þeim málum fyrir 10. maí.

Atli Gíslason, lögmaður og varaþingmaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, segir vinnubrögð kjörstjórnar einkennileg. „Hlutverk kjörstjórna er að auðvelda framboðum að bjóða fram lista, en ekki að leggja stein í götu þeirra. Það er lýðræðisleg skylda kjörstjórna í þessu tilviki, að heimila þær úrbætur á listanum sem framboðið óskaði eftir.“


ATLI GÍSLASON

Garðar Hannesson, sem situr í kjörstjórn Hveragerðis, segir stjórnina ekki hafa getað gert annað en að verða ekki við óskum umboðsmanns listans. „Það var veittur frestur til þess að flytja lögheimili en ekki til þess að gera breytingar á listanum. Samkvæmt lögum er ekki heimilt að gera breytingar á listanum nema frambjóðandi deyi.“

Bæjarstjórn Hveragerðis tekur kæruna fyrir á næstu dögum. - mh



ALLT TIL ALLS!
ALLTAF ÓDÝRT Í RÚMFATA-LAGERNUM
AÐEINS ÓDÝRARI
ALLT SETTIÐ
29.900,-
„BALI" BASTSETT
Loksins komið aftur þetta vinsæla bastsett! Í settinu er sófi, 2 stólar ásamt borði með glerplötu. Allar sessur eru einnig innifaldar í verðinu.
BORÐ + 2 STÓLAR
12.900,-
„BIRMINGHAM" BORÐ + 2 „MARINE" STÓLAR
Borðið er 70 sm í þvermál. Úr gegnheilum harðviði. 2 „Marine" stólar. Tilvalið borð og stólar þar sem lítið pláss er.
Borð 7.990,- Stóll 4.990,-
1.990,-
„COLORADO" GRILL
Gott kolagrill á fínu verði. Grillið er 43 sm í þvermál.
SPARIÐ 1.000,-
VERÐ ÁÐUR 1.990,-
990,-
„ FREYJA" SÆNG
Létt og þægileg sæng með 700g polyester fíberfyllingu. Áklæði polyester og bómull. St. 140x200 sm.
1.990,-
SJÓNAUKI 10X50
Á að ganga á Esjuna, Kaldbak eða Snæfell! Þá er þessi sjónauki tilvalinn ferðafélagi. Stækkar 10x50.
1.490,-
BADMINTONSETT
Frábært sett með 4 spöðum, kúlu og neti.
790,-
BARNASTÍGVÉL
Flott barnastígvél með grófum sóla. Góðir hankar til að toga sig í stígvélin. St. 25-35.
„TOP ROLLER" PLASTKASSI
Á hjólum.
St. 60x40x34,5 sm.
1.290,-
ALLTAF ÓDÝRT Í RÚMFATA-LAGERNUM
AÐEINS ÓDÝRARI
POWER
299,-
ALKALINE RAFHLÖÐUR
10 stk. Stærð AA og AAA.
5.990,-
„LUX" GESTARÚM
Sterkt og gott rúm með trébotni og svampdýnu með bómullaráklæði. Stærð 80 x 193 sm.
299,-
1 LTR. VATNSBRÚSI
Flottur vatnsbrúsi með tappa.
Góður 1 ltr. vatnsbrúsi í ferðalagið.
-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

NISSAN PATHFINDER

PATHFINDER HEFUR VINNINGINN!



Tilboð 230.000 kr. aukapakki!

Það hefur líklega aldrei verið hagstæðara að kaupa sér alvöru jeppa. Nissan Pathfinder blandar skemmtilega saman krafti fjallajeppa eins og þeir gerast bestir og lipurð flottustu götubíla. Útkoman hefur slegið eftirminnilega í gegn enda er sama hvaða samanburð þú gerir, Pathfinder hefur vinninginn!

Líttu inn og reynsluaktu.

Öllum Pathfinder sem keyptir eru fylgja auka 32" dekk, húddhlíf dráttarbeisli og olíukort frá EGO með 50.000 kr. inneign!

Verðið á Nissan Pathfinder er frá 4.290.000 kr.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16



Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta



Ef þú bókar bílaleigubílinn heima á Íslandi bíður hann þín á áfangastað. Hver leiga færir þér 500 Vildarpunkta að auki. Bókaðu bílinn núna í 50 50 600 og tryggðu þér meira öryggi og betri þjónustu á ferðum þínum erlendis hvert sem leið þín liggur.

Safnaðu Vildarpunktum

Hertz

50 50 600 • www.hertz.is


## SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR

Sveitarfélagið Hornafjörður varð til árið 1998 með sameiningu allra sveitarfélaga í Austur-Skaftafellssýslu. Íbúafjöldinn 1. desember í fyrra var 2.189 en þar af búa flestir á Höfn. Bæjarstjórn er skipuð sjö fulltrúum.

### ÚRSLIT KOSNINGANNA 2002

Á kjörskrá voru 1.582 og kjörsókn var 80%

**Listi Framsóknarmanna og stuðningsmanna þeirra (B)** - 475 atkvæði - 3 fulltrúa.

**Listi Sjálfstæðismanna (D)** - 455 atkvæði - 3 fulltrúa.

**Listi Kríunnar - samtaka óháðra og félagshyggjufólks (H)** - 261 atkvæði - 1 fulltrúa.

Meirihlutasamstarf er með **Framsóknarmönnum** og stuðningsmönnum þeirra (B) og **Sjálfstæðismönnum** (D).

**Bæjarfulltrúar B-listans:**
Elín Magnúsdóttir fótaaðgerðafræðingur.
Reynir Arnarson útgerðarmaður.
Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri.

**Bæjarfulltrúar D-listans:**
Halldóra B. Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar.
Björn Emil Traustason verksmiðjustjóri.
Einar Karlsson sláturhússtjóri.

**Bæjarfulltrúi H-listans:**
Kristín G. Gestsdóttir nemi.

### KOSNINGAR 2006

**Efstu menn B-listans:**
**1.** Reynir Arnarson framkvæmdastjóri.
**2.** Elín Magnúsdóttir fótaaðgerðafræðingur.
**3.** Sigurlaug Gissurard. ferðaþjónustubóndi.
**4.** Ásgrímur Ingólfsson skipstjóri.

**Efstu menn D-listans:**
**1.** Halldóra B. Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar.
**2.** Björn Ingi Jónsson rafeindavirkjameistari.
**3.** Björk Pálsdóttir skrifstofumaður.
**4.** Einar Karlsson sláturhússtjóri.

**Efstu menn S-listans:**
**1.** Árni Rúnar Þorvaldsson kennari.
**2.** Guðrún Ingimundardóttir stuðningsfulltrúi.
**3.** Erna Gísladóttir leiðbeinandi.
**4.** Stephen Róbert Johnson sjómaður.



Hornfirðingar hafa um þrjá lista að velja:

# Margt nýtt fólk

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR Hornafjörður 2006

**KOSNINGAR** Þrír flokkar bjóða fram lista í sveitarfélaginu Hornafirði en síðast voru þeir einnig þrír. Munurinn nú er sá að í stað H-lista, lista Kríunnar, sem samanstóð af óháðum og félagshyggjufólki. kemur listi Samfylkingar, sem hefur ekki áður boðið fram til sveitarstjórnar.

Listar framsóknar- og sjálfstæðismanna hafa tekið miklum breytingum á milli kosninga en ríflega helmingur frambjóðenda Framsóknarflokksins átti ekki sæti á B-listanum í síðustu kosningum. Sjálfstæðisflokkurinn hélt prófkjör og þar á bæ eru breytingarnar heldur meiri en einungis fimm af fjórtán frambjóðendum flokksins voru á D-listanum síðast. Líkt og víða um land er fólksfækkun eitt helsta vandamál Hornfirðinga. Á sjö ára tímabili, frá 1998 til 2005, fækkaði íbúum sveitarfélagsins um ríflega hálft þriðja hundrað, úr 2.446 í 2.189, eða um rúm 10 prósent.

Varnarbarátta, með tilheyrandi aðhaldi í rekstri, hefur því sett mark sitt á framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins undanfarin ár. Áhrifa vegna byggingar álvers í Reyðarfirði gætir sáralítið á Höfn en þrátt fyrir það eru Hornfirðingar almennt fremur bjartsýnir á framtíðarhorfur sveitarfélagsins. Mikill fjöldi ferðamanna kemur ár hvert til Hornafjarðar og binda Hornfirðingar vonir við að þeim eigi eftir að fjölga enn frekar í kjölfar stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs. **- kk**

Árni R. Þorvaldsson S-lista:

## Samfylkingin nýr valkostur



Árni Rúnar Þorvaldsson grunnskólakennari leiðir lista Samfylkingar sem býður í fyrsta sinn fram á Hornafirði í sveitarstjórnarkosningum. „Listinn samanstendur af fólki sem aðhyllist jafnaðarstefnu og vill leggja sitt af mörkum til að gera gott samfélag betra. Málefni eldri borgara eru í forgangi og við leggjum mikið upp úr samvinnu og samráði við eldri borgara. Markmiðið er að komast í meirihluta sem leggur áherslu á félagslegar lausnir í þeim málaflokki.“

Árni segir brýnt að líta á allt sveitarfélagið sem heild. „Sveitarfélagið er víðfemt en ekki mjög fjölmennt. Því er mikilvægt að þeir sem veljast til starfa fyrir sveitarfélagið hugsi alltaf um hagsmuni heildarinnar.““

Atvinnumálin eru einnig ofarlega á blaði hjá Samfylkingunni. „Í því sambandi er mikilvægt að líta til uppbyggingar Vatnajökulsþjóðgarðs og þar þarf að vanda til verka,“ segir Árni.

Reynir Arnarson B-lista:

## Stöðug atvinna og góð þjónusta



Reynir Arnarson framkvæmdastjóri skipar efsta sæti hjá framsóknarmönnum en hann var í öðru sæti B-lista í síðustu kosningum. Hann segir helstu áherslur flokksins á næsta kjörtímabili tengjast velferðarmálum almennt, ásamt atvinnu- og skipulagsmálum. „Auka þarf fjölbreytni í störfum á svæðinu og huga að lóðaframboði á Höfn. Mikilvægt er að ljúka endurskoðun aðalskipulags en við þá endurskoðun munum við leggja áherslu á að jarðgöng undir Lónsheiði, milli Lóns og Álftafjarðar, verði sett á aðalskipulag.“

Reynir segir Framsóknarflokkinn einnig leggja áherslu á stækkun hjúkrunarheimilisins, í samvinnu við ríkið, og að lokið verði framkvæmdum við sundlaugina og tengd mannvirki,

„Stöðug atvinna og hátt þjónustustig eru helstu markmið B-listans. Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að bæta þann góða grunn sem við byggjum á,“ segir Reynir.

Halldóra B. Jónsdóttir D-lista:

## Viljum bæta gott samfélag



Halldóra Bergljót Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar, er efst á lista sjálfstæðismanna. Hún segir þá hafa haft forgöngu um að styrkja samfélagið á Höfn og bendir í því sambandi á þjónustusamninga við ríkið varðandi heilbrigðis- og öldrunarmál og málefni fatlaðra.

„Það er mikilvægt að fá aukinn stuðning við starfsemina í Nýheimum, sérstaklega Háskólasetrið og Frumkvöðlasetrið, en tilkoma Nýheima hafði mjög jákvæð áhrif á hornfirskt samfélag.“

Halldóra segir sjálfstæðismenn vilja styðja við einkaframtakið í atvinnumálum og skapa atvinnulífinu almennt góða umgjörð. „Við viljum halda áfram á þeirri braut sem við höfum verið á og gera gott samfélag enn betra. Helstu sóknarfæri okkar í atvinnumálum nú tengjast ferðaþjónustu. Þar skiptir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs miklu en einnig munum við berjast fyrir umbótum á Hornafjarðarflugvelli svo þar geti lent minni þotur,“ segir Halldóra.

Landnámssýningin
The Settlement
Exhibition

# Til hamingju Reykvíkingar

## Í tilefni opnunar sýningarinnar er aðgangur ókeypis helgina 13.–14. maí

## Verið velkomin!

# Reykjavík 871±2

Landnámssýningin við Aðalstræti veitir gestum tækifæri til að skyggnast inn í lífið á landnámsöld. Miðpunktur sýningarinnar er skálarúst frá 10. öld og veggjarbrot frá því fyrir 871 ±2 sem er elsta mannvirki sem fundist hefur á Íslandi.

Margmiðlunartækni gerir gestum kleift að ímynda sér hvernig lífi heimilisfólksins í fyrstu byggð Reykjavíkur var háttað og hvernig umhverfi og landslag borgarinnar var við landnám.

Sýningin er opin alla daga frá 10–17

Aðalstræti 16
101 Reykjavík

www.reykjavik871.is
Sími 411 6370

Reykjavíkurborg
Minjasafn Reykjavíkur

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.629 **+1,99%** **Fjöldi viðskipta:** 380 **Velta:** 21.195 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Landsbankinn** | +4,23% | **Flaga** | -1,73% |
| **Actavis** | +2,69% | **Bakkavör** | -0,80% |
| **Straumur-Burðarás** | +2,38% | **Avion Group** | -0,27% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,00 +2,69% ... Alfesca 3,75 +0,00%... Atorka 5,80 +0,87% ... Bakkavör 49,50 -0,80% ... Dagsbrún 5,12 +0,79% ... FL Group 18,30 +1,67% ... Flaga 3,97 -1,73% ... Glitnir 17,00 +1,19% ... KB banki 767,00 +2,13% ... Kögun 74,50 +0,00% ... Landsbankinn 22,20 +4,23% ... Marel 70,30 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,40 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,20 +2,38% ... Össur 105,50 +0,48%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Woodstock kapitalistanna

Í flestum þáttum mannlífsins eru einstaklingar sem hafa slíka yfirburði að minni spámenn fá í hnén í návist þeirra. Í heimi fjárfesta er Warren Buffet slíkur maður. Hann er Bach, Rembrandt eða Pelé fjárfestanna allt eftir því úr hvaða heimi menn vilja draga samanburðinn. Fjárfestingarsjóður Buffets, Berkshire Hathaway, hefur skilað frábærri ávöxtun og áratugum saman hefur Buffet sigrað markaðinn og gert fylgismönnum kenninga um skilvirkan ósigrandi markað lífið leitt.

Árlega sækja tugir þúsunda aðalfund Berkshire Hathaway sem stundum er nefnt Woodstock kapitalistanna. Í ár var mikið um dýrðir og þeir félagar gerðu að vanda óspart grín að sjálfum sér í bland við alvarleg skilaboð til fjármálaheimsins sem ávallt er hlustað á með mikill eftirvæntingu. Íslendingar áttu fulltrúa á þessari hátíð, en Sigurður Einarsson, Hreiðar Már Sigurðsson frá Kaupþingi voru á staðnum ásamt fleirum.

### Buffet vill stöðugri krónu

Í boði fyrir fjárfesta spjölluðu þeir Hreiðar og Sigurður við Buffet og Bill Gates og vatt Hreiðar Már sér að Buffet og spurði hvers vegna hann hefði ekki fjárfest á Íslandi. Buffet er þekktur fyrir að kaupa stóran hlut í velreknum fyrirtækjum sem hann telur vanmetin og eiga þau til eilífðar. Meðal slíkra fyrrtækja er Coca Cola. Ekki var komið að tómum kofanum hjá þeim gamla sem svaraði um hæl. „You must stabilize your krona." Síðan bætti hann við: „En þið eigið góða bridsspilara. Ég spila við þá á netinu og svo drekkið þið mikið kók, þannig að þetta getur ekki verið svo slæmt hjá ykkur. Þið þurfið bara að koma gjaldmiðlinum í lag." Svo mörg vor þau orð spásagnarinnar frá Omaha eins og Buffet hefur stundum verið nefndur.



## MARKAÐSPUNKTAR...

Gengi krónunnar veiktist í gær. Fimmtán mínútum eftir opnun markaða hafði krónan veikst um 2,5 prósent. Við lokun markaða stóð gengisvísitalan í 125,4 stigum sem jafngildir 1,3 prósenta veikingu krónunnar.

Bakkavör Group hf. lauk í gær kaupum á einum stærsta framleiðanda kældra eftirrétta í Bretlandi, Laurens Patisseries, fyrir 17,6 milljarða króna. Barclays fjármagnar kaupin en auk þess er hluti kaupverðsins greiddur með hlutabréfum í Bakkavör Group.

Atvinnuleysi mældist 1,3 prósent í apríl og lækkaði um 0,2 prósentustig frá fyrra mánuði. Alls voru skráðir 42.226 atvinnuleysisdagar á landinu öllu sem jafngildir því að 2.112 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisskrá í mánuðinum.

# Innleyst í Bakkavör

Kaupþing banki nýtti sér breytirétt á skuldabréfi í Bakkavör fyrir um sautján milljarða króna.

Skuldunum var breytt í hlutabréf og seld fagfjárfestum. Þar með innleysir Kaupþing verulegan hagnað sem myndast hefur frá árinu 2001. Áhætta bankans af eign á hlutabréfamarkaði minnkar sem þessu nemur. Bréfin hafa um tífaldast að virði frá því að skuldabréfið var gefið út.

Mikil eftirspurn reyndist eftir þessu nýja hlutafé. Exista sem er stærist hluthafi Bakkavarar jók hlut sinn úr tæpum 23 prósentum í 25,5 prósent. Exista hafði rétt og hug á að auka hlut sinn frekar, en áhugi fagfjárfesta reyndist mikill og gaf Exista því eftir og lífeyrissjóðir og aðrir fjárfestar keyptu hlutinn.

Salan gekk því vel, sérstaklega ef litið er til markaðsaðstæðna að undanförnu sem hafa verið fremur erfiðar.

-hh

# Hagnaður Actavis þrefaldast

Hagnaður Actavis á fyrsta ársfjórðungi þessa árs er þrefaldur miðað við sama tíma í fyrra.

Hagnaður fyrirtækisins nam 31,3 milljónum evra, eða sem jafngildir rúmlega 2,8 milljörðum króna. Í fyrra nam hagnaðurinn 10,4 milljónum evra.

Hagnaður Actavis er hátt yfir spám bankanna. „Afkoman var yfir væntingum stjórnenda Actavis en þrátt fyrir það sjá þeir ekki ástæðu til þess að hækka áætlun sína fyrir árið í heild," segir greiningardeild Landsbankans og þykir sem það bendi til að næstu ársfjórðungar verði ekki eins góðir.

- óká

# Metútgáfa skuldabréfa

**Mikil eftirspurn var eftir skuldabréfum í nýafstaðinn útgáfu Kaupþings banka í Bandaríkjunum. Morgan Stanley skrifaði vel um bankana í gær.**

Kaupþing banki hefur gengið frá fjármögnun út þetta ár og fram á hálft næsta ár með nýafstaðinni útgáfu skuldabréfa í Bandaríkjunum. Gefin voru út bréf fyrir 1,25 milljarða bandaríkjadala, eða sem nemur 88,5 milljörðum króna.

Guðni Aðalsteinsson framkvæmdastjóri fjárstýringar bankans segir menn að vonum ánægða, enda Íslandsmet slegið í verðmæti. Bankinn átti líka fyrra met, 1,25 milljarða dala, en verðmætið er meira nú vegna gengisins.

Bréfin eru með gjalddaga árið 2016 og kjörin 200 punktum yfir ávöxtunarkröfu bandarískra ríkisskuldabréfa. Kaupendurnir voru bandarískir stofnanafjárfestar. Mikil umframeftirspurn var í útboðinu. Alls höfðu fjárfestar skráð sig fyrir rúmum tveimur milljörðum dala þegar ákveðið var að loka áskriftarbókinni.

Kjör bankans í útgáfunni segir Guðni ágæt. „Þau endurspegla að nokkru kjörin sem boðist hafa í Evrópu," segir hann og bætir við að þarna fari líka fram í fyrsta sinn víkjandi útgáfa til tíu ára sem rýri kjörin aðeins. „En það er mikil hamingja með þetta hjá okkur. Til voru þeir sem höfðu ekki trú á því að þetta væri hægt, miðað við ríkjandi markaðsaðstæður. Við höfum hins vegar verið að benda á styrkar undirstöður bankans og þær endurspeglast í útboðinu," segir hann.

Við góðan árangur Kaupþings banka vestra bætist jákvæður tónn í nýrri skýrslu greiningardeildar Morgan Stanley sem út kom í gær. Markaðurinn brást vel við henni og hækkaði úrvalsvísitalan um 1,99 prósent. Þá hækkaði gengi bréfa allra viðskiptabankanna.

Í skýrslu Morgan Stanley eru kauptækifæri sögð í skuldabréfum íslensku bankanna, sérstaklega í bréfum Kaupþings og Landsbankans. Sérstaklega er mælt með kaupum á víkjandi lánum bankanna þar sem áhættuálag á þau sé of hátt og því spáð að það eigi eftir að lækka enn frekar fljótlega. Áhættuálagið var á bilinu 65 til 90 punktar yfir vöxtum á millibankamarkaði í Evrópu þegar bankinn birti skýrslu um bankana 13. mars og taldi álagið of hátt. Núna er álagið á bilinu 37 til 55 punktar og bankinn segir það enn of hátt, eðlilegt sé samt að álag á bréf íslenskra banka sé hærra en annarra með svipaðar lánshæfieinkunnir.

olikr@frettabladid.is





VORAFSLÁTTUR
ÖLL GARÐHÚSGÖGN
20 % AFSLÁTTUR
NÝ SENDING!
ALDREI MEIRA ÚRVAL!
Weber - Sterling
Góð grill
– fyrir vandláta!
GARÐHÚSGAGNASETT
STÖK BORÐ
STÓLAR
BEKKIR
SÓLBEKKIR
SESSUR Í STÍL!
STJÚPURNAR KOMNAR
TILBOÐ
SÓLBOÐI 690 kr.
TILBOÐ
GEISLASÓPUR 980 kr.
TILBOÐ
Ástareldur í körfu
595kr
TILBOÐ
Rós með vasa og hjarta
350kr
TILBOÐ
Skreyting
1500kr
TILBOÐ
Blómvöndur
1500kr
Aðeins það besta fyrir mömmu: ÍSLENSK BLÓM Á MÆÐRADAGINN
TILBOÐ
TURBO KALK
BLÁKORN
Turbokalk
990kr
Blákorn 5kg
445kr
TILBOÐ
Raser
Rafmagnssláttuvél
12.980kr
TILBOÐ
Raser
Bensínsláttuvél
27.950kr
TILBOÐ
CASORON
Herbicida granulado
Casoron
1.980kr
ALLT TIL AÐ GERA GÓÐAN GARÐ ...Á GÓÐU VERÐI!
GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:
Blákorn: er góður alhliða áburður á tré, gras og matjurtir.
5kg á 250m2
Graskorn: örvar grasvöxtinn
5 kg á 125 m2
GARÐHEIMAR
allt í garðinn á einum stað!
GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:
Turbokalk:
- er kalk með smá köfnunarefni.
- Notist á grasflöt á vorin.
- Gegn mosa - örvar grasvöxt.
- Magn 12.5 kg á 150 m2
Stekkjarbakka 6 - skiptiborð 540 3300 - www.gardheimar.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Stefnuskrá Háskóla Íslands fram til 2011:

## Metnaðarfullt markmið

Rektor Háskóla Íslands, Kristín Ingólfsdóttir, hefur kynnt stefnu skólans til næstu fimm ára. Þar eru sett fram metnaðarfull markmið um vöxt og viðgang skólans, sem vonandi tekst að ná og fróðlegt verður að fylgjast með hvernig þróast.

Nýr háskólarektor hefur hleypt nýju lífi í háskólaumræðuna hér á landi, sem þarf að vera stöðug og lifandi og í takt við tímann. Meginstarfsemi Háskóla Íslands byggðist á sínum tíma á því að útskrifa menn til embættisstarfa í hinu opinbera stjórnkerfi, svo sem lögfræðinga, presta og lækna og síðar komu svo verkfræðingar og viðskiptamenntaðir menn. Nú aftur á móti er fjöldi námsbrauta í Háskóla Íslands bæði mikill og fjölbreyttur í takt við tímann.

Háskóli þarf annars vegar að standa undir nafni sem vísindastofnun og hins vegar að sjá þjóðfélaginu fyrir vel menntuðu fólki til að annast hin margvíslegustu störf, þar sem í síauknum mæli er gerð krafa um háskólamenntun, ekki síst til að standast alþjóðlega samkeppni. Það er því ekki aðeins varðandi fjölda doktora sem háskólar þurfa að standa sig, heldur ekki síður varðandi gott og vandað hagnýtt nám til þess að hér geti þrifist gott þjóðfélag.

Nýju háskólarnir hafa breytt háskólalandslaginu hér á landi, og það svo að margir hafa spurt sig hvort við þurfum virkilega svona marga háskóla í 300 þúsund manna samfélagi. Í hinni nýju stefnuskrá HÍ er talað um að breyta skora- og deildaskiptingu skólans og talað um að skipta honum upp í skóla sem hver um sig starfi í aðgreindum deildum. Þá er talað um hugsanlega sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Spurningin er hvort yfirvöld menntamála ættu ekki að huga að enn frekari breytingum, þannig að hér yrði starfræktur einn stór háskóli, og hinir háskólarnir sem hér eru yrðu þá hluti af honum og sérhæfðu sig á sérstökum sviðum. Þannig yrði til einn stór og sterkur íslenskur háskóli, sem gæti tekist á við verðug verkefni á ýmsum sviðum, þar sem Íslendingar gætu verið í fararbroddi vegna sérstöðu sinnar, svo sem varðandi hafið og auðlindir þess og jarðhitans hér í jörðu. Nú þegar eru starfandi tveir háskólar hér á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem sinna kennslu á þessum sviðum fyrir tugi útlendinga á hverju ári og þar væri grunnur til að þróa og byggja á. Í landi þar sem landbúnaður er stundaður á mörkum hins byggilega heims eru tveir háskólar á þessu sviði. Er ekki skynsamlegra að hafa einn öflugan landbúnaðarháskóla miðað við núverandi aðstæður, nema öllum skólunum yrði steypt saman?

Það er metnaðarmál hvers háskóla að hafa sem best menntað starfslið og geta sýnt fram á góðan árangur. Nemendurnir sem þeir útskrifa eru besti vitnisburðurinn um skólana. Síðan koma alls konar viðurkenningar á alþjóðavettvangi og einna hæst ber þar hve marga Nóbelsverðlaunahafa hver skóli á. Í umræðum um eflingu Háskóla Íslands hafa menn varpað því fram í gamansömum tón, að eitt af því sem gæti auki hróður hans væri ef hann yrði sameinaður MR, en þar hafa tveir Nóbelsverðlaunahafar stundað nám, Halldór Kiljan Laxness og Niels Ryberg Finsen sem fékk Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1903.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ótrúleg sóknarfæri

Nú hlýtur klisjan um að sóknarfæri felist í hinu og þessu að hafa gengið sér til húðar eftir að Reynir Valbergsson, bæjarstjóraefni A-listans í Reykjanesbæ, sagðist sjá sóknarfæri í þeirri stöðu að nær tveir af hverjum þremur kysu höfuðandstæðinginn, Sjálfstæðisflokkinn, og A-listinn tapaði 14 prósentum. Það er svo aðeins spurning um það hvernig mönnum reiðir af með klisjuna um varnarsigur ef þeir bíða afhroð í kosningunum. Þessar klisjur virðast þó ekki getað bjargað mönnum algjörlega eftir kosningar. Til dæmis reyndust þær Berlusconi skammgóður vermir eftir að kosningaúrslit lágu fyrir á Ítalíu og þá lét hann sig bara hverfa um stundarsakir. Það leynast örugglega sóknarfæri í því líka.



### Áhyggjur af æskunni

Stafgöngudagurinn er í dag og því þeysast menn með tvo stafi um borg og bý. Það virðist þó ekki vera sama hvernig gengið er með stafina því til eru sérstök námskeið þar sem þessi kúnst er kennd svo að menn séu ekki eins og jólasveinar við þetta. Jóna Hildur Bjarnadóttir stafgöngukennari sagði í viðtali á NFS í vikunni að stafganga væri einnig vinsæl meðal ungs fólks. Oft hafa þeir eldri haft áhyggjur af því sem ungt fólk tekur sér fyrir hendur en er það ekki einnig áhyggjuefni ef æskan hefur ekkert skemmtilegra að gera en að ganga um með stafi?

### Hef áhyggjur af þessu, verð að segja það

Og meira af áhyggjum. Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, hefur boðið framsóknarmönnum í námskeið um samvinnuhugsjónina. Hann segir á vef sínum að hann hafi þungar áhyggjur af framsóknarmönnum og telur þá augljóslega hafa afvegaleiðst frá uppruna sínum því þeir hafi staðið fyrir byggðaröskun, aukinni misskiptingu í landinu, tilfærslu eigna almennings til vildarvina flokksins og stutt Íraksstríðið. Framsóknarmenn í Skagafirði hafa einnig áhyggjur, en ekki af sjálfum sér heldur af framboði Frjálslyndra og óháðra víða um land. Eflaust eru þessar áhyggjur allar mjög í anda framsóknarmanna eða eins og karlinn sagði: „Ég hef áhyggjur af því, ég verð að segja það.“ Það er því gott hjá Sigurjóni að hafa áhyggjur á meðan námskeiðið stendur til boða.



jse@frettabladid.is

## Þeim var ég verst er ég unni mest

Í DAG
FJÖLMIÐLAR
ELLERT B. SCHRAM



Fjölmiðlarnir gegna mikilvægu hlutverki í stjórnmálaumræðunni. Hvar værum við án þeirra? Og mikið er það nú gott og blessað að vera laus við hin pólitísku málgögn, sem tíðkuðust hér áður fyrr. Farið hefur fé betra. Fréttir eru allajafna fluttar af hlutleysi og málefnum líðandi stundar gerð skil með óháðum og faglegum hætti.

Á þessu er þó ein einkennileg undantekning þegar kemur að flokkspólitískri hollustu.

Morgunblaðið hefur eins og fleiri, tíundað ágætlega, þann ójöfnuð sem óðfluga er að myndast hér á landi. Blaðið hefur ennfremur gert þeim vansa skil, sem nú blasir við varðandi kjör eldri borgara, skýrt frá hættunni sem stafar af áhrifum auðmagnsins á stjórnmálin, auðsöfnun fárra, sem stefnir samkeppni á markaðnum í hættu, svo ekki sé talað um þá þjóðarskömm að fólk í fullu starfi, reynist hafa laun, sem ekki duga fyrir nauðþurftum. Morgunblaðið hefur sýnt samúð og stuðning með þeim sem halloka fara í þessari þróun þjóðfélagsins. Hafi það þökk fyrir.

En á sama tíma og þessi ágæti málflutningur á sér stað í blaðinu og bergmálar þannig hug meirihluta þjóðarinnar, ræður sú þverstæðufulla ritstjórnarstefna í leiðurum, staksteinum og Reykjavíkurbréfum að tala niður til þeirra samtaka, sem kenna sig við félagslegt réttlæti, s.s. verkalýðshreyfingar og Samfylkingar, fyrir aðgerðaleysi og viljaleysi til að taka á þeim málum sem heitast brenna. Blaðið bendir t.d. á að verið sé að múlbinda lýðræðið á klafa sérhagsmuna, en heldur því fram í leiðinni að „hjá stjórnmálahreyfingunni, sem telur sig hina einu sönnu jafnaðarmannahreyfingu á Íslandi, (les: Samfylkingin) ríki alger þögn“. Rétt eins og þetta sé allt Samfylkingunni að kenna! Blaðið leggur sig síðan stöðugt fram um að gera lítið úr formanni jafnaðarmanna, Ingibjörgu Sólrúnu, bæði í leiðurum og staksteinum og nú í seinni tíð er spjótunum beint að Degi Eggertsssyni, sem þykir, að mati Morgunblaðsins, heldur duglítill og sviplaus frambjóðandi. Það er sem sagt verið að leggja þá í einelti, sem eru málsvarar þeirrar stefnu, sem blaðið þykist fylgja. Hvað sagði ekki Guðrún Ósvífursdóttir: þeim var ég verst er ég unni mest.

*En á sama tíma og þessi ágæti málflutningur á sér stað í blaðinu og bergmálar þannig hug meirihluta þjóðarinnar, ræður sú þverstæðufulla ritstjórnarstefna í leiðurum, staksteinum og Reykjavíkurbréfum að tala niður til þeirra samtaka, sem kenna sig við félagslegt réttlæti...*

Það er í fyrsta lagi algjörlega rangt að jafnaðarmenn á Íslandi hafi ekki hreyft við né talað um misréttið og auðsöfnunina. Það er rangt að Samfylkingin hafi ekki gert málstað eldri borgara að sínum og það eru ýkt ósannindi, að jafnaðarmannahreyfingin á Íslandi hafi ekki tekið undir þá gagnrýni, sem beinist að velferðarmálum lítilmagnanna. Nær væri að Morgunblaðið segði lesendum sínum frá þeirri pólitísku staðreynd að þetta órettlæti, þessi öfugþróun í íslensku samfélagi, er orsök og afleiðing af meðvitaðri stjórnmálastefnu Sjálfstæðisflokksins, sem í krafti langrar valdastjórnar, ber ábyrgð á ójöfnuðinum, láglaununum og ofurvaldi peningaaflanna. Hvers vegna er það ekki gert?

Pólitísk umræða er nauðsynleg og æskileg en getum við ekki hafið okkur yfir þá lágkúru að gera lítið úr einstaklingum eða manneskjum, sem okkur fellur ekki við? Ég vek athygli á því að Morgunblaðið er eini fjölmiðillinn sem temur sér þennan málflutning.

Hvað hafa Ingibjörg Sólrún eða Dagur gert annað af sér heldur en það eitt, að gagnrýna Sjálfstæðisflokkinn og hagsmunaöflin, valdaklíkurnar á bak við hann, þau völd, sem þetta blessað fólk telur sig eiga. Hversvegna leggur Morgunblaðið sig í líma við að afbaka og snúa út úr þeirri staðreynd að Ingibjörg, Dagur og aðrir úr þeirra röðum, fylgja af sannfæringu þeirri pólitísku skoðun að samfélagsleg ábyrgð, jöfnuður og mannréttindi séu í heiðri höfð. Og meina það. Rétt eins og Morgunblaðið segist fylgja í orði kveðnu. Íslenskt samfélag þarf á slíku fólki að halda. Það er ekki sjálfgefið nú á tímum að eiga fólk, sem nennir og þorir að bjóða valdinu birginn.

Ég beini þessum pistli mínum ekki til Morgunblaðsins. Það verður að eiga við sína flokkspólitísku fylgispekt. En ég beini þessum orðum mínum til almennings, til lesenda minna, til allra þeirra sem hugsa eins og ég, sem sagt fólksins í landinu, sem býr við þá ríkisstjórn, sem nú situr og ræður; kjósenda sem þekkja þann voldugu flokk, Sjálfstæðisflokkinn, sem hefur deilt og drottnað lengur en elstu menn muna. Það er flokkurinn sem ber ábyrgð á þeim ójöfnuði sem hér ríkir og Morgunblaðið styður. Viljum við að einn flokkur, ein hugsun, ein valdaklíka og nytsamir sakleysingar þeirra, ráði hér öllu?

Er ekki kominn tími til að hafna því misrétti, þeirri stefnu, sem boðar lögmál frumskógarins, grímulausa markaðshyggju og misskiptingu í þjóðfélaginu? Er ekki kominn tími á það að íslenskir jafnaðarmenn, hvar í flokki sem þeir standa, komi heim?




MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Háskólinn okkar

## Nýnemar: Umsóknarfrestur er til 6. júní

Í heimi vaxandi samskipta og samkeppni vegnar þeim þjóðum best sem efla hraðast þekkingu, vísindi og rannsóknir. Háskóli Íslands er skóli íslensku þjóðarinnar og hlutverk hans er að þjóna Íslendingum í þessum efnum.

Markmið Háskóla Íslands er að vera á meðal 100 bestu háskóla í heiminum og að nota alþjóðlega viðurkennda gæðastaðla við allt mat á starfi skólans. Við gerum miklar kröfur til starfsfólks okkar, kennara og vísindamanna. Við gerum einnig ríkar kröfur til stúdenta okkar því við viljum tryggja að prófgráða frá Háskóla Íslands sé gæðastimpill sem njóti trausts um allan heim. Það er styrkur nemenda frá Háskóla Íslands til framtíðar.

Verið velkomin í Háskóla Íslands
*Kristín Ingólfsdóttir* rektor

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS HSK 32536 05/2006

### Ath.! til 6. júní

Umsóknarfrestur nýnema er til 6. júní. Rafræn umsóknareyðublöð eru á vefsetri Háskólans, **www.hi.is**.
Nánari upplýsingar um námsframboð, vísindastarf og þjónustu Háskólans er einnig að finna á vefsetrinu og í síma 525 4000.



Eva Solo karafla með lekavörn
**Byggt og búið**
**3.999 kr.**



Pied A Terre taska
**Shoe Studio**
**19.900 kr.**



Kjarval
**Eymundsson**
**19.900 kr.**



Eva Trio sósuhitari
**Byggt og búið**
**6.999 kr.**




Þegar orð fá vængi
**Eymundsson**
**3.190 kr.**





Nine West skór
**Shoe Studio**
**8.500 kr.**



Og ég skal hreyfa jörðina
**Eymundsson**
**5.990 kr.**



Whistle's kjóll
**Whistle's**
**19.900 kr.**



Taska á hjólum
**Penninn**
**7.990 kr.**



Púði með mynstri
**Next**
**1.990 kr.**



Vísindabókin
**Penninn**
**2.990 kr.**



Stytta úr tré
**Next**
**2.390 kr.**



Stálarmbönd
**Meba**
**3.800–9.900 kr.**





Gasgrill Broil King Regal 20XL
**Byggt og búið**
**54.989 kr.**

# Gjafadagar í Kringlunni

Nú eru ótal tilefni til að gefa: útskriftir, brúðkaup og **Mæðradagurinn á morgun.**
En tilefnið þarf ekki endilega að vera stórt, því óvæntu gjafirnar eru alltaf skemmtilegastar.

Á gjafadögum finnur þú frábærar hugmyndir að góðum gjöfum, auk þess sem **gjafakort Kringlunnar** er gjöf sem hittir alltaf í mark.

## Opið 10–18 í dag    Nýtt kortatímabil!

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Verslanir** | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| **Ævintýraland** | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |



Stóra orðabókin um íslenska málnotkun
**Eymundsson**
**14.480 kr.**



Búddastytta
**Next**
**3.190 kr.**



Kitchen Aid hrærivél, matreiðslubók og svunta
**Byggt og búið**
**frá 38.855 kr.**



Hálsmen
**Meba**
**3.500–4.800 kr.**





Handklæðabúnt, 6 stk.
**Next**
**2.990 kr.**



Karen Millen skór
**Karen Millen**
**13.990 kr.**



Könnur með mynstri
**Next**
**290 kr. stk.**



Karen Millen taska
**Karen Millen**
**17.990 kr.**



Gasgrill Elegant Union
**Byggt og búið**
**22.900 kr.**



Borðklukkur
**Meba**
**2.300 kr.**



Kaffikerfi Saeco Vienna DeLuxe
**Byggt og búið**
**frá 41.905 kr.**



Karen Millen belti
**Karen Millen**
**8.990 kr.**

# Góðar gjafir fyrir stóra daga

## Þú gætir unnið flug fyrir tvo til San Fransisco!

Allir sem kaupa gjöf meðan á gjafadögum stendur gætu unnið flug fyrir tvo til ævintýraborgarinnar San Fransisco með Icelandair.

**Taktu þátt í leiknum við lukkukassann á 1. hæð.**

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200




MAÐUR VIKUNNAR

# Mjólkar vinsældirnar til fullnustu

**ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR**
SÖNGKONA

Ágústa Eva Erlendsdóttir er konan á bak við dekurdrósina Silvíu Nótt sem flytja mun framlag Íslendinga í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva næsta fimmtudag í Aþenu. Silvía Nótt og Ágústa Eva eru sagðar vera ekki vitund líkar, hvorki í útliti né framkomu og þeir sem þekkja Ágústu segja hana jafnvel eiga það til að vera feimin þegar hún er ekki í karakter.

Ágústa er fædd árið 1982 í Hveragerði og bjó hún ásamt foreldrum og fjórum systkinum mestalla sína barnæsku á Hvolfsvelli. Hún byrjaði snemma að syngja og tók þátt í sinni fyrstu söngvakeppni 12 ára gömul. Sú keppni var haldin á Selfossi og fór Ágústa Eva með sigur af hólmi í þeirri keppni með laginu Ég skal mála allan heiminn elsku mamma. Eftir fermingu fluttist Ágústa og fjölskylda hennar til Hafnarfjarðar þar sem Ágústa fór í Víðistaðaskóla. Þar tók hún þátt í sinni annarri söngvakeppni fyrir hönd skólans. Sú keppni fór fram í félagsmiðstöðinni Vitanum. Lenti Ágústa í öðru sæti í þeirri keppni með Whitesnakelagið In the still of the night. Í Víðistaðaskóla tók Ágústa einnig þátt í ýmsum uppfærslum skólans og stóð sig með prýði. Kennarar hennar þar segja það ekki hafa komið á óvart að hún fetaði söngbrautina því það kom klárlega í ljós á þessum árum að í henni bjó góð söngkona. Henni er einnig lýst sem góðum námsmanni og afar klárri stelpu. Næsta söngvakeppni sem Ágústa tók þátt í var Söngvakeppni framhaldsskólanna fyrir hönd Menntaskólans í Kópavogi. Þar mætti Ágústa Eva á svið í glæsilegum brúðarkjól en hafði ekki erindi sem erfiði.



Ágústa tók líka þátt í Músíktilraunum árið 1999. Þá söng hún með hafnfirskri hljómsveit sem kallaði sig Etanól. Hljómsveitin lenti í þriðja sæti og var Ágústa Eva valin efnilegasta söngkona keppninnar. Á menntaskólaárunum hafði Ágústa Eva mikinn leiklistaráhuga og tók m.a. þátt í uppfærslum Leikfélagsins í Kópavogi. Hún kláraði ekki námið í MK og reyndi því næst fyrir sér í Iðnskólanum í Reykjavík en kláraði hann ekki heldur, en fór þess í stað út á vinnumarkaðinn og ferðaðist mikið erlendis á þessum árum.

Ágústa söng um tíma með hljómsveitinni Ske en undanfarið hefur fátt annað komist að hjá henni en Silvía Nótt. Karakterinn kom fyrst fyrir sjónir almennings á Skjá einum þar sem Silvía Nótt var með sinn eigin sjónvarpsþátt sem hét Sjáumst með Silvíu Nótt. Þrátt fyrir að þátturinn hafi í byrjun fallið misvel í geð hjá áhorfendum virtist Silvía Nótt vinna á hjá landanum sem smá saman fór að fatta grínið. Svo fór að Silvía Nótt var kosin sjónvarpsmaður ársins á síðustu Eddu verðlaununum og þjóðin sannaði svo um munar að hún væri endanlega fallinn fyrir dekurdrósinni þegar hún kaus hana til þess að vera framlag Íslands í Júróvision 2006.

Ágústa Eva hefur undanfarið notið mikillar velgengni, ekki bara sem Silvía Nótt heldur er hún einnig eftirsótt á öðrum sviðum. Hún fer t.d. með hlutverk í nýrri kvikmynd, Mýrinni, sem er leikstýrt af Baltasar Kormáki. Þeir sem þekkja Ágústu Evu segja þó að hún hafi ekki látið vinsældirnar stíga sér til höfuðs en hún kann aftur á móti að mjólka vinsældir sínar til fullnustu. Nýlega gaf hún út eigin ljóðabók, sjónvarpsþættirnir hennar eru komnir út á DVD, hringitónar með rödd hennar hafa verið afar vinsælir og til stendur að gera kvikmynd um Silvíu Nótt. Þjóðin býður svo spennt eftir því að sjá hvernig Ágústa Eva á eftir að spjara sig í Aþenu sem Silvía Nótt. Eitt er þó ljóst að sama hvernig fer í söngvakeppninni er Ágústa Eva komin í uppáhald hjá þjóðinni sem býður spennt eftir hennar næsta útspili.

# Miklabraut verður að fara í stokk

**UMRÆÐAN**
SKIPULAGSMÁL



**STEFÁN BENEDIKTSSON**

Þegar sjálfstæðismenn héldu prófkjör sitt í haust töldu frambjóðendur að þriggja hæða gatnamót á mörkum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar væru brýnasta viðfangsefnið í samgöngumálum borgarinnar. Sumir halda það enn. Í þessu máli eru sjálfstæðismenn eins og aðrir stjórnmálaflokkar, þeir eru einir því Frjálslyndi flokkurinn og Béflokkurinn eru sama sinnis.

Mislæg gatnamót Kringlumýrar- og Miklubrautar eru sóun á almannafé og mikill bjarnargreiði við íbúa í Hlíðum, Mýrum og Leitum. Íbúarnir vilja minni umferðarþunga, ekki meiri.

**Of mikill umferðarþungi**

Mislæg gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar flytja umferðarteppuna á gatnamót Miklubrautar og Lönguhlíðar til vesturs og Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar og Laugavegar til norðurs. Hvað er þá til ráða? Vandinn eru miklir fólksflutningar tvisvar á dag. Þeir fara um gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar af því að ekki er um neina aðra leið að velja. Fjölga þarf leiðum milli Reykjavíkur og sveitarfélaganna í suðri og draga úr umferð um gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar.

**Öskjuhlíðargöng**

Sú gatnagerð sem mest liggur á eru Öskjuhlíðargöng, en ekki þriggja hæða gatnamót við Kringluna. Þau liggja frá íþróttasvæði Vals í Fossvoginn og undir Kópavogshálsinn að Reykjanesbraut við Smáralind. Á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar mætast tveir þungir straumar fólks- og vöruflutninga en eftir að Öskjuhlíðargöng hafa verið grafin léttist þessi straumur mjög.

**Miklubrautarstokkur**

Þá er komið að aðgerð, sem fyrst og fremst snýst um að gera hverfin við Miklubraut að mannúðlegri byggð.

Leggja þarf Miklubrautina í stokk, helst frá Rauðarárstíg að Grensásvegi. Þái væri unnt að byggja íbúðarhverfi á landinu ofan á stokknum og draga úr kostnaði við lagningu stokksins.. Áður en þessi góða hugmynd getur orðið að veruleika verður að grafa Öskjuhlíðargöng, því að öðrum kosti yrði ófremdarástand á framkvæmdartíma við stokklagningu Miklubrautar. Þá geta börn sunnan og norðan Miklubrautar loks gengið alveg óhult um allt hverfið.

*Höfundur er 9. maður á lista Samfylkingar í Reykjavík.*

## Marineruð lúða

Nýtt í Bónus!

FROSNAR marineraðar lúðusteikur 1198 kg KR. frá Norðanfiski

## ÍTALSKUR SORBETÍS

-fitusnauður-

Ítalskur sorbetís 359 KR. 400 ml box

MINNA EN 1% FITA!

## BÓNUS SVÍNAGRILL

-svínalærissneiðar eða svínahnakki-

BÓNUS SVÍNAGRILL LÆRIS-/HNAKKASNEIÐAR 899 kg KR.

## Lambarifjur

FEITAR, BRAGÐMIKLAR OG FREISTANDI

25% afsláttur

FEITAR, GÓÐAR RIFJUR 299 kg KR.

MERKT VERÐ 399 KR.

## Marineraður lax

LAX Á GRILLIÐ 998 kg KR.

BEINLAUS OG MARINERAÐUR FROSINN

## Pottagaldrar

Nú færðu grillkjötið frá Pottagöldrum með 20% kynningarafslætti í Bónus!
Verðlaunakrydd sem bragð er að!

Nýtt í Bónus!

20% kynningarafsláttur

Frosnir beinlausir laxabitar
FRÁBÆRIR Á GRILLIÐ

FROSNIR LAXABITAR BEINLAUSIR MEÐ ROÐI 899 kg KR.

# Nýtt kortatímabil!

BÓNUSFETI 199 KR. 250g

BÓNUS FETA

20 GOÐAPYLSUR 999 KR. +FÓTBOLTASETT!

20 pylsur og fótboltasett

GÓÐAR VIÐ GRILLIÐ!

XL 3 risa eldhúsrúllur

3 XL rúllur 298 KR.

KS lambabógur

...fyrir góðan dag!

EKKERT BRUÐL

FROSINN LAMBABÓGUR 599 kg KR.

Ferskir bitar

## KJÚKLINGABITAR

-ferskir leggir og vængir-

FERSKIR LEGGIR 349 kg KR. Merkt verð 499 KR.

FERSKIR VÆNGIR 139 kg KR. Merkt verð 199 KR.

## GULL

við grillið!

Létt Egilsgull 49 KR. 500 ml

5 BÓNUS KLEINUHRINGIR

5 súkkulaðihringir 159 KR.

AMERÍSKU GRILLKOLIN

AMERÍSK GRILLKOL 295 KR. 4.54kg

KF SALAT 98 KR. 350g

www.bonus.is

bonus.is

ERAN/Landlist

# Dulmálslykill úr da Vinci-lyklinum

*Í Dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um torskilin eyðublöð og sönnun fyrir framhaldslífi; rætt um Taggart, Rauðhettu og skoska áhrifamenn í Englandi; minnst á megrunarlausa daginn og skoðaðar lífslíkur fólks í Bagdad og Reykjavík.*



Kæra Dagbók

*Þráinn Bertelsson skrifar*

■ FÖSTUDAGUR, 5. MAÍ

## CEO og Chairman of the Board

Ég eyddi eftirmiðdeginum í að rápa milli fólks og hæða í Tollstöðvarhúsinu **hjá þeim félögum Tolli og Skatti**.

Þótt ég leggi mig allan fram virðist vera gersamlega útilokað fyrir mig að skilja þau bréf og rukkanir sem skatturinn sendir mér og öll eyðublöð frá þessu þjóðþrifafyrirtæki virka á mig eins og **dulmálsruna úr da Vinci-lyklinum**. Ég beit það loksins í mig í morgun að ganga inn í stofnanabjargið og krefjast skýringa á þessu öllu saman, svo að ég skilji eitthvað í því sem verið er að rukka mig um.



Þarna voru allir boðnir og búnir til að hjálpa mér og útskýra eyðublöðin, reglurnar og kerfið. Öll lögðu þau sig fram eftir besta megni, Guðríður, Emil og Jón Arnar, en það kom fyrir ekki. Þegar ég staulaðist aftur út í sólskinið með bunka af nýjum eyðublöðum undir hendinni og skapalón sem sýnir mér hvernig ég á að fylla þau út var ég nákvæmlega eins skilningslaus og ruglaður og þegar ég kom.

Í almennilegum fyrirtækjum eru venjulega sérstakir aðilar sem sjá um bókhaldið. En **ég er einyrki**, forstjóri og sendill, í einum og sama búk. Samband mitt við fyrirtækið er yfirskilvitlegt. Ég er fyrirtækið og fyrirtækið er ég. Við erum ein heild – eins og sál og líkami.

Fyrirtæki er eins og líkami, forstjóri eins og sál.

Þetta er dæmigerð sönnun fyrir framhaldslífi: Þegar fyrirtæki verður gjaldþrota og deyr þá lifir sálin/forstjórinn áfram í vellystingum og endurholdgast í öðru fyrirtæki.



Ég á heila mólavítið og gæti þess vegna sett bæði **Chairman of the Board** og CEO á nafnspjaldið mitt – ef ég ætti nafnspjald – en ég er líka launþegi og fyrirtækið mitt heitir ekki Baugur heldur Nýtt líf ehf. og má ekki á milli sjá hvor aðilinn er blankari fyrirtækið eða eigandinn. Samt ætlast skatturinn til þess að ég sé á föstum mánaðarlaunum hjá kompaníinu þótt hvorki fyrirtækið né ég hafi fastar tekjur.

Svona er lífið.

Kjarni málsins er að eyðublöð eru til að allir skilji að einstaklingurinn á að laga sig að þjóðfélaginu en ekki þjóðfélagið að einstaklingnum.



Ég var svo eftir mig eftir eyðublöðin að ég settist niður til að horfa á **Taggart** í kvöld. Það er soldið dapurlegt að eyða föstudagskvöldi í að horfa á Taggart. Þessir þættir slógu í gegn fyrir 20 árum af því að firna góður leikari lék titilhlutverkið. Svo dó leikarinn en þættirnir héldu áfram rétt eins **sagan af Rauðhettu** ef hún hefði dáið úr fuglaflensu og ævintýrið fjallaði um verðbréfasala sem væri systursonur hennar og færi með börnin sín í Húsdýragarðinn og fengi sér ís á heimleiðinni.

En það er gaman að heyra skoska hreiminn. Reyndar eru það eiginlega eingöngu Skotar sem stjórna Bretlandi núna, en þeir venja sig af norðlenskunni þegar þeir koma suður á bóginn og kunna ekki við að láta sjá sig í pilsum.

**Tony Blair** er fæddur í Edinborg, og krónprinsinn **Gordon Brown** er líka norðanpiltur. Svo er **Alex Ferguson** Skoti. Og að sjálfsögðu þurfti Skota til að fá þá góðu hugmynd að stofna Englandsbanka. Hann hét **William Paterson** og tengist hvorki Taggart né Rauðhettu.



Annars var lítill friður til að horfa á sjónvarpið. Fyrst var hringt í Sólveigu frá sjálfstæðismönnum, kona í símanum, sem sagðist vilja spjalla við hana um borgarstjórnarkosningarnar. Ég sagði eins og satt var að hún væri ekki heima. Andartaki síðar var hringt úr sama númeri, og þá var karlmaður í símanum sem sagðist vera svona að kanna hug fólks til kosninganna. Sennilega hefur hann heyrt það á því hvernig ég sagði „halló“ að ég er ekki sjálfstæðismaður því að hann virtist eiginlega ekki hafa neitt við mig að segja. Svo þakkaði hann fyrir sig og kvaddi. Ósköp kurteis maður en ég held það sé stórkostlegt vafamál að svona hringingar borgi sig.

■ LAUGARDAGUR, 6. MAÍ

## Megrunarlausi dagurinn

Tölvunámskeið kl. 9 í morgun.



Út að borða á Salti í Pósthússtræti.

Prýðilegur staður. Megrunarlausi dagurinn er í dag en hann er alþjóðlegur baráttudagur gegn megrun, átröskunum og fordómum í garð feitra. Það eru þær **Sigrún Daníelsdóttir** sálfræðingur, **Guðrún Beta Mánadóttir** í Femínistafélagi Íslands, Edda Ýrr Einarsdóttir og **Alma Dröfn Geirdal** sem standa fyrir deginum las ég í blöðunum. Ég vissi ekki að þybbið fólk ætti sérstakan hátíðisdag.

■ MÁNUDAGUR, 8. MAÍ

## Í krók við Tolstoy

Það er sennilega ekki mjög skynsamlegt að skrifa tvær bækur í einu. En það er skemmtilegt og ég kvíði fyrir því að þurfa að gera upp á milli þeirra. Bráðum verð ég að velja hvora þeirra ég legg til hliðar að sinni svo að ég geti einbeitt mér að því að klára hina fyrir haustið. Ég vildi óska að ég væri jafn fljótur að skrifa og **Georges Simenon sálugi** sem lék sér að því að skrifa margar bækur á ári. Það tók hann viku að skrifa skáldsögu. Hann var skorpumaður og sagðist ekki hafa einbeitingu til að hugsa um sama söguþráðinn lengur en tíu daga. Og alveg er það furðulegt hvílíka doðranta menn gátu sett saman í gamla daga og þurftu að handskrifa allan textann. Þeir hafa verið sterkir í fingrunum. Það hefur ekki verið neitt grín að fara í krók við **Tolstoy** þegar hann var búinn með Stríð og frið.

Ef maður heldur sig að verki og skrifar 1000 orð á dag þá skrifar maður 350 þúsund orð á einu ári. Meðallöng skáldsaga er 100 þúsund orð.

Annars er þetta undarleg iðja, það sér ekki högg á vatni: Því meira sem maður skrifar þeim mun meira er eftir ósagt.

■ MIÐVIKUDAGUR, 10. MAÍ

## Ef 20 Reykvíkingur féllu...



Hitti Börk vin minn sem ég kynntist í Prag í hitteðfyrra og er nýkominn heim eftir 15 mánaða dvöl í Írak. Hann kíkti við hjá mér í dag og hafði frá mörgu að segja. Búinn að vera viðstaddur réttarhöldin yfir Saddam og hefur búið í einni af höllum karlsins. Ég er dauðfeginn að hann skuli vera lifandi – Börkur, ekki Saddam – því að Bagdad er ennþá hættulegri staður en Reykjavík á laugardagskvöldi. Forseti Íraks segir að 1000 manns hafi verið drepnir í Bagdad í síðasta mánuði. Þetta þýðir að líkur á því að venjulegur Bagdad-búi verði drepinn innan 30 daga eru 1:5000.



Ef 20 Reykvíkingar féllu í vígaferlum á hverjum mánuði mundi trúlega einhverjum blöskra.

■ FIMMTUDAGUR, 11. MAÍ

## Að útskrifast

Sá það í **Dagens Nyheter** að menn eru byrjaðir að taka upp nýjar kartöflur í Suður-Svíþjóð. Það þykja mér góðar fréttir. Maður verður þreyttur á að heyra um sífelldar hörmungar.

Ég útskrifaðist í kvöld. Tölvuskólinn Þekking hefur útskrifað mig og afhent mér viðurkenningarskjal fyrir að hafa lokið grunnnámi í grafískri hönnun, alls 80 klukkustundir í myndvinnslu, hönnun og umbroti í þar til gerðum tölvuforritum. Maðurinn sem orti **„Það er leikur að læra“** hefur örugglega verið töluvert greindari en ég, því að ég þurfti að taka á af öllu afli til að ná að fylgjast með. En það hafðist. Einhvern tímann hefði maður gert sér dagamun af minna tilefni.

Heilasellurnar í mér hafa haft gott af þessu puði, þær eru orðnar vöðvastæltar og liðugar og ljóma af heilbrigði.






Saab 9-3 Sport Combi Linear, 2.0 lítra, 150 hestafla.

Saab 93

Klassík á viðráðanlegu verði*

3.290.000 kr.

Það er klassi yfir Saab 9-3 Sport Combi bílunum, enda á Saab sér áratugalanga sögu sem einn stílhreinasti og öruggasti bíll sem völ er á. Saab 9-3 er margverðlaunuð nýjung í klassíska Saab stílnum þar sem öryggi og mýkt í akstri er í fyrirrúmi. Stórkostleg hönnun, öflug vél og ríkulegur staðalbúnaður gera Saab 9-3 að byltingu í klassíska geiranum.

*Og verðið er algert einsdæmi fyrir lúxusbíl í þessum gæðaflokki!

Klassi, öryggi, stíll!

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

# Mulningsvélin




## MEDION V10

6114IS
**MEDION V10 P920**
- Intel Pentium 920 - Dual Core
- MS7187 (i945P 800 -1066 FSB)
- nVidia GeForce 6800GS 256MB DVI
- 1024 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
- 250 GB 7200 rpm SATA 8 MB Cache
- DVD drif 16x
- DVD Skrifari 16X
- IEEE1394/Firewire - DV Ready
- WiFi / Þráðlaust netkort - 54MPbs
- Medion Media Bay
- Lyklaborð og mús
- Microsoft Windows XP Home Edition

Windows Vista CERTIFIED

VERÐLAUNATÖLVUR FRÁ ÞÝSKALANDI

Dual Core örgjörvi

1024MB minni

GeForce 6800GS skjákort

**Dual Core**
Ný bylting í heimilistölvum - Tveir öflugir örgjörvar í einum og sama kubbnum. Allt að tvölföld afköst í mörgum forritum. Nú getur þú gert meira á styttri tíma.

**nVidia GeForce 6800GS**
Eitt hraðasta skjákortið í leikina. Öll nýjasta tæknin; PCI-Express, DirectX 9.0, Shader Model 3.0, CineFX og fleira. Hægt að tengja við 2 skjái.

**64 bita örgjörvi**
Með nýjustu Intel EM64T tækninni getur þú keyrt 64bita forrit og leiki framtíðarinnar á mun meiri hraða! Vertu öruggur með tækni framtíðarinnar.

**Risa minni!**
1GB vinnsluminni tryggir að það er ekkert hökt í vélinni, þú keyrir allt á fljúgandi hraða. Láttu ekki bjóða þér minna.

**DV Ready**
Firewire tengi fyrir videovélar og annan háhraðabúnað. Notaðu tölvuna sem klippistúdíó

DIGITAL VIDEO READY

**Þráðlaust netkort**
Tölvan er með innbyggðu þráðlausu netkorti. Hafðu tölvuna hvar sem er í húsinu, Fækkaðu köplunum!

24.000kr. lækkun

**4.583***

*Þú velur greiðsluform sem hentar þér*

| 4.583* | 12.999** | 155.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum.

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa og Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

## Mp3 spilari



*50 klst ending á rafhlöðu!*

SONY
NWE405B
**SONY MP3 512MB SVARTUR 405**
- 512MB minni
- Tekur upp á MP3 / ATRAC3Plus / WMA
- Geymir öll gögn (músík/PC gögn/Video)
- 3 Lína Organic El skjár (Svart)
- Rafhlöðuending allt að 50 klst ( (Lithium)
- 3 mínútna hleðsla
  = 3 klukkustunda ending í spilun
- Heyrnatól / USB kapal fylgir
- Aðeins 37 gr

**11.999**

## GSM sími



Sony Ericsson
**SonyEricsson W800i**
- Tri-Band 900/1800/1900
- Þyngd: 99 grömm
- Taltími allt að 9 klst. Biðtími allt að 400 klst.
- 1.8" litaskjár, 262,144 litir
- MP3 spilari, FM Útvarp, Stereo handfrjáls búnaður
- Memory Stick Duo lesari, allt að 2GB
- 34MB Innbyggt, 512MB kort fylgir Samtals 546MB
- 2 Mpixla stafræn myndavél með "autofocus"
- Bluetooth, innrautt tengi og USB tengjanlegur
- Handfrjáls hátalari
- SMS, MMS og tölvupóstur

**2.499****
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**29.988**
STAÐGREITT

## Fartölvutilboð




## TOSHIBA

PSL2XE-01201MED
**TOSHIBA SATELLITE L20-153**
- Intel® Celeron M 360
- 512MB DDR Minni (Mest 1GB)
- 40GB diskur
- 15" XGA skjár (1024 x 768 upplausn)
- ATI Radeon® Xpress 200M
- DVD Super Multi brennari
- VGA, TV-OUT
- 33.2 x 27 x 3.7cm, 2.7 kg
- Þráðlaus netstýring 802.11BG
- Windows XP Home
- **2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum**

512MB minni

40GB harður diskur

ATI Radeon Xpress skjástýring

DVD brennari

20th Anniversary — Toshiba Notebook PC Since 1985



FYLGIR

**Notaðu tvo skjái**
Með þessari tækni getur þú stækkað skjáplássið til muna. Þægilegt ef verið er að vinna í mörgu í einu.

**ATI Mobility Xpress 128MB skjástýring**
Skjáhraðall sem er með hröðu 32MB minni og getur notað innra minni tölvunnar til að fara í allt að 128MB eftir þörfum. Virkar vel í blandaða vinnu s.s. internet, office, leiki og annað.

Ódýrasta fartölvan

**2.882***

*Þú velur greiðsluform sem hentar þér*

| 2.882* | 7.499** | 89.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

# BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

Má vísa þér á lægsta verðið?

200 sæti í boði til VISA -korthafa.

Billund - 27. maí, 12. og 19. ágúst.
Verð frá 19.900 kr.
Flug 23.900 kr. - **4.000 kr. afsláttur** á mann = 19.900 kr.

Mallorca* - 6., 23. og 30. maí.
Verð frá 33.117 kr.
Gisting á Ben Hur í 7 nætur 40.117 kr. - **7000 kr. afsláttur** á mann.

Krít* - 22. maí og 5 júní.
Verð frá 39.990 kr.
Gisting á Malou í 7 nætur 43.930 kr. - **7000 kr. afsláttur** á mann.

Portúgal - 23., 30. maí, 13. og 20. júní.
Verð frá 33.800 kr.
Gisting á Elimar í 7 nætur 40.300 kr. - **7000 kr. afsláttur** á mann.

Marmaris* Tyrkland - 23., 30. maí, 6.,13. og 20. júní.
Verð frá 39.150 kr.
Gisting á Club Ilayta í 7 nætur 46.150 kr. - **7000 kr. afsláttur** á mann.

Benidorm* - 31. maí, 7. og 14. júní
Verð frá 33.190 kr.
Gisting á Buenavista í 7 nætur 40.190 kr. - **7000 kr. afsláttur** á mann.

*Verðdæmi til VISAkorthafa og miðast við að 4 ferðist saman. Miðað við 2 fullorðna og 2 börn 2ja-11 ára. Innifalið er flug, gisting fararstjórn erlendis og flugvallarskattar.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Lágmúla 4 • Sími 535 2100

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Ef allir sameinast um að hægja örlítið á, draga úr fartinni, þá mun þetta ganga betur. Þetta er eins og dansleikur þar sem ferðin er mikil. Það getur verið ágætt að taka eitt og eitt rólegt lag með.“*

***Davíð Oddsson seðlabankastjóri um verðbólguna í fréttum Sjónvarpsins síðastliðinn fimmtudag.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# Úr bakherberginu...

**Mikill lestur**

Kastljósi Ríkissjónvarpsins var beint að Baugsmálinu í byrjun vikunnar þegar starfsmenn þess komust yfir 85 möppur af málsgögnum, lásu þau og fjölluðu um það bitastæðasta. Málinu var fylgt fast eftir í Morgunblaðinu, síðast í gær. Í Staksteinum var birtur orðrétt kafli úr viðtali Kristjáns Kristjánssonar fréttamanns og Gests Jónssonar verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Þar var tekist á um það hvort þrír dómarar Héraðsdóms Reykjavíkur hefðu í raun og veru komist að því að Jón Gerald Sullenberger væri ótrúverðugt vitni. Kvað Kristján orðið ótrúverðugur hvergi notað um Jón Gerald.

Nú keppast allir fjölmiðlar við að vinna heimavinnuna sína og á Fréttablaðinu hefur sú vinna leitt eftirfarandi í ljós: Á blaðsíðu 32 í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. mars síðastliðnum segir að Jón Gerald beri „þungan hug“ til ákærðra og það „rýri sönnunargildi vitnisburðar hans.“



**Merkingarfræði**

Um vissan mann að nafni Ivan Motta segir, að hann hafi ekki verið „fyllilega trúverðugt vitni.“ Jón Gerald er talinn hafa verið fenginn til að koma Jóni Motta til landsins og deilt með honum hóteli. Svo segja dómararnir í það minnsta.

Í öðrum ákæruliðum endurtaka dómararnir að Jón Gerald „virðist bera þungan hug til ákærða Jóns Ásgeirs og jafnvel annarra í fjölskyldu hans.“ Það hljóti að draga úr „sönnunargildi framburðar hans.“

Í lokin segja dómararnir að vitnin, sem bera gegn sakborningum, geti ekki talist „óaðfinnanleg.“ Jafnframt tala þeir um „takmarkað sönnunargildi hinna skjallegu gagna“ og „óviss(u) um tilurð þeirra.“

Orðið ótrúverðugur merkir samkvæmt orðabók ótraustur, óáreiðanlegur eða ósannsögull. Þar sem dómararnir nota hvergi orðið „ótrúverðugur“ um Jón Gerald, verður ályktað hér í bakherberginu, að þeir hafi talið Jón Gerald trúverðugan. Og því sýknað sakborninga.

## VIKA Í PÓLITÍK

JÓHANN HAUKSSON

# Æ sér gjöf til gjalda



Hugtökin vinnuveitandi og launþegi bera með sér að einhver veitir eitthvað af gæðum sínum en annar þiggur. Hugtökin gefa ranga mynd af raunverulegum tengslum manns sem selur vinnu og öðrum sem kaupir hana einhverju verði. Enginn þiggur neitt nema ef ske kynni að sá sem kaupir vinnuframlag fái það á svo lágu verði að unnt sé að tala um að seljandi vinnunnar gefi kaupandanum hluta hennar. Hver yrði þá merking orðanna vinnuveitandi og launþegi?

Höfðingi er sá sem veitir af gæðum sínum. Þeirra gæða þarf höfðinginn fyrst að afla. Með höfðingsskap sínum skapar hann sér virðingu og orðstír velvildar. Hann aflar sér jafnframt fylgis í sínu héraði. Það er að sínu leyti það gjald sem þarf að koma fyrir þau gæði sem höfðinginn deilir út til að viðhalda stöðu sinni. Þessi skilyrði í tilverunni verða til þess að valdaþræðir liggja til höfðingjans. Vald hans hvílir á virðingu þeirri sem fjöldinn ber til hans. Ósýnilegur sáttmáli verður til um að fólk greiði höfðingjanum tíund af vinnu sinni. Hrigurinn lokast og höfðinginn getur viðhaldið valdi sínu og höfðingsskap í krafti viðurkenningar fjöldans.

Í Hávamálum er fólgin sú djúpa viska, að glík skulu gjöld gjöfum. Æ sér gjöf til gjalda. Fáir vita að um 1920 gerði merkur franskur mannfræðingur að nafni Marcel Mauss gein fyrir rannsókn sinni með því að byrja á langri tilvitnun í Hávamál. Ritið heitir „Gjöfin.“

Fyrir aðeins 123 árum gekkst járnkanslarinn Ottó von Bismarck fyrir því að sett var almenn sjúkratryggingalöggjöf í Þýskalandi, sem talist getur sú fyrsta sinnar tegundar í hinum iðnvædda heimi. Þetta gerðist undir vaxandi þrýstingi frá ört stækkandi fjöldahreyfingu fátækra Þjóðverja sem kröfðust aukins jafnaðar.

Járnkanslarinn hafði hugboð um að ef ríkisvaldið sýndi ekki félagslega ábyrgð væri úti um friðinn í landinu.

Velferðarkerfi nútímans er reist á valdi fulltrúa almennings til þess að soga upp hluta af þjóðarframleiðslunni og endurdreifa gæðunum í nafni hugmynda um jafnan rétt allra manna til heilbrigðisþjónustu, menntunar og mannsæmandi ævikvölds. Þetta er gert í formi skatta.

Árið 2006 hefur kvarnast úr þessum viðteknu velferðarhugmyndum í íslenskum stjórnmálum. Það sést best á því að ákall um markaðslausnir og félagslega ábyrgð banka og stórfyrirtækja gerist æ háværara frá umkomulausum stjórnarherrum þegar vandi steðjar að þjóðarbúinu. Þeir hafa reyndar komið því svo fyrir að fjármagnseigendur greiða aðeins tíu prósenta skatt og tekjuskattur fyrirtækja hefur lækkað úr nærri fjörutíu prósentum í átján prósent.

Félagsleg ábyrgð er ekki til í orðabókum fyrirtækja enda er slík ábyrgð ekki hluti af gangverki markaðarins. Bankar verðleggja peninga á kaldhamraðan hátt og vilja tryggar endurgreiðslur lána. Þeirra hlutverk er ekki að lána fé til húsnæðiskaupa óháð búsetu eða fjárhag. Dytti þeim það í hug gætum við kallað það ölmusu eða höfðingsskap. Slíkan höfðingsskap sýna stórfyrirtæki þá aðeins að fyrir komi endurgjald, jafnvel í formi velvildar eða áhrifa.

Vilja íslenskir stjórnmálamenn færa auðkýfingunum það vald, þann orðstír og það fylgi sem þeir öðlast, líkt og höfðingjar fyrri alda, þegar þeir kosta velferðina að eigin geðþótta og sýna þannig félagslega ábyrgð á sínum eigin skilmálum?

Lítil von um verðbólgu innan marka Seðlabankans:

# Uppskrift að ólgu

Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri hjá Alþýðusambandi Íslands segir að ástand efnahagslífsins nú sé uppskrift að ólgu. „Ég óttast að spennan fari vaxandi. Einstakir hópar standa ekki jafnir að vígi og ójöfnuðurinn eykst. Sumir hópar, sem eftir sátu, sæta bullandi kjaraskerðingu nú og þurfa að borga brúsann.“

Gylfi segir að miðstjórn ASÍ hafi varað við þessu mörg undanfarin misseri. „Það gefur auga leið að haldi þetta áfram eru verðbólguforsendur brostnar í samningunum og þeim verður sagt upp. Í nóvember kemur svokölluð forsendunefnd saman og metur stöðuna. Á þeim tímapunkti gæti verðbólgan hæglega verið átta til níu prósent sem er langt umfram ákvæði samninganna.

„Það er alltaf einhver spenna. Nú eru ólögleg verkföll í gangi sem látin eru óátalin,“ segir Hannes G. Sigurðsson hjá Samtökum atvinnulífsins. „Ég er að tala um setuverkföllin á hjúkrunar- og öldrunarstofnunum. Það sem menn kaupa með kjarasamningum er friðurinn og þessa friðarskyldu hafa menn rofið núna og á bak við það standa tiltekin stéttarfélög. Ef ekki fæst friður með kjarasamningum og friðarskyldan er rofin þá er enginn tilgangur lengur með gerð kjarasamninga,“ segir Hannes.



# Lausatök í hagstjórninni

**Umskiptin frá tveggja til þriggja prósenta verðbólgu í nærri heilan áratug í fjórfalt meiri verðbólgu nú eru gríðarleg. Forsvarsmönnum atvinnurekenda og launamanna þykir gengisfellingin mælast hratt í verðlagshækkunum og hafa vaxandi áhyggjur.**

Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins talar hreint út: „Kaupmáttur hefur aukist of hratt í landinu. Vinnumarkaðurinn er þaninn en innflutningur á vinnuafli hefur mætt eftirspurninni að einhverju leyti. Kaupmáttur og eftirspurnarþrýstingur er mikill. Af þessu leiðir viðskiptahalli og jafnvægisleysi.“

Hannesi sýnist sem gamla víxlsambandið milli launa og verðlags sé miklu virkara en ætla mætti nú þegar ætla mætti að markaðurinn tempraði ástandið. „Þetta kemur svo fram í hugmyndum samtaka launafólks um launahækkanir á móti verðlagshækkunum. Þetta verður vítahringur.“

Hannes segir að atvinnurekendur staldri eins og aðrir við krónuna og verkan gengisbreytinganna. „Við erum í miklum vanda ef gengisbreytingar stuðla ekki að jafnvægi lengur. Meginkostur þess að fella krónuna á að vera fólginn í því að hjálpa okkur að ná jafnvægi með því að draga úr kaupmættinum og viðskiptahallanum. Ef ekki verður leitast við að gera þetta tökumst við áfram á við tveggja stafa verðbólgu.“

Hannes segir að hlutverk og verkan krónunnar hjóti að vera til sérstakrar greiningar núna. Skoða verði hvernig íslenskur gjaldmiðill þjóni hagsmunum efnahagslífsins. „Áður en aðild að Evrópusambandinu og nýr gjaldmiðill kemur til álita þarf að ná niður verðbólgu og freista þess að halda krónunni og nýta kosti hennar.“

Hvað er til ráða? Ekkert eitthvað eitt segir Hannes. „Ríkissjóður verður að skila vænum afgangi og hemja framkvæmdir og sveitarfélög verða að gera slíkt hið sama.“

**Hvar er hagstjórnin?**

„Þetta er ekkert verðbólguskot. Verðbólgan hefur verið yfir sársaukamörkum Seðlabankans nánast allar götur síðan í maí 2004. Hún hefur stigmagnast nú og við lítum svo á að við séum á verðbólgu-



HANNES G. SIGURÐSSON



GYLFI ARNBJÖRNSSON

skeiði,“ segir Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri hjá Alþýðusambandi Íslands.

„Þegar stjórnvöld líta ekki á verðbólgu sem vandamál og viðfangsefni stjórnmála þá hefur venjulega verðbólga magnast líkt og nú gerist. Síðasta árið er verðbólgan 7,6 prósent og nærri sextán prósent síðustu þrjá mánuðina. Miðað við veikingu krónunnar sjáum við ekki annað en að verðbólgan muni aukast á næstu mánuðum.“ Gylfi segir erfitt að benda á lausnir því ekki ríki alger samstaða um hver vandinn sé. „ASÍ hefur ekki mótað skýra stefnu varðandi krónuna og aðra gjaldmiðla. Ríkisstjórnin er ábyrg fyrir efnahagsstjórninni þótt hluti hennar sé í höndum Seðlabankans. Stjórnvöld eiga aðild að samkomulaginu árið 1990 sem markar brautina. Peningamálastefna er ekki hagstæð að svo miklu leyti sem hún ógnar atvinnuöryggi launafólks. Verðbólgumarkmið Seðlabankans er launafólki aftur á móti hagstætt. En stjórnvöld hafa einbeittan ásetning að sinna ekki hagstjórn liggur mér við að segja. Alþjóðastofnanir, greiningardeildir og matsfyrirtæki hafa nær öll bent á að hér hafi ekki verið notuð þau úrræði sem tiltæk eru til að draga úr spennu. Fitch og síðan fjöldi annarra aðila hafa í rauninni verið að gagnrýna aðgerðarleysi stjórnvalda. Og því hafi hagkerfið, þar á meðal bankarnir, verið í ákveðinni hættu og gjalda bæri varhug við að lána fé inn í þetta kerfi. Í grunninn er þetta gagnrýni á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.“

**Stöðugleiki sem undanfari**

Gylfi telur að meðan stjórnvöld axli ekki ábyrgð á hagstjórn til lengri tíma sé óraunhæft að sækja um aðild að ESB og taka upp evru. „En ef raunverulegur stöðugleiki er meginmarkmið stjórnmála munum við fyrr og betur ná því markmiði með því að taka upp evru. Evran mun færa vaxtastig niður um að minnsta kosti fjögur prósentustig fyrir fólk og fyrirtæki. Áhættan samfara krónunni kostar okkur að minnsta kosti fjögur prósentustig í vöxtum. Að óbreyttu mun alltaf þurfa að fella krónuna þó svo að það gerist nú á markaði. Af þessum sökum væri okkur ómögulegt að hafa evru. Atvinnuöryggi launafólks hefði verið stórkostlega ógnað undir núverandi hagstjórn. Axli stjórnvöld ábyrgð kemur traustið af sjálfu sér.“

johannh@frettabladid.is




# Það besta fyrir Kópavog

xD

**Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins vilja Kópavogsbúum allt það besta og munu vinna heilshugar að því að hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd fái þeir til þess umboð í kosningunum 27. maí.**

## Helstu stefnumál Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi eru:

x **Fjölskyldan**
- Ódýrast verði fyrir barnafjölskyldur að búa í Kópavogi
- Vöggustofur fyrir 9-20 mánaða börn
- Samfellt skóla- og tónmenntastarf tryggt með sérstökum tónmenntastofum við alla grunnskóla
- Fasteignagjöld verði lækkuð

x **Eldri borgarar og félagsmál**
- Fyrsta áfanga í nýjum hjúkrunar- og öryggisíbúðum við Boðaþing verði lokið 2007
- Afnám tekjutengingar lífeyrisbóta
- Átak gert til að koma í veg fyrir félagslega einangrun eldri borgara

x **Menning og mannlíf**
- Bygging óperuhúss á miðbæjarsvæðinu
- Opnun lista- og menningarhúss fyrir ungt fólk haustið 2006
- Tónlistarkennurum í tónlistarskólum Kópavogs verði fjölgað

x **Íþróttir og æskulýðsmál**
- Bygging íþróttaakademíu við Vatnsenda með knatthúsi, skóla og annarri íþróttaaðstöðu
- Forvarnastarf barna og unglinga eflt með ráðningu forvarnafulltrúa fyrir grunnskólana
- Framhaldsskóli með áherslu á íþróttir verði byggður við íþrótta- og fræðasetur á Vatnsenda
- Bygging glæsilegasta hesthúsahverfis landsins á Kjóavöllum með fjölbreyttum og bættum reiðleiðum og glæsilegri reiðhöll

x **Skipulag, framkvæmdir og umhverfismál**
- Tryggt verði nægt framboð byggingarlóða
- Ný og glæsileg atvinnusvæði á gamla Gustssvæðinu og í nágrenni Vatnsenda
- Fjölgun bekkja og vatnspósta meðfram göngustígum
- Endurskipulag byggðar á hafnarsvæði og vestanverðu Kársnesi

**xdkop.is**



NÝTT KORTATÍMABIL!

# Krakkadagar

FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS

í Smáralind




## FRÁBÆR SKEMMTUN OG FJÖR

Börnin eru í aðalhlutverki alla helgina. Ótrúleg tilboð á vörum fyrir börn, spennandi dagskrá og fullt að gerast fyrir alla krakka á hverjum degi til sunnudags. Komdu á Krakkadaga, njóttu skemmtilegra stunda með börnunum og gerðu frábær kaup.

SKEMMTILEGAR UPPÁKOMUR OG ENDALAUST FJÖR

- **INGÓ KEMUR.** Ingó náði langt í Idol stjörnuleit í vetur og vann huga og hjörtu Íslendinga. Komið og sjáið Ingó skemmta í Smáralind í dag kl. 15.00 á fyrstu hæð.



- **BRÍET SUNNA SKEMMTIR.** Bríet sló í gegn í Idol sjörnuleit og náði alla leið í 3. sætið. Hún mætir í Smáralind á morgun kl. 15.00 og skemmtir gestum og gangandi á fyrstu hæð.



- **MÆÐRADAGSSKEMMTUN** tímaritsins Fyrstu skrefin í Veröldinni okkar, klukkan 13-14 á morgun. Börnin fá að búa til glæsilegt málverk sem Landsbankinn ætlar að kaupa fyrir 250.000 krónur. Andvirðið rennur til félagsins Einstök börn.




SÝNT VERÐUR ÚR LEIKRITINU

**HAFIÐ BLÁA**

á fyrstu hæð í dag kl. 14.30




- HAFIÐ BLÁA – SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
- LEIKTÆKI í göngugötunni um helgina - FRÍTT!



ENNEMM / SIA / NM21742

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

ESPRIT

# 10% afsláttur

af öllum ESPRIT vörum
fyrir 3-13 ára krakka

DEBENHAMS



ecco barnasandalar
Stærðir 25-35
Verð: 5.995 kr.

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN



# Vertu með!

# Þú getur unnið flott reiðhjól

**2 heppnir viðskiptavinir** Exit verða dregnir út 16. júní og fá glæsileg krakkareiðhjól í vinning.

EXIT



Peysur 2-10 ára
*Verð nú:*
1.490 kr.
*Verð áður: 2.490 kr.*

EXIT



Bolir 8-16 ára
*Verð nú:*
990 kr.
*Verð áður: 1.990 kr.*

EXIT



Bolir 2-10 ára
*Verð nú:*
690 kr.
*Verð áður: 1.690 kr.*

Gallabuxur 2-10 ára
*Verð nú:*
1.990 kr.
*Verð áður: 3.490 kr.*

EXIT



Bolur
795 kr.

Kjóll. Verð frá
4.195 kr.

UNITED COLORS OF BENETTON.



Gallabuxur
2.295 kr.

Bolur
995 kr.

UNITED COLORS OF BENETTON.



**FLOTTUR SUNDBOLTI FYLGIR SUNDFÖTUM Á KRAKKADÖGUM!***

EXIT

* Á meðan birgðir endast



# 20% afsláttur

af krakka- og unglingafatnaði
frá 6 mánaða til 16 ára.

JOE BOXER



Bolir. *Verð nú:*
990 kr.
*Verð áður: 1.990 kr.*

Ticket vesti. *Verð nú:*
2.990 kr.
*Verð áður: 3.990 kr.*

Ticket sumarjakki
*Verð nú:*
3.990 kr.
*Verð áður: 5.990 kr.*

Fullt af frábærum tilboðum á Krakkadögum

Zink

# Heilbrigð skemmtun fyrir krakkana!

OPIÐ: mán. - fös. 11-19
lau. 11-19 ~ sun. 13-18

VERÖLDIN OKKAR





# Hjólaðu út í vorið

**Jamis Hot Rod**
12", 2-5 ára
Verð 11.990 kr.

**Jamis Laser 2.0**
20", 5-9 ára álstell, fótbremsa
Verð 14.990 kr.

**Jamis Fester 2.4**
24", 8-12 ára, álstell, 21 gíra, framdempari
Verð 22.990 kr.

***Það er hvergi slegið af gæðunum í Jamis barnahjólum***
*Öll hönnunin miðar að því að öryggi barnanna okkar sé sem mest. Stellin eru t.d. sérstaklega lág við sætið til að auðvelda barninu að ná tökum á hjólinu. Og svo spillir ekki fyrir hvað hjólin eru flott.*



**Rollerblade Micro TFS**
*Stækkanlegir barnaskautar*
*Einfalt og töff reimakerfi*
*Rammi: Trefjaplast*
*Hjól: 72 mm/80A*
*Legur: ABEC 3*
*Stærðir: 30-34, 33-37,5 og 36-40*
Verð 9.990 kr.



**Rollerblade Micro Combo**
*Stækkanlegir barnaskautar*
*Rammi: Trefjaplast*
*Hjól: 72 mm/80A*
*Legur: ABEC 3*
*Ein stærð: 30-34*
Verð 9.990 kr.

# Rollerblade barnaskautar

***Útilíf er með línuskautana fyrir alla fjölskylduna!***
*Rollerblade er eitt þekktasta merki heims í línuskautum, þar gengur þú að gæðunum vísum á góðu verði.*

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

# LEIKFANGA-ÚTSALA

## Allt að 80% afsláttur af völdum vörum

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*



# 30% afsláttur af krakkaleikjum

BT



Gildir aðeins á Krakkadögum í BT Smáralind og af eftirtöldum leikjum Doppa Bregður á Leik • Bogi Blýantur • Glói Geimvera 2 Á lestrareglu • DVD KIDS - Disney Lion King • DVD KIDS - Disney Prinsessurnar • DVD KIDS – Babar • DVD KIDS – Múmínálfarnir

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**FRIDTJOF NANSEN (1861-1930), LÉST ÞENNAN DAG.**



*„Það er betra að fara á skíði og hugsa um guð en að fara í kirkju og hugsa um íþróttir.“*

***Norski landkönnuðurinn Fridtjof Nansen var lunkinn stjórnmálamaður og hlaut meðal annars friðarverðlaun Nóbels.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 13. MAÍ 1917

# *María mey birtist þremur börnum*

Þennan dag árið 1917 sögðust þrjú frændsystkini hafa séð Maríu mey. Þau Lúicia Santos og Jacinta og Francisco Marto voru að gæta hjarðar á engi í nágrenni við bæinn Fatíma í Portúgal þegar María birtist þeim og talaði til þeirra. Þrettánda hvers mánaðar að jafnaði, fram í október sama ár, birtist María frændsystkinunum og bað þau um að skrifta, biðja og færa fórnir til bjargar syndugum.

Fréttin barst um alla heimsbyggðina og fjöldi manns lagði leið sína til Fatima í þeirri von að sjá Maríu mey. Mannfjöldinn var slíkur að börnin voru fangelsuð í ágúst vegna þess að yfirstjórn héraðsins óttaðist pólitískt uppþot en þeim var sleppt skömmu seinna. Þegar María mey birtist í síðasta sinn 13. október 1917 voru um sjötíu þúsund manns viðstaddir. Sögðu sjónarvottar að þá hafi skýjahulan á himninum opnast og sólin komið niður til jarðarinnar og varpað marglitum geislum sínum yfir mannfjöldann.

Enn þann dag í dag leggja tugþúsundir pílagríma leið sína til Fatimu. Þar hefur verið byggð stór kirkja með torgi og styttu af Maríu mey.



**STYTTAN AF MARÍU MEY Í BÆNUM FATIMA Í PORTÚGAL.**

## MERKISATBURÐIR

**1568** Herir Maríu Stúörtu Skotadrottningar eru gjörsigraðir.

**1776** Gefin er út konungleg tilskipun um póstferðir á Íslandi, fyrsta póstferðin er þó ekki fyrr en 1782.

**1940** Churchill tilkynnir að hann hafi ekkert að bjóða nema „blóð, svita og tár“, þegar hann tekur við sem nýr forsætisráðherra.

**1958** Einkaleyfi fæst fyrir hinn svokallaða franska rennilás.

**1966** Undirritaðir eru samningar um kaup ríkisins á Skaftafelli í Öræfum undir þjóðgarð.

**1998** Jeppi fer fram af Grímsfjalli í Vatnajökli og fellur um 200 metra. Báðir farþegarnir komast lífs af.

## ANDLÁT

**Anna Birna Þorkelsdóttir** lést þriðjudaginn 25. apríl. Útför fór fram í kyrrþey.

**Ágústa Þórðardóttir** lést þriðjudaginn 18. apríl. Útför fór fram í kyrrþey.

**Árni Hálfdán Brandsson**, Neshaga 9, er látinn.

**Erla Cortes**, Æsufelli 6, Reykjavík, lést á Landspítalanum að morgni 11. maí.

**Guðlaug Ósk Auðunsdóttir**, Austurbrún 6, Reykjavík, lést á Landspítala Fossvogi aðfaranótt fimmtudagsins 27. apríl. Útför fór fram í kyrrþey.

**Helga Sigurgeirsdóttir**, Hjallabraut 33, Hafnarfirði, lést á St. Jósefsspítalanum laugardaginn 6. maí. Útför fór fram í kyrrþey.

**Laufey Þórðardóttir**, Sóltúni 2, lést miðvikudaginn 9. maí.

**Magnús Eiríksson**, Réttarholti 4, Selfossi, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, laugardaginn 29. apríl. Útför fór fram í kyrrþey.

**Þóra Ósk Kristófersdóttir**, elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, Reykjavík, lést laugardaginn 29. apríl. Útför hefur farið fram.

## JARÐARFARIR

11.00 **Guðný Friðriksdóttir**, Hjallalandi, Skagafirði, verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju.

13.00 **Ingimundur Þorkelsson** vélvirki, áður til heimilis í Sporðagrunni 4, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Breiðabólsstaðarkirkju í Fljótshlíð.

14.00 **Atli Elíasson**, Suðurgerði 2, Vestmannaeyjum, verður jarðsunginn frá Landakirkju í Vestmannaeyjum.

14.00 **Gísli S. Hallgrímsson** frá Hallfreðarstöðum, verður jarðsunginn frá Egilsstaðakirkju.

14.00 **Guðmundur Haraldur Sigurgeirsson**, Fossgötu 7, Seyðisfirði, verður jarðsunginn frá Seyðisfjarðarkirkju.

14.00 **Helga Sigríður Hannesdóttir**, síðast til heimilis í Jöklaseli 23 í Reykjavík, verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**


*Elskuleg móðir okkar, amma og langamma*

**Helga Sigurgeirsdóttir**
Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala 6. maí sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.
F.h. aðstandenda,

**María Bjarnadóttir**
**Sumarliði Birkir Andrésson**
**Ingvar Jóhannsson** **Nansý Guðmundsdóttir**
**Helga Guðlaug Jóhannsdóttir** **Yngvi Þór Sigþórsson**
**og barnabarnabörn.**





*Okkar innilegustu þakkir fyrir sýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför elskulegrar móður okkar, tengadamóður, ömmu og langömmu*

**Ragnheiðar Sveinbjörnsdóttur**
húsfreyju, Hjálmsstöðum, Laugardal.

**Gróa Berglind Pálmadóttir** **Hilmar Einarsson**
**Guðrún Pálmadóttir** **Finn Henrik Hansen**
**Páll Pálmason** **Fanney Gestsdóttir**
**Sveinbjörn Reynir Pálmason** **Guðbjörg Eygló Þorgeirsdóttir**
**Bragi Pálmason** **Guðrún Kristinsdóttir**
**Þórdís Pálmadóttir** **Tómas Tryggvason**
**og fjölskyldur.**


## MÆÐRADAGURINN Á MORGUN: MÆÐRAMESSUR OG ÖRMÁLÞING

# Litríkt helgihald í Garðasókn

„Mér finnst gaman að því sem prestur að halda ákveðna daga hátíðlega og láta helgihaldið bera þess nokkur merki. Núna er mæðradagurinn og mér fannst tilvalið að gera eitthvað skemmtilegt og innihaldsríkt í tilefni dagsins,“ segir Jóna Hrönn Bolladóttir sem stendur að litríku helgihaldi í Garðasókn á morgun.

„Við erum með messu klukkan ellefu í Vídalínskirkju og þar ætla þrjú sett af mæðgum að þjóna og flytja tónlist. Forspilið er leikið af mæðgum og svo ætlum bæði við dóttir mín að þjóna og Kolbrún Sigmundsdóttir með dóttur sinni.“ Predikunin er svo í höndum Séra Auðar Eir Vilhjálmsdóttur sem Jóna Hrönn segir að sé eins konar móðir kvenpresta landsins og áherslan í sálmasöngnum er á íslenskar skáldkonur. „Því miður eigum við fáa sálma eftir konur og ég kalla eftir því að kventónskáld og ljóðskáld fari að taka sig til og semja fleiri sálma.“

Að messunni lokinni verður haldið örmálþing í Vídalínskirkju þar sem Jóna Hrönn og Ólafur Stephensen, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins, ætla að fjalla um þriðja starfið. „Margar formæður okkar voru í fullu starfið við að sinna barnauppeldi og heimili og þeirra starf var aldrei ofmetið. Þess vegna langar mig á mæðradegi að fjalla um þeirra starf og stóra hlutverk. Einnig ætla ég að varpa ljósi á það sem er að verða vandi í mörgum hjónaböndum að fólk hefur ekki tíma til að sinna hvort öðru vegna þess að það hefur ekki komið sér saman um hver á að vinna þriðja starfið. Sú staða ríkir á mörgum heimilum í dag að eiginmaðurinn er í fullu starfi og eiginkonan líka en svo er alveg ljóst að eftir er heilt starf sem tilheyrir heimilinu, eins og að ala upp börnin, kaupa inn, þrífa húsið, sjá um þvottinn og elda matinn. Þeir sem hafa ekki skipulagt þetta sem ég kalla þriðja starfið lenda oft í öngstræti í sínu hjónabandi.“ Hún segist ekki vita hvað Ólafur ætlar að fjalla um en grunar þó að hann eigi eftir að hnippa í sig og kynsystur sínar. „Kannski erum við konur dálítið smámunasamar og viljum ekki láta þriðja starfið af hendi þótt við ráðum ekki við að sinna því.“

Klukkan tvö verður svo messa í Garðakirkju þar sem Jóna Hrönn fær liðstyrk frá systkinum sínum. „Við Bolli Pétur og Hildur Eir höfum aldrei messað saman og langar að gera það á mæðradaginn og svo ætlar Gerður systir okkar að syngja. Bæði langar okkur til að fá að þjóna guði saman og svo erum við dálítið að gleðja mömmu okkar. Í messunni ætlum við að ferma unga stúlku, Þórdísi Sesselju Ólafsdóttur, og verðum því þrír prestar að þvælast í kring um eitt fermingarbarn.“



**JÓNA HRÖNN BOLLADÓTTIR, BOLLI PÉTUR BOLLASON OG HILDUR EIR BOLLADÓTTIR PRESTAR ÁSAMT FERMINGARBARNINU ÞÓRDÍSI SESSELJU ÓLAFSDÓTTUR** Mæðradagurinn verður haldinn hátíðlegur í Garðasókn á morgun og ætla systkinin Jóna Hrönn, Bolli Pétur og Hildur Eir Bollabörn að heiðra móður sína með því að messa saman í Garðakirkju og ferma eitt fermingarbarn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Sumarið hafið í Viðey

Í Viðey er margt sem gleður augað. Nægir þar að nefna fjölbreytt fuglalíf og gróðurfar og eins listaverk Richards Serra og Ólafs Elíassonar. Nú getur landinn brugðið sér út í eyjuna á ný á fallegum sumardögum enda hefur Viðeyjarferjan hafið sumaráætlun sína.

Á síðustu misserum hafa verið lagðið margir nýir göngustígar, ný leiktæki fyrir börn sett upp og 35 fræðsluskilti um náttúru og sögu þessarar merku eyjar hafa verið sett upp. Í skólahúsinu er ljósmyndasýning um mannlíf í Viðey á fyrri hluta 20. aldar.

Siglt verður alla daga frá Sundahöfn í sumar samkvæmt þessari áætlun: Til Viðeyjar kl. 13.00, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00 og 19.00. Frá Viðey kl. 13.15, 14.15, 15.15, 16.15, 17.15 og 19.15. Fargjaldið er sem fyrr 750 krónur fyrir fullorðna og 350 krónur fyrir börn, báðar leiðir.



**FÖGUR ER EYJAN** Það er skemmtilegt að rölta um Viðey í góðu veðri enda margt að skoða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## AFMÆLI



**Ásta B. Gunnlaugsdóttir** rekstrarstjóri og fyrrverandi knattspyrnukona er 45 ára.



**Hilmar Jónsson** leikstjóri er 42 ára.



**Hilmar Björnsson** sjónvarpsstjóri Sýnar er 37 ára



**Ellý Ármanns** athafnakona er 36 ára.



**Stærsta**
**inni og útisvæði með notaða bíla á landinu**

HOPPU-KASTALI

GRILLAÐAR PYLSUR

VELTUBÍLL FRÁ SJÓVÁ

Þér er boðið á

# 1 árs afmælishátíð

## Gerðu góð afmæliskaup!

*Komdu á afmælishátíð Bílakjarnans um helgina. Frábær kjör á góðum notuðum bílum. Hoppukastali, grillaðar pylsur og veltubíll frá Sjóvá á laugardag og sunnudag.*

*- Og mesta fjörið: Notaðir bílar á afmælisverði.*




**OPIÐ**
Laugardag 11 - 17
Sunnudag 13 - 16

# Bílakjarninn

**Stórmarkaður með notaða bíla**
***Eirhöfða 11, 110 Reykjavík***

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Bílabankinn

LITLA

# Náttúran hélt mér á lífi

Kvikmyndagerðarmaðurinn **Magnús Magnússon** er sannkallað náttúrubarn. Frá unga aldri hefur hann eytt ófáum stundum utandyra með myndavél í hönd og eftir hann liggja 58 náttúrulífsmyndir. Undanfarin ár hefur hann fylgst með fálkum og náð af þeim fágætum myndum en alvarleg veikindi settu strik í reikninginn. ***Snæfríður Ingadóttir*** ræddi við Magnús, sem fyrir þremur árum var sagt að hann ætti aðeins eftir viku ólifaða.



**ÚTILEGUMAÐUR** Magnús er búinn að liggja úti í fjörutíu ár við náttúrulífstökur. Hann er mikill nátturuverndarsinni og hefur hlotið fjölmiðlaverðlaun umhverfisráðuneytissins og verið tilnefndur til Norrænu umhverfisverðlaunanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í fjörutíu ár hefur Magnús Magnússon ferðast um og myndað náttúru Íslands. Fyrsta mynd hans, sem fjallaði um náttúru Mývatns, kom út árið 1986 og eftir það hafa fylgt myndir um ýmis náttúrufyrirbæri og ekki síst myndir um fugla. Þessa stundina er Magnús að leggja lokahönd á mynd um fálkann sem unnin er í samstarfi við líffræðinginn Óla Nielsen en í þeirri mynd er meðal annars að finna einstakt myndskeið af mökun fálka. Myndin hefur tekið fimm ár í framleiðslu en ef allt gengur upp verður hún tilbúin um næstu áramót.

„Þetta átti að verða mitt lokaverkefni, en mér sýnist ég ætla að lifa þau fleiri,“ segir Magnús, sem barist hefur við erfið veikindi undanfarin ár. „Fyrir þremur árum greindist ég með hvítblæði og var þá sagt að ég ætti aðeins eina viku eftir ólifaða. Mér var sagt að fara heim og reyna að njóta þessara síðustu daga.“ En Magnús er ekki dauður úr öllum æðum. Nýtt lyf gaf honum nýtt líf og skipaði líkamanum að framleiða rétt hlutfall af bæði hvítum og rauðum blóðkornum. Í dag er Magnús laus við lyfin og líkaminn sýnir engin mótmæli. Á eldhúsbekknum liggja ótal fræ sem eru á leið í mold, og fleiri verkefni bíða sumarsins og Magnúsar.

### Fuglaskoðun fyrirmannasport

Magnús ólst upp í Holtunum og var mikill grúskari sem barn. Hann sýndi strax mikinn áhuga á dýrum og náttúrunni og var orðinn fastagestur á Náttúrufræðistofnuninni tíu ára gamall. Þegar hann eignaðist sína fyrstu myndavél, þá tólf ára, fór hann strax að taka náttúrumyndir af mikilli ástríðu. „Þrettán ára náði ég myndum af Surtseyjargosinu 1963,“ segir Magnús og dregur fram albúm með svarthvítum myndum teknum úr lofti sem sýna gosmökkinn úr eynni. „Ég tók allt mitt sparifé og keypti mér flugfar fyrir peningana til þess að ná þessum myndum,“ minnist Magnús, sem vildi ólmur læra ljósmyndun.

Foreldrar Magnúsar náðu því þó í gegn að hann lærði einhverja „gagnlegri“ iðn og úr varð að hann fór í trésmíði. Smíðakunnáttan hefur komið sér afar vel því Magnús hefur til dæmis nýtt hana í það að smíða ófá felubyrgin sem hann notar við kvikmyndatökurnar. „Ég rak líka lengi húsgagnaverksmiðju sem fór sem betur fer á hausinn árið 1982, sem þýddi að þá gat ég farið að helga mig kvikmyndagerðinni,“ segir Magnús og hlær.

Hann dregur fram fleiri myndir; af hinum og þessum hljómsveitum, bæði innlendum og erlendum, sem hann fylgdist lengi með og myndaði til að eiga aura fyrir fuglamyndunum sem áttu hug hans allan. „Ég hef alltaf verið heillaður af fuglum. Mér líður vel nálægt þeim og það er gaman að fylgjast með atferli þeirra,“ segir Magnús og upplýsir að víða erlendis, til dæmis á Bretlandseyjum, þyki fuglaskoðun flott íþrótt og svokallað fyrirmannasport. „Ekki eins og hér á Íslandi þar sem fuglaskoðarar eru álitnir furðufuglar,“ segir Magnús og brosir.

### Rjúpan fálkanum nauðsynleg

Árið 1974 fór Magnús að fást við kvikmyndagerð. Hann byrjaði á því að mynda Kröflugos fyrir Vilhjálm Knudsen og fleiri verkefni fylgdu á eftir. Nú eru myndir Magnúsar orðnar 58 og hafa allar verið sýndar í Ríkissjónvarpinu. Við gerð þeirra hefur hann unnið með öllum helstu fuglafræðingum landsins, þá helst Ævari Pedersen og Arnþóri Garðarsyni.

„Það er gaman að segja frá því að ég bjó til 27 þætti um íslenska fugla að áeggjan Hrafns Gunnlaugssonar. Þættirnir voru sýndir í Ríkissjónvarpinu upp úr 1989 einu sinni í viku og það var mjög gaman að því að þeir voru þriðja vinsælasta sjónvarpsefnið þann vetur.“ Aðspurður að því hvort hann eigi sér uppáhaldsfugl segir hann að það verkefni sem hann fáist við hverju sinni heltaki hann og því sé ekki hugsað um neitt annað. Núna er það fálkinn og rjúpan. „Samspil rjúpunnar og fálkans er afar sérstakt. Þar sem ekki er rjúpa, þar er ekki heldur fálki,“ segir Magnús, sem hefur mótmælt rjúpnaveiðum harðlega og stóð meðal annars einn á Austurvelli með kröfuspjald árið 2003 þegar rjúpnaveiðibann var til umræðu á Alþingi.

„Fimmtíu dögum áður en kvenfálkinn fer að verpa færir karlfuglinn henni eina rjúpu á dag í hreiðrið. Ef karlfuglinn skaffar ekki nóg fer kvenfuglinn einfaldlega líka á veiðar og þá verður ekkert af varpi það árið. Þetta þýðir einfaldlega það að ef fálkinn fær ekki nóg af rjúpum lognast stofninn út af,“ upplýsir Magnús, sem skilur ekki þá áráttu manna að æða upp um fjöll til að skjóta rjúpu. „Er ekki meira vit í því að reyna að ná góðri mynd af rjúpunni? Þú borðar rjúpuna bara einu sinni en myndarinnar geturðu notið mun lengur,“ segir Magnús, sem er ekki aðeins talsmaður rjúpunnar heldur mikill náttúruverndarsinni.



**ÞOLINMÆÐISVINNA** Náttúrulífsmyndatökur krefjast þolinmæði og oft margra daga útiveru. Fálkar eru ekki síst erfitt viðfangsefni því þeir eru styggir og afar viðkvæmir fyrir truflun.



**RJÚPA Í MATINN** Fálkanum finnst rjúpan góð rétt eins og mannfólkinu og kvenfuglinn verpir ekki nema hann fái rjúpu á hverjum degi. Magnús er ekki hrifinn af rjúpnaveiðum enda þrífst fálkinn hvergi þar sem ekki er rjúpa.



**FÁLKAMÖKUN** Í nýjustu mynd Magnúsar „Í ríki fálkans með Óla Nielsen“ er að finna ótrúlega góðar nærmyndir af fálkum og atferli þeirra. Þar er meðal annars að finna einstakt myndskeið af mökun fálkapars. MYNDIR/MAGNÚS MAGNÚSSON

### Mikil þolinmæðisvinna

Myndir Magnúsar hafa farið víða. Auk þess að hafa allar verið sýndar í Ríkissjónvarpinu hafa þær verið notaðar til kennslu á hinum ýmsu skólastigum og þannig má segja að Magnús hafi bein áhrif á náttúruvernd í landinu með því að fræða almenning og vekja til umhugsunar um landið og lífríki þess. Magnús hlaut fjölmiðlaverðlaun umhverfisráðuneytisins fyrir myndina Undir smásjánni - Mývatn og einnig hefur hann verið tilnefndur til Norrænu umhverfisverðlaunanna fyrir störf sín í þágu umhverfisverndar. Myndir hans hafa einnig verið sýndar á erlendum sjónvarpsstöðvum og Bergvík hefur gefið þær allar út á DVD-diskum.

Eins og gefur að skilja hefur Magnús lent í ýmsum ævintýrum og hrakförum á ferli sínum og oft verið hætt kominn. Hann hefur gengið á glóandi hrauni við Heklu, sigið í björg, lent í grjóthruni og svo mætti lengi telja, allt til þess að festa rétta sjónarhornið og rétta andartakið á filmu. „Náttúrulífsmyndatökur krefjast mikillar þolinmæði, ekki síst þegar fálkinn er annars vegar, þar sem hann er styggur og afar viðkvæmur fyrir truflun,“ segir Magnús og bendir á að um 600 klukkustundir af efni liggi að baki tæplega klukkustundar heimildarmyndar um fálkann. Þar fyrir utan eru ótaldir óteljandi tímar í ferðalög til og frá tökustað. Sem dæmi um hversu mikil þolinmæðisvinna svona kvikmyndataka er var Magnús lokaður inni í felubyrgi í Þingeyjarsýslu í samfleytt fimm daga við gerð myndarinnar.

„Sú þolinmæði er ekkert á við þolinmæðina sem maður verður að sýna þegar maður er reyna að fjármagna svona verkefni. Mig vantar til dæmis svona fimmtán milljónir til þess að klára myndina,“ segir Magnús hlæjandi og bætir við að hann vonist til að þessi vinna borgi sig engan veginn fjárhagslega en hann hafi þó alltaf getað haft í sig og sína. „Þetta er allt gert fyrir málefnið. Það er svo gaman að ná atferli fuglanna á filmu og koma því áfram svo fleiri geti notið þess. Það er einhvern veginn ekki hægt að stoppa,“ segir Magnús og bætir við að hann sé þess líka fullviss að auk frábærra lækna hafi ástríða hans á fuglum landsins og náttúrunni haldið í honum lífi í veikindunum.

Magnús lætur ekki þar við sitja. Fálkamyndin er komin á klippiborðið hjá Friðgeiri Axfjörð og Magnús er nú þegar kominn með annan fugl í linsuna. ■

# Skiptidagar

## *Aðalbílasalan skiptir yfir í Bernhard Notaðir Bílar*

**Notaðir bílar á frábæru verði**

**allt að 500.000 kr. afsláttur**

Í tilefni þess að Aðalbílasalan skiptir um nafn og heitir nú „Bernhard Notaðir Bílar“ verðum við með Bernhard skiptidaga – þá skiptum við hærra verði niður í lægra. Fjör alla helgina • Skólahljómsveit Mosfellsbæjar • Keppnislið Honda í Motocross sýnir hjól og myndir • Hoppukastali • Rjúkandi pylsur í grillvagninum.

SUPERSPORT.is

**Suzuki Swift**



Árg 4/98, ek 95 þús.
Beinsk.
Verð 420 þús.
**Tilboð 250 þús.**

**Suzuki Grand Vitara XL7**



Árg 1/01, ek 100 þús.
Sjálfsk.
Verð 1.610 þús.
**Tilboð 1.330 þús.**

**Suzuki Ignis**



Árg 5/04, ek 35 þús.
Beinsk.
Verð 1.250 þús.
**Tilboð 910 þús.**

**MMC Lancer STW 4WD**



Árg 2/98, ek 119 þús.
Beinsk.
Verð 590 þús.
**Tilboð 330 þús.**

**Peugeot 206 XR Presense**



Árg 2/03, ek 43 þús.
Beinsk.
Verð 990 þús.
**Tilboð 650 þús.**

**Peugeot 407 SW HDI**



Árg 1/05, ek 110 þús.
Sjálfsk.
Verð 2.490 þús.
**Tilboð 2.050 þús.**



**Einn heppinn vinnur utanlandsferð fyrir 4 frá Sumarferðum. Verðmæti 419.000 kr.**

Einn heppinn bílkaupandi fær 5 stjörnu lúxussumarleyfisferð til Portúgal fyrir fjóra. Sumarferðir sjá um að allt verði eins og best verður á kosið, CS lúxushótel með allt innan seilingar, strönd, golfvelli og fjölskylduskemmtanir. Sjáðu allt um dýrðina á sumarferdir.is

**Drífðu þig strax á skiptidaga Bernhard Notaðra Bíla, Bílakjarnanum og skiptu upp í nýjan, notaðan bíl á dúndurtilboði - það stendur ekki lengi**




**OPIÐ**
Laugardag 11- 17
Sunnudag 13 - 16

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Bernhard Notaðir Bílar - Eirhöfða 11 - 110 Reykjavík - Sími: 551 7171

HÉR & NÚ / SÍA

# Ljúffengt um helgina!




LAMBAGRILL-
STEIK Í TÓMAT
& BASIL
**2.998** kr. kg




GRILLSPJÓT, LÍTIL & STÓR
VERÐ FRÁ **298** kr. stk.




LAMBAFILLE MARINERAÐ
TOSCANA MARINERING
**3.398** kr. kg




LAMBAINNRALÆRI
MEÐ SUMARFYLLINGU
**3.298** kr. kg
RJÓMAOSTUR, FETAOSTUR, SÓLÞURRKAÐIR TÓMATAR, ÓLÍVUR & SALT OG PIPAR




MERRILD
KAFFI,
500 G
**349** kr. pk.

DEL MONTE
BLANDAÐIR
ÁVEXTIR &
JARÐARBER
**129** kr. stk.

NÓATÚNS
SÆLKERA ÍS,
4 BRAGÐ-
TEGUNDIR
**499** kr. stk.

MG ÍSSÓSUR,
3 TEG.
**349** kr. stk.


Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Úr fiskborði Nóatúns
GÓMSÆT FISKISPJÓT
398 kr. stk.
Úr fiskborði Nóatúns
SVERÐFISKUR MEÐ KRYDDSMJÖRI
2.998 kr. kg
Úr fiskborði Nóatúns
TÚNFISKUR Í TERYAKI & CHILI
2.798 kr. kg
MAÍS KÓLFUR GRILLPRJÓN 169 kr. stk.
DUCHESS KARTÖFLUR 998 kr. kg
GRILLBAKKI GRÆNMETI 499 kr. stk.
ÞURRKRYDDAÐ, MARENERAÐ Í BBQ
JARÐABER Í BOXI
199 kr./pk. 200 g
KONFEKT EPLI
249 kr./pk.
EGGALDIN
199 kr./kg
FLORETTE SUMAR SALAT
249 kr./pk.
NÓATÚN

# Valdið, lýðræðið og ribbaldakapítalistar

Ýmsir hafa í seinni tíð látið í ljós áhyggjur af því að samviskulitlir ribbaldakapítalistar kaupi upp allt sem fyrir þeim verður, haldi í flesta þræði og ógni lýðræðinu. Þetta var eitt sinn kallað auðvald. Séu þessar áhyggjur á rökum reistar kann viðnám gegn auðvaldsógninni að vera fólgið í rótgrónu lýðræðis- og velferðarkerfi Norðurlanda. **Jeffrey D. Sachs, prófessor við Columbia-háskóla,** og **Kenneth Rogoff, prófessor við Harvard-háskóla,** eru víðkunnir bandarískir hagfræðingar, sem báðir hafa lagt orð í belg í fjölmiðlum nýverið. *Jóhann Hauksson* kynnti sér röksemdir þeirra.



**NORÐURLANDARÁÐ** Fátækustu Norðurlandabúarnir fá miklu stærri skerf þjóðarteknanna í sinn hlut en fátækustu íbúar Bandaríkjanna. Fátækustu norrænu heimilin eru hálfdrættingar í tekjum miðað við meðalfjölskylduna, en þau bandarísku hafa aðeins fjórðung af tekjum meðalfjölskyldunnar þar í landi.

Þýska tímaritið Der Spiegel ræddi á dögunum við Rogoff. Þar slær hann því föstu að þáttur launa í hagvextinum fari minnkandi. Í 100 ár hafi þáttur almennings í þjóðartekjunum verið stöðugur og því hafi ekkert verið jafn fjarri sannleikanum og kenning Karls Marx um að aðeins kapítalistar einir græddu á kapítalismanum en aðrir væru arðrændir. Með vextinum hefðu launin einnig hækkað.

En þrátt fyrir þetta hafi á undanförnum 20 árum komið fram merki þess að hinir ríku séu að verða ríkari en launamenn beri hlutfallslega minna úr býtum. Rogoff vill ekki kalla þetta merki um arðrán í anda kenninga Marx. „En ef hlutur vinnandi stétta í vextinum eykst ekki mun það mögulega leiða til spennu í þjóðfélögum um allan heim. Aðalatriðið er að tilraunir í Bandaríkjunum til þess að vinda ofan af þessari þróun hafa ekki borið árangur. Starfsmenn Boeing höfðu svo gott sem ekkert upp úr krafsinu síðastliðið haust með því að fara í verkfall. Þess í stað eru starfsmenn í enn veikari stöðu en áður, bæði í flugvélaiðnaði og öðrum greinum iðnaðarins.

## Vaxandi spenna

Rogoff segir að í annan tíma hafi ekki verið betra að verða ríkur. Ofsagróði af hlutabréfum sé óheyrilegur og allsnægtir vel stæðra fjölskyldna séu undraverðar. Það þurfi því ekki að koma á óvart að hinn almenni Bandaríkjamaður skynji hagtölurnar með öðrum hætti en Bush og vinir hans. „Þeir geta leikið sér með tölur eins og þeim sýnist, en augljóst er að skipting auðsins er óréttlát,“

Rogoff er spurður hvort skattalækkanir Bush-stjórnarinnar í þágu hinna ríku – meðal annars með takmörkun á erfðaskatti – hafi ekki átt að stuðla að hagvexti allra. Íhaldsmenn héldu gjarnan fram að aðfallið lyfti öllum bátum.

„Hamfarirnar í New Orleans færðu okkur heim bitran sannleikann um það hvað verður um fátækt fólk: það á ekki báta. Frekari skattalækkun væri röng aðferð meðan ekki er almennt sjúkratryggingakerfi fyrir börn. Slíkt væri svívirðilegt. Óbeislaður kapítalismi í Bandaríkjunum getur ekki haldið velli í félagslegu tilliti. Hann leiðir til spennu. Ef fimm næstu ár verða lík fimm undanförnum árum munum við glíma við aukin átök. Þegar öllu er á botninn hvolft lítur fólk ekki til eigin afkomu heldur til þess hvernig nágrannarnir hafa það hver staða þess er í samfélaginu. Þessi ofboðslegi ójöfnuður er ekki beinlínis æskilegt einkenni á samfélagi okkar.“

Der Spiegel spyr Rogoff hvort forstjórar stóru fyrirtækjanna séu ekki drifnir áfram af hnattvæðingunni og þeir hagnýti sér kosti hennar í eigin þágu.

„Við bregðumst við markaðsöflunum og reynum að halda störfunum, það er sú ímynd sem framkvæmdastjórar hafa af sjálfum sér og skilja ekkert í reiði fólks. Tökum dæmi af því þegar forstjóri fær 3,5 milljarða króna starfslokasamning um leið og 5.000 manns er sagt upp störfum hjá fyrirtækinu. Þetta er alltaf að gerast. Þetta sýnir að fjármálalífið er sveigjanlegt og það leyfir breytingar. Á hinn bóginn er það alger barnaskapur að ætla að þetta skapi ekki spennu.“

## Óheftur kapítalismi

En skyldu lönd eða fyrirtæki, sem fara gegn hnattvæðingunni ekki skaða sig sjálf á endanum?

„Ekkert augljóst svar er við þessu. Það væri eins og hver önnur sjálfseyðing að þjóðnýta iðnaðinn, svo dæmi sé tekið. En þeir sem telja sér trú um að hagvöxtur sé fyrir hendi og allt sé í stakasta lagi vilja ekki viðurkenna brestina í kerfinu. Svo vill til að bil ríkra og fátækra er mun meira í Kína en í Bandaríkjunum. Með ströndinni er kínverska þjóðin í samfélagi tuttugustu og fyrstu aldar. Annars staðar í landinu, þar sem tveir þriðju allra Kínverja búa, blasir nítjánda öldin við. Þetta er nær óskiljanlegur mismunur. Þarna er óvenjulega hrár kapítalismi á ferð.“



**STÍFLUGARÐUR KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR Í HAFRAHVAMMAGLJÚFRUM** Miklu hærra hlutfall starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun er af erlendum uppruna en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hnattvæðingin birtist meðal annars í flutningi á vinnuafli milli heimshluta. Hin aðferðin er að leggja niður verksmiðjur í einum heimshluta og reisa þær annars staðar þar sem vinnuafl er ódýrt.



**JEFFREY D. SACHS HAGFRÆÐI-PRÓFESSOR**
„Það er kaldhæðnislegt að í Bandaríkjunum, þar sem lausnir einkamarkaðarins eru í fyrirrúmi, er kerfið svo óskilvirkt að Bandaríkjamenn greiða 14 prósent af þjóðartekjum sínum til heilbrigðismála en Norðurlöndin aðeins 11 prósent.“



**KENNETH ROGOFF HAGFRÆÐI-PRÓFESSOR**
„Þessi ofboðslegi ójöfnuður er ekki beinlínis æskilegt einkenni á samfélagi okkar.“

Blaðamaður Der Spiegel spyr Rogoff hvort frjáls verslun í anda kenninga Ricardos frá nítjándu öld sé ekki lausnin og svar allsnægtaþjóðanna við flutningi á störfum milli heimshluta sé einfaldlega að ná enn lengra á tæknisviðinu.

Rogoff svarar því svo að sú fullyrðing að allir hagnist samtímis á frjálsri verslun sé einfaldlega röng. Verndin sé heldur ekki lausn. Ekki sé hægt að færa klukkuna til baka. „Óheftur kapítalismi leiðir til verulega vandkvæða. Við munum sjá að pólitískur stuðningur við æ frjásari verslun getur minnkað meðal almennings þegar til lengri tíma er litið.“

## Ógn millistéttanna

Um vaxandi flutning á störfum til Asíu segir Rogoff að hátækniiðnaðurinn sé rekinn með gríðarlegum hagnaði. „Erfitt eða óhugsandi er að bæta stöðu fimmtugs starfsmanns í stálveri, eða starfsmanna flugvélaiðnaðarins. Vandinn – að minnsta kosti í Bandaríkjunum – er ekki sá að fólk geti ekki útvegað sér vinnu. Vandinn er sá að það finnur ekki vinnu sem færir þeim reisn eða sómasamlega félagslega stöðu. Þetta hrikalega niðurstreymi í tilveru ófaglærðra verkamanna hefur verið uppi á teningnum í langan tíma. En nú er hins vegar flutningur eða útvistun (outsourcing) starfa og heilla greina milli heimshluta farin að hafa áhrif á fólk og störf í efri lögum samfélagsins. Þetta er fólk sem naut öryggis áður.“ Rogoff er með öðrum orðum ekki viss um það heldur að aukin áhersla á menntun á Vesturlöndum geti spornað við þessari þróun.

## Horft til Norðurlanda

„Hagfræðingurinn Friedrich von Hayek, einn helsti talsmaður markaðsfrelsisins, taldi að vaxandi opinber umsvif væru ógnun við sjálft lýðræðið og vísaði Evrópulöndum leið til ánauðar. Engu að síður hafa Norðurlöndin dafnað en ekki liðið fyrir rekstur umfangsmikilla velferðarkerfa, með minni spillingu í opinberri stjórnsýslu og miklu meiri kosningaþátttöku en gerist í Bandaríkjunum.“

Þannig ritar Jeffrey D. Sachs, hagfræðiprófessor við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum í Daily Times 23. apríl.

Sachs segir að við þyrftum minna að rífast um hagstjórn ef meiri tíma væri varið í athuganir á því hvað raunverulega kæmi að gagni og hvað ekki. Nær allstaðar sé umræðan um það hvernig tengja megi saman markaðsöflin og félagslegt öryggi. Vinstrimenn kalli eftir meiri félagslegu öryggi, en hægrimenn segi að það grafi undan hagvexti og auki skuldir.

„Þessa umræðu er hægt að flytja áfram með því að rannsaka árangur Dana, Finna, Íslendinga, Norðmanna, Hollendinga og Svía á sviði efnahagsmála. Þótt ekki sé hægt að yfirfæra reynslu einnar þjóðar yfir til annarrar, hafa Norðurlöndin á árangursríkan hátt ofið saman félagslega velferð við tekjustig, hagvöxt og þjóðhagslegan stöðugleika. Stjórnsýsla þeirra fær einnig háa einkunn.

*„Engu að síður hafa Norðurlöndin dafnað en ekki liðið, fyrir rekstur umfangsmikilla velferðarkerfa, með minni spillingu í opinberri stjórnsýslu og miklu meiri kosningaþátttöku en gerist í Bandaríkjunum.“*

**J. Sachs**

Háir skattar standa undir víðtækri heilbrigðisþjónustu, menntun og þjónustu við aldraða sem að sínu leyti dregur úr fátækt og dregur úr tekjumun fátækra og ríkra heimila. Í Bandaríkjunum fær fátækasti fimmtungur heimilanna aðeins um fimm prósent þjóðarteknanna í sinn hlut. Tekjur þeirra eru aðeins um fjórðungur af meðaltekjum bandarískra heimila. Til samanburðar má geta þess að fátækasti fimmtungur heimila á Norðurlöndum fær um 10 prósent þjóðarteknanna í sinn hlut. Tekjur þeirra ná um helmingi meðaltekna heimila í þessum löndum.“

## Skattar og árangur

Bandarískir íhaldsmenn halda því fram að mikil opinber umsvif dragi úr skilvirkni og auki líkur á stjórnunarmistökum, spillingu og misbeitingu valds. Mikil skattheimta, til þess að standa undir ríkisumsvifum, dragi auk þess úr skilvirkni hagkerfisins. Jeffrey Sachs segir að dæmið frá Norðurlöndum sýni að allt sé þetta rangt.

„Tökum staðhæfingar um óskilvirkni og sóun. Niðurstaðan af ríkisreknu heilbrigðiskerfi á Norðurlöndum er hærri meðalaldur og minni barnadauði en í Bandaríkjunum. Bandarísk stjórnvöld tryggja ekki almenna heilbrigðisþjónustu og milljónir manna eru of fátækar til að greiða fyrir slíka þjónustu úr eigin vasa. Það er kaldhæðnislegt, að í Bandaríkjunum, þar sem reiða lausnir einkamarkaðarins eru í fyrirrúmi, er kerfið svo óskilvirkt að Bandaríkjamenn greiða 14 prósent af þjóðartekjum sínum til heilbrigðismála en Norðurlöndin aðeins 11 prósent.

Hallinn á ríkissjóði Bandaríkjanna er meiri en á Norðurlöndunum sem verja samt meiru af þjóðartekjum sínum til velferðarmála. Bandaríkin verja minna til opinberra umsvifa en Norðurlöndin og innheimta svo lága skatta að þeir hrökkva ekki fyrir útgjöldunum.

Háir skattar á Norðurlöndum virðast ekki hafa dregið úr frammistöðu ríkjanna. Í stað þess að leggja höfuðáherslu á tekjuskatta, svo sem gert er í Bandaríkjunum, reiða Norðurlöndin sig mjög á virðisaukaskatt, sem skilar hlutfallslega miklum tekjum, dregur úr undanskotum og skekkir síður hagstjórnina.“

## Skýringar á árangri

Sú trú íhaldsmanna að umfangsmikil velferðarþjónusta dragi úr hvatanum til þess að vinna og spara virðist ekki heldur standast. Sparnaður á Norðurlöndum er að jafnaði um 20 prósent af þjóðartekjum en aðeins um 10 prósent í Bandaríkjunum segir Sachs. „Auk þessa hefur hagvöxtur á Norðurlöndum verið jafn mikill og í Bandaríkjunum á síðari árum. Tekjur eru að jafnaði hærri í Bandaríkjunum, en það skýrist einkum af því að Norðurlandabúar vinna skemmri vinnutíma. Hvað sem því líður eru tekjur Norðurlandabúa háar og tekjur á mann í Noregi eru reyndar að jafnaði hærri en í Bandaríkjunum.

Nokkrir þættir virðast geta skýrt árangur Norðurlanda. Skattlagning hvílir á breiðum grunni og veldur tiltölulega lítilli skekkju í hagkerfi Norðurlanda. Opin og alþjóðleg verslun og viðskipti, markaðsöfl og einkaeign á framleiðslutækjum eiga að sjá fyrir nægjanlegum hvata í kerfinu. Norðurlöndin reka ekki „sósíalísk“ hagkerfi með ríkisreknum fyrirtækjum og opinberri áætlanagerð. Þau reka velferðarhagkerfi, sem byggjast á einkaeign og markaði og félagslegu öryggi sem kostað er af almenningi. Mikilvægt er að þau fjárfesta ríkulega í æðri menntun, vísindum og tækni en með því móti eru þau í fararbroddi hátæknisamfélaganna,“ segir Jeffrey Sachs.







## ALLT HITT

**[BÍLAR, FERÐIR OG TÍSKA]**

**Bílakjarninn** á Eirhöfða heldur upp á eins árs afmæli sitt um helgina. Af því tilefni verða ýmis flott afmælistilboð á notuðum bílum auk þess sem á svæðinu verða hoppukastali, veltubíll frá Sjóvá og grillvagn sem býður upp á pylsur fyrir gesti. Opið verður alla helgina.



**Partí** verður í versluninni Gyllta kettinum á laugardaginn klukkan 14. Tilefnið er ný sending sem Kettinum var að berast og er ein sú stærsta til þessa. Að sjálfsögðu eru allir velkomnir.

**Ganga** upp á Akrafjall verður farin á vegum Útivistar á morgun, sunnudag. Gangan hefst við mynni Berjadals á Geirmundartind og síðan er tekinn stór sveigur yfir á Háahnúk, alls þrettán kílómetra vegalengd. Göngutími er áætlaður fimm til sex klukkustundir og fararstjóri er María Berglind Þráinsdóttir.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 13. maí, 133. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.20 | 13.24 | 22.31 |
| Akureyri | 3.47 | 13.09 | 22.34 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Einar Þorsteinsson fréttamaður segir eftirlætisbílinn sinn vera Suzuki Swift GL sem Einar segir standa fyrir Grand Lux. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR V

# Primera er sportlegur húsbóndabíll

***Einar Þorsteinsson fréttamaður ekur um á Nissan Primera sem hann keypti ásamt unnustu sinni á þessu ári. Einar er ánægður með bílinn og segir hann vera sportlegan húsbóndabíl.***

„Við keyptum Nissan Primera, árgerð 2004, á þessu ári,“ segir Einar Þorsteinsson fréttamaður en hann og Helga unnusta hans eiga bílinn saman og deila honum bróðurlega. „Bíllinn er mjög flottur að innan og kemur með öllum þeim búnaði sem maður þarf ekki á að halda. Það er svo furðulegt stjórnborðið í honum, þetta er eins og á flugmóðurskipi, til að mynda er bakkmyndavél í bílnum þannig maður sér nákvæmlega hvert maður er að bakka. Um daginn bakkaði til dæmis á okkur kona, hún hefði betur verið á Nissan Primeru og haft bakkmyndavél,“ segir Einar og hlær.

„Við erum ótrúlega ánægð með þennan bíl. Hann er kannski heldur stór fyrir okkur þar sem við erum bara tvö,“ segir Einar og notar þekktan mælikvarða mafíutungumálsins við að lýsa rúmtaki skottsins. „Hins vegar er bíllinn góður í akstri og þægilegur í alla staði.“ Aðspurður hvort telja megi Nissan Primera til frúarbíls heldur Einar nú ekki og svarar um hæl, „þetta er sportlegur húsbóndabíll.“

Fyrsti bíllinn sem Einar átti gekk undir nafninu El Coche Deportivo en þann bíl átti hann í menntaskóla. „Þetta var Suzuki Swift GL frá árinu 1988. Og ég tel að GL hafi staðið fyrir Grand Lux,“ segir Einar og kímir. „Þessi bíll var í svo miklum hávegum hafður hjá vinahópnum að bíllinn var með á bekkjarmyndinni þegar við útskrifuðumst úr MR. Draumurinn er að komast yfir annan Suzuki „Grand Lux“, sem er draumabíllinn minn.“

*johannas@frettabladid.is*

KOLAPORTIÐ
Góð leið til fjáröflunar



OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17



TAKTU NÆSTA SKREF
AÐ TAKMARKINU

LÆGRI LÁNTÖKU KOSTNAÐUR
ALLT AÐ 75% LÁNS HLUTFALL
ÞEKKING & ÞJÓNUSTA

ATVINNUHÚSNÆÐISLÁN
Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa á atvinnuhúsnæði. Lánin eru verðtryggð og geta numið allt að **75% af kaupverði fasteignar**. Þú velur húsnæðið sem hentar þér – okkar markmið er að veita framúrskarandi þjónustu á sanngjörnum kjörum. Komdu til okkar í **Lágmúla 6**, hringdu í **540 5000** eða sendu okkur póst á **frjalsi@frjalsi.is**. Þú vinnur betur í eigin húsnæði!

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

Fíton/SÍA FI015128

**Græna kortið** kostar 5.000 kr. Að fylla á bílinn einu sinni kostar 5.000 kr. Hummm...




SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR

Jeep · CHRYSLER · DODGE

BÍLJÖFUR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

BIFREIÐASTILLINGIN

**Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bila vegna hitavandamála?**

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

**Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400**




# Volvo C70 á Íslandi

***Glæsilegur og öruggur harðblæjubíll úr smiðju Volvo frumsýndur hjá Brimborg í dag.***

Hinn nýi Volvo C70 er nánast sömu stærðar og forverinn. Hallandi framhlutinn gefur straumlínulagaðan og sportlegan hliðarsvip og segir Fedde Talsma, hönnunarstjóri hins nýja Volvo C70, að hönnun bílsins hafi verið afar krefjandi verk. Ástæðan var meðal annars sú að bílnum var ætlað að hafa sama yfirbragð hvort sem þakið væri uppi eða ekki.

„Það var ekki auðvelt verk, en öll vinnan að því markmiði gaf okkur þá reynslu að besta aðferðin væri að hefja hönnunina á harðtoppnum sjálfum og vinna sig síðan niður eftir bílnum. Þegar við vorum orðin ánægð með útkomuna aðlöguðum við breytingarnar að opnu útgáfunni út frá harðtoppsútgáfunni. Okkur finnst sem þetta fyrirkomulag hafi gefið besta raun.“

Nýi Volvo C70 bíllinn er einn af fyrstu opnu bílunum í lúxusflokki með bæði stálþaki og sætum fyrir fjóra farþega og eins og forverinn er hann samsettur í Uddevalla í Svíþjóð.

Vélalínan samanstendur af fimm strokka línuvélum. Þar fer fremst í flokki 220 hestafla T5 forþjöppuvélin, en einnig eru tvær 2,4 lítra vélar í boði, annars vegar 170 hestafla og hins vegar 140 hestafla vél og síðar á árinu mun svo verða boðið upp á 2,4 lítra fimm strokka og 180 hestafla díselvél.

Hin nýi Volvo C70 verður frumsýndur í dag, 13. maí, hjá Brimborg við Bíldshöfða 6 í Reykjavík. Opið verður milli kl. 12 og 16 og verður gestum boðið upp á kaffi og kleinur.



Volvo C70 er hin mesta glæsibifreið í alla staði.



Z4 coupé kemur fyrir augu Íslendinga seinna í þessum mánuði, nokkrum vikum áður en hann er frumsýndur í heimalandi sínu. Á myndinni er líka Z4 Roadster sem verður frumsýndur við sama tækifæri.

# Heimsfrumsýning Z4 coupé á Íslandi

***B&L frumsýnir ofursportbílinn BMW Z4 coupé síðar í þessum mánuði í samstarfi við BMW.***

Hér er ekki um neina venjulega frumkynningu að ræða, heldur heimsfrumsýningu. B&L er fyrsti umboðsaðili BMW til að afhjúpa bílinn. BMW er þekkt fyrir afar veglegar frumsýningar og er viðbúnaður vegna hennar því verulegur. Þetta er að sögn Karls Óskarssonar, sölustjóra hjá B&L, jafnframt í fyrsta sinn sem BMW kemur beint að jafn stórum viðburði hér á landi. „Þá höfum við enn fremur fengið það staðfest að samhliða heimsfrumsýningunni verður Z4 Roadster einnig frumsýndur hér á landi við þetta tækifæri.“

Í bílnum er léttbyggð þriggja lítra ál-magnesíum vél, 265 hestafla, sem skilar hröðun úr 0-100 km/klst á aðeins 5,7 sekúndum. Sex gíra kassinn er með afar lágt gírhlutfall svo að snúningshraði vélarinnar nýtur sín til fulls við allar aðstæður.

Eigin þyngd bílsins er aðeins 1395 kg og er hann því allt að 150 kg léttari en keppinautar á borð við Audi TT Coupé. Þrátt fyrir lága þyngd er styrkleiki eða stífni boddísins mikil, sem hefur mikið að segja fyrir stöðugleika og rásfestu, auk öryggis bílsins.



Þetta er í fyrsta sinn sem BMW kemur beint að jafn stórum viðburði hér á landi.



Sænski ofurbíllinn verður meðal sýningargripa á bílasýningu Bíla & sports.

# Koenigsegg á Íslandi

***Bílasýning Bíla & sports stefnir í allsherjar veislu.***

Dagana 9.-11. júní stendur tímaritið Bílar & sport fyrir glæsilegri bílasýningu í Laugadalshöll.

Undirbúningur er í fullum gangi og nokkur leynd hvílir yfir því hvaða sýningagripir verða á staðnum. Þó hefur fengist staðfest að fluttur verður sérstaklega til landsins sænskur Koenigseggbíll sem er um 100 milljóna króna virði. Samkvæmt heimsmetabók Guinness á bíllinn opinbert hraðamet fjöldaframleiddra bíla og er með hámarkshraða í kringum 400 km.

Gestum mun gefast kostur á að skoða marga bíla sem eru í eigu Íslendinga og þykja bera af á einhvern hátt.

Önnur tæki sem munu sjást á sýningunni eru jeppar, sportbílar, hjól, bátar, flugvélar, þyrlur, vélsleðar, flug- og bílmódel, fornbílar og jet-ski.








## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

# Tími á breytingar

Mér finnst merkilegt, nei - hreinlega magnað, að hugsa til þess þegar fyrstu umferðarlögin voru sett. Þá máttu bílar til dæmis ekki fara hraðar en fótgangandi og þeir urðu að halda sig á vinstri vegarhelmingi, því þar var sæmilegt fyrir konur að ríða í söðli. Þetta var í árdaga bílamenningar, fyrir um það bil einni öld síðan. Fljótlega fór þó að komast mynd á umferðarlögin (nema þetta með vinstri vegarhelminginn) og stefnuljós, stöðvunarskyldur og hraðatakmarkanir urðu lík því sem við þekkjum í dag. Það má því eiginlega segja að þróun á sviði umferðarlaga hafi verið mjög lítil á síðustu áratugum. Helst að þær snúist um þyngdar- og stærðartakmarkanir.

Það má auðvitað segja að eitthvað sem endist svona lengi hljóti að hafa verið afskaplega vel gert í upphafi, fyrst enginn hafi séð ástæðu til að breyta því. Ég held samt að skýringin sé önnur. Ég held að umferðarlögin hafi einfaldlega gleymst. En nú er komið að því að stoppa í þau göt sem þar er að finna og færa þannig umferðarmenningu mannkynsins einu skrefi nær útópískum veruleika. Og af einskærri fórnfýsi ætla ég að leggja til fyrstu breytingarnar.

Fyrst af öllu mættu ökumenn undir tvítugu aðeins keyra bíla sem væru 60 sekúndur eða lengur í hundrað. Það nennir enginn að keyra hratt á svoleiðis bíl því hvergi á landinu finnst nógu langur beinn vegarkafli til að ná upp almennilegum hraða.

Næst vil ég að ökumenn sem aka meira en tíu prósentum undir hámarkshraða séu sektaðir, nema aðstæður kalli á hægari umferð, eins og mikil rigning, hálka eða þess háttar. Þessir ökumenn ýta undir framúrakstur og hann er, eins og við vitum öll, hættulegur.

Ökumenn sem negla niður á miðri götu til að leita að húsnúmerum myndu missa ökuskírteinið sjálfkrafa, þökk væri sérstökum stopp-skynjara, og vera fluttir í skjóli nætur til einangrunar í Hrísey.

Sem lokainnlegg mitt í fyrstu lotu breytinga á umferðarlögunum legg ég til að bílar sem ætlunin er að geta notað á þjóðvegum þurfi að vera að minnsta kosti eitt tonn á þyngd. Að sama skapi verði bannað að eiga bíl sem sé þyngri en 1,5 tonn, nema maður fari að minnsta kosti tvisvar í mánuði út fyrir bæjarmörkin.

Væri lífið ekki enfaldara?

Sendum frítt um allt land!
Jeppadekk

Vortilboð!
31" heilsársdekk
kr. 11.900
(31x10.50R15)
Aðrar stærðir:
27" 215/75R15, kr. 7.900
28" 235/75R15, kr. 8.900
30" 245/75R16, kr. 10.900
32" 265/75R16, kr. 12.900
ALORKA
Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

2329 / Tákn nr 19

STARTARAR
ALTERNATORAR
-íhlutir í bíla og báta
NIPPARTS CARGO BOSCH
Bílanaust
535 9000
Akureyri • Egilsstöðum • Hafnarfirði • Höfn • Keflavík • Kópavogi • Reykjavík • Selfossi

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON
TUCSON
2.0L bsk. 142. hö
Kr. 28.233 á mánuði
- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki

STÓRI HM LEIKURINN
Félag íslenskra fótboltaáhugamanna
www.soccer.is
Langar þig að upplifa stærsta íþróttaviðburð í heimi?
Þú kemst í pottinn með því að reynsluaka Hyundai hjá B&L, borða á McDonalds eða fara inn á Icelandair.is
✓ 4 VIP miðar á úrslitaleikinn í HM 9.júlí
✓ 2 miðar á leik í undanúrslitum
✓ 2 miðar á leik í 16-liða úrslitum
✓ 2 miðar á leik Brasilíu og Króatíu í F-riðli
✓ 10 helgarferðir fyrir tvo með Icelandair
✓ 400 máltíðir frá McDonalds
✓ 500 Hyundai HM-leðurboltar
HYUNDAI i'm lovin' it
FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
HYUNDAI Official Partner
Með bílinn handa þér
Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.
* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisbreytingum.
HYUNDAI hefur gæðin
B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Umoðsmenn um land allt Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

**Munið öryggisbúnaðinn** Þeir sem draga tjaldvagn á eftir sér verða að muna eftir öryggisbúnaði eins og ljósum og speglum.








Atli Yngvason, verslunarstjóri Cintamani á Laugaveginum, lofar vandaðri og persónulegri þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Alvöru útvistarverslun

***Cintamani, sérverslun með meiru, opnaði á Laugaveginum í síðasta mánuði. Þar er bæði hægt að kaupa vandaðar útivistarvörur og bóka fjölbreyttar ferðir innanlands.***

„Þetta er útivistarævintýrabúð, ef svo mætti kalla. Við erum bæði með Cintamani og svo stílum við jafn mikið inn á að vera innlands ferðaskrifstofa. Bæði erum við að bóka ævintýraferðir úti á landi og einnig í nágrenni Reykjavíkur," útskýrir Atli Stefán Yngvason, verslunarstjóri Cintamani. Hann segir jafnframt að í versluninni verði ekki einungis hægt að finna vörur frá Cintamani heldur megi meðal annars finna gönguskó frá Meindl, Letherman-hnífa, O'Neil-sumarvörur, prímusa, GPRS-tæki og fleira. „Við erum kannski ekki með eins þétt vöruúrval og stóru útivistarvöruverslanirnar en við reynum þó að vera með brot af því besta og einmitt að velja flottar vörur í staðinn fyrir eitthvað ódýrt. Við erum meira að stíla inn á gæðin.

Eins og áður segir er einnig hægt að bóka ýmsar ferðir innanlands hjá starfsfólki verslunarinnar en allt starfsfólkið er þrautreynt útivistarfólk og vanir leiðsögumenn. „Við veljum líka ferðir sem okkur líst vel á og prófum þær. Þannig að við vitum alveg í hvað við erum að senda fólk. Við erum ekki með alla flóruna, heldur reynum við að velja það skemmtilegasta," segir Atli og bætir við að starfsfólk verslunarinnar hreinlega verði að vera búið að fara í ferðirnar þannig að það viti almennilega hvað er verið að selja.



Í versluninni má finna brot af því besta fyrir áhugamenn um útivist.



Verslunin Cintamani er á besta stað á Laugaveginum og er kærkomin þjónustuviðbót fyrir ferðamenn.

Ferðirnar eru eins og gefur að skilja að mestu ætlaðar erlendum ferðamönnum en Atli segir að auðvitað sé öllum innlendum ferðamönnum heimilt að fara með. Hann segir að til að mynda hafi mörg fyrirtæki bókað ferðir. „Íslendingar geta líka fengið þær á lægra verði ef þeir eru sjálfir á bíl og sleppa þannig við keyrslugjald." Í versluninni er einnig svokallaður heitur reitur, sem gerir fólki kleift að fara þráðlaust á netið. Verslunin býður einnig fólki upp á nettengdar tölvur, sem er sérstaklega þægilegt fyrir ferðamenn, þar sem netkaffi eru af skornum skammti í miðborginni.

*steinthor@frettabladid.is*



## Arkað um Alpana

Enn eru nokkur sæti laus í gönguferð Bændaferða til Norður-Ítalíu. Bændaferðir eru framarlega á sviði gönguferða erlendis og hafa ferðir þeirra notið gríðarlegra vinsælda enda er uppselt í margar ferðir þeirra sem farnar verða í sumar. Góðu fréttirnar eru þó að enn eru laus sæti í gönguferð um Norður-Ítalíu sem farin verður 24. júní til 1. júlí. Fararstjóri í þessari ferð er Sævar Skaptason, en hann hefur farið með hópa í gönguferðir í Ölpunum og Evrópu síðustu þrjú ár.

Ferðin er sjálfstæður hluti hinnar þekktu gönguleiðar E5 í Ölpunum og farið er um einstaklega fallegt svæði. Rúsínan í pylsuendanum er síðan óperan Carmen sem sýnd er í hringleikahúsinu í Veróna þar sem sýningarinnar er notið undir berum himni.

Verð á ferðinni er 132.100 krónur.



HÓTEL SÓLEY

Þann 1. júní verður nýtt 25 herbergja hótel opnað á Dalvík.

- Hótel Sóley -

Rými fyrir 50 manns í 2ja manna herbergjum, með baðherbergi og sturtu - fallegt útsýni til sjávar og sveita. Dalvík sem er í um 30 mínútna akstusfjarlægð frá Akureyri, er m.a. þekkt er fyrir Fiskidaginn mikla. Kjörinn staður til að stunda hvers kyns útvist, svo sem; hvalaskoðun, gönguferðir, hjólreiðaferðir, kajaksiglingar á Svarfaðardalsá, golf, fiskveiðar, hestamennsku o.fl. Sundlaug og heilsurækt er við hliðina á hótelinu.

Kynningarverð í júní
Nánari upplýsingar í síma:4663395
með tölvupósti á info@hotel-soley.com
eða á heimasíðu www.hotel-soley.com

Láttu sjá þig fyrir norðan!
Verið velkomin til Dalvíkurbyggðar!



Gönguferð um Norður Ítalíu
24. júní - 1. júlí

**Stórkostlegt landslag og óperan Carmen í hringleikahúsinu í Veróna.**

Nú bjóðum við upp á þriðja hluta hinnar frægu E5 Alpa gönguleiðar. Þessi hluti er syðstur á E5 gönguleiðinni og býður upp á fjölbreytt göngulandslag með ótrúlegt útsýni yfir Alpana og nágrenni þeirra. Við fáum að njóta útsýnis af Monte Pasubio fjallinu yfir kalkhlíðar þess, hásléttur og gljúfur. Í góðu skyggni er hægt að sjá Adríahafið, Gardavatnið og Dólómítafjöllin í fjarska.

Á þessu svæði var barist í fyrri heimsstyrjöldinni og á göngu okkar má enn sjá merki þess. Á þessum tíma ársins er einnig allt í blóma og í Miðjarðarhafsloftslaginu dafna marglitar blómabreiður vel. Eftir göngu um kalkdali Monti Lessini fjallsins endum við í miðaldaborginni Veróna. Að lokinni frábærri göngu er ekkert betra en að fara í hringleikahús Veróna og njóta þar óperu – konunglegur endir á góðri ferð.

**Fararstjóri: Fararstjóri: Sævar Skaptason**

**Verð: 132.100 kr. örfá sæti laus**

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

Silicone



ALLTAF ÞURRT INNI

TJALDSIL

FRAMLEITT ÚR HRÁEFNUM FRÁ DOW CORNING

FÆST UM LAND ALLT | Kísill ehf. S. 551 5960



Slóvenía er gullfallegt land sem gaman er að ganga um.

# ÍT ferðir tíu ára

***ÍT ferðir fagna tíu ára afmæli þetta árið og í tilefni af því mun ferðaskrifstofan bjóða upp á ýmsar nýjungar. Framundan er kynning á gönguferðum erlendis.***

Á tíu ára afmælisári sínu ætla ÍT ferðir að efla starfsemi sína og meðal annars að leggja aukna áherslu á borgar- og boltaferðir. ÍT ferðir hafa aukið framboð sitt á golfferðum og einnig bætt nokkuð við sig í gönguferðum erlendis eftir jákvæð viðbrögð göngugarpa úr fyrri ferðum.

Mánudaginn 22. maí munu ÍT ferðir halda kynningarfund um gönguferðir á erlendri grund í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og hefst fundurinn klukkan átta. Zoran Radetié, samstarfsaðili ÍT ferða um gönguferðir í Mið- og Austur-Evrópu, er væntanlegur til landsins. Zoran er gríðarlega reynslumikill gönguleiðsögumaður og hann mun halda kynningu á gönguferðum um Króatíu og Slóveníu fyrir áhugasama en Króatía er nýr áfangastaður sem heimsóttur verður á næsta ári. Á fundinum mun einnig Margrét Árnadóttir fararstjóri verða með kynningu á ferð til Búlgaríu í ágúst.

Zoran mun svo halda annan fyrirlestur um Króatíu og Slóveníu á Egilsstöðum 24. til 26. maí.

Nánari upplýsingar má finna á www.itferdir.is.

# Hrólfur að Húshólma

***Á morgun ætlar Göngu-Hrólfur að ganga að Húshólma í Ögmundarhrauni.***

Klukkan 10.45 ætla vaskir Göngu-Hrólfar að safnast saman við Krýsuvíkurkirkju og halda í göngu að Húshólma í Ögmundarhrauni. Frá kirkjunni verður svo ekið að Latsfjalli og þaðan hefst gangan.

Svæðið, sem gengið er um, er einstakt í sinni röð, fornar tóftir, garðar, borg, grafreitur og fleira frá upphafi Íslandsbyggðar leynast víða á svæðinu, ásamt fornum skálum og þeirri einstöku upplifun að heimsækja Húshólma.

Ómar Smári Ármannsson, rannsóknarlögreglumaður og nemandi í fornleifafræði við Háskóla Íslands, verður leiðsögumaður í ferðinni. Ómar þekkir svæðið vel en hann hefur verið forgöngumaður gönguhópsins Ferlir, Ferðahóps rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík, frá stofnun hans árið 1999.



Ögmundarhraun skartar mörgum kynjamyndum.

# Vor fyrir vestan

***Vor undir jökli er yfirskrift ferðahátíðar sem haldin verður á Snæfellsnesi um næstu helgi.***



Evróvisionkeppni verður á Hótel Búðum.

„Þetta er start inn í sumarið. Við sem stundum ferðaþjónustu hér viljum hvetja fjölskyldur til að koma og sækja sér orku hingað vestur eftir veturinn," segir Svava Guðmundsdóttir, húsfreyja í Görðum á Snæfellsnesi, um hátíðina Vor undir jökli sem fram fer um næstu helgi. Hún telur síðan upp ótal viðburði sem í boði verða. Þar má nefna Evróvision-söngvakeppni á Búðum, tónleika í Sönghelli, leiksýningu í Röstinni, opið fjós á Ölkeldu, aflraunir á Djúpalónssandi, sandkastalakeppni við Fjöruhúsið og dáleiðslu í Görðum. Teymt verður undir börnum, göngur og sleðaferðir verða iðkaðar og nóg verður að borða og drekka. Gisting og golf verður á tilboðsverði.








Námskeið eru að hefjast í svifvængjaflugi. Kennararnir eru frá Rúmeníu og hafa mikla reynslu á sínu sviði. MYND/KINGO

# Svifið um loftin blá

***Framundan eru skemmtileg námskeið í svifvængjaflugi hjá Fisfélagi Reykjavíkur undir leiðsögn reyndra erlendra kennara.***

Fisfélag Reykjavíkur fer af stað með sumarnámskeið sín fljótlega. Kennd eru námskeið fyrir svifdreka, svifvængi auk bóklegra námskeiða fyrir vélknúin fis og eru námskeiðin bæði fyrir byrjendur og þá sem eru lengra komnir.

Á leið til landsins frá Rúmeníu eru tveir kennarar í svifvængjaflugi sem hafa gríðarlega reynslu á þessu sviði. Kennararnir voru einnig hér á landi síðasta sumar og koma til með að dvelja á Íslandi í mánuð. Báðar hafa þeir kennt í fjölda ára og annar þeirra er alþjóðlegur dómari í svifvængjakeppnum úti um allan heim.

Hversu langan tíma námskeiðið tekur fer að vissu leyti eftir veðri en reikna má með að um tíu til fimmtán dagar fari samtals í það. Eftir þann tíma ætti að vera hægt að svífa leikandi létt um loftin blá. Næsta skref þar á eftir er að fá sér væng og halda áfram að æfa sig og fljúga sem fuglinn frjáls.

Kynning og skráning á námskeiðin verða þriðjudaginn 16. maí klukkan sex á Grund við Hafravatnsveg undir Úlfarsfelli.

Allir eru velkomnir sem hafa áhuga á flugi og eru til að mynda dæmi um að heilu fjölskyldurnar stundi þessa skemmtilegu íþrótt saman.

Nánari upplýsingar má fá á www.fisflug.is.






**Stuttbuxur** eru sjaldgæf sjón á Íslandi. Nú er tíminn til að dusta rykið af þeim í blíðviðrinu.




MCPLANET VERSLUN
Austurhraun 3
210 Garðabær
s: 533 3805

OPIÐ:
mán - fös 10 - 18
lau 11 - 14



Elísabet við klæðnaðinn sem hún segir vera frekar klassísk föt sem fólk geti vel verið í. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Orkuveituhúsið innblástur

***Dökkir litir og skipsleg lögun hússins urðu innblásturinn að lokaverkefni í fata- og textílhönnun.***

Í hugum flestra snýst fatahönnun um gamla ítalska karla, horaðar sýningarstelpur og stórar tískusýningar. Elísabet Elfa Arnarsdóttir, sem nam fata- og textílhönnun í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ í vetur, segir að eftir því sem hún hafi lært meira hafi í raun opnast fyrir henni nýr og miklu stærri heimur en hún hafi átt von á.

„Ég hafði áhuga á hönnun og langaði að gera eitthvað annað eftir stúdentsprófið en að fara í bóknám, aðeins að breyta til og athuga hvernig þetta ætti við mig," segir Elísabet Elfa. „Mínar skoðanir á fatahönnun breyttust mikið á þessu eina ári. Hún fór úr því að vera bara flottir kjólar í París og yfir í svo miklu meira. Fæstir sem vinna við fatahönnun eru hjá stóru tískuhúsunum, það er miklu stærri heimur þar á bak við."

Elísabet tók nýverið þátt í lokasýningu nemenda í fata- og textílhönnun og myndlist sem haldin var í sýningarsal Marels en þar sýndi hún föt sem hönnuð eru eftir höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur. „Þemað hjá okkur snerist um byggingar í Reykjavík. Hver okkar valdi byggingu og hannaði föt út frá henni. Þá horfir maður á línur og form, liti og lögun en ekki síður hvað byggingin stendur fyrir og hvaða áhrif hún hefur á mann. Maður horfir á það sem manni finnst flott og vinnur út frá því."

Í lokaverkefni Elísabetar voru tvenns lags herraklæðnaður og dömuklæðnaður, hannaðir eftir Orkuveituhúsinu. „Húsið minnir mig svolítið á barokksjóræningjaskip. Ég skoðaði því föt frá þeim tíma mikið og notaði atriði úr þeim, til dæmis blúndur framan á ermalíningar og snið á bolum. Ég vann líka mikið út frá litunum í byggingunni, sem er mjög dökk. Ég notaði því svartan mjög mikið og hinsvegar hvítan, andstöðuna. Þannig eru karlaklæðnaðurinn svartir en kvenklæðnaðurinn hvítur," segir Elísabet.

Hvað framtíðina varðar getur Elísabet vel hugsað sér að fara í áframhaldandi nám tengt fata- og textílhönnun. „Mér finnst textílefnafræði til dæmis mjög heillandi og gæti vel hugsað mér að leggja hana fyrir mig," segir hún að lokum.

*einareli@frettabladid.is*



Orkuveituhúsið var Elísabetu innblástur í hönnun sinni.




Ashtanga jóga námskeið
19. - 23. maí með Rolf Naujokat

Rolf byrjaði að stunda jóga á Indlandi árið 1975. Þar bjó hann og kenndi jóga í rúmlega 25 ár. Rolf er einn virtasti og vinsælasti Ashtanga jógakennari í heiminum í dag. Hann fékk æðstu viðurkenningu hjá sínum meistara (gúru) Sri. K. Pattabhi Jois árið 1996 til að kenna Ashtanga jóga. Hann ferðast nú víða um heim og heldur námskeið.

Styrkur, sviti, einbeiting og þol einkennir Ashtanga jóga. Það byggist á seríum saman settar af líkamsstöðum / æfingum sem fólk lærir smám saman utan að.

Verð: 18.500 kr.
Sjá dagskrá á www.yogashala.is

Námskeiðið hentar öllum, byrjendum og lengra komnum

yoga shala
Engjateigur 5 ~ Reykjavík
Sími: 5530203 ~ Netfang: yoga@yogashala.is



EITT FALLEGASTA ÚTIVISTARSVÆÐI ÍSLANDS
Lónsöræfin SJÁ BLS. 14



MARGT AÐ SJÁ Á HVERJUM STAÐ
Söfn landsins SJÁ BLS. 10

[ SÉRBLAÐ UM FERÐIR INNANLANDS – LAUGARDAGUR 13. MAÍ 2006 ]

# á ferð um landið



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## EFNISYFIRLIT



HAFA BÁÐAR ÁHUGA Á ÚTIVIST
*Bjuggu til landafræðispil* BLS. 2

RIÐIÐ Í FJÖRUBORÐINU
*Hestaferðir* BLS. 4

SANKÖLLUÐ VIN
*Mýrdalur* BLS. 4

ÞETTA ER LÍFIÐ
*Erlendur Eyvindarson* BLS. 6

FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR
*Pallbíll með húsi* BLS. 9



ALLTAF AÐ UPPGÖTVA EITTHVAÐ NÝTT
*Landvörðurinn Ásta Kristín* BLS. 12

SJÁVARRÉTTASÚPA UPPFULL AF GÓÐGÆTI
*Rauða húsið* BLS. 14

**Óvissuferðir – Starfsmannaferðir**
*Spennandi ferðir fyrir alla aldurshópa – sérsmíðum ferðir fyrir þig*

**Ferð mánaðarins:**
*Að lifa af í skóginum*
*Skemmtileg þrautakeppni inni í Haukadalsskógi fyrir alla aldurshópa.*

**Sértilboð:**
*Stokkseyrarferð*
*Heimsókn í vitann, létt sprell, Draugasetrið og fl.*

**Skemmtiferðir með sögumönnum og leikurum:**
*Þór Vigfússon, Bjarni Harðarson og Sigurgeir H Friðþjófsson*

hlustaðu
ÍSLAND·SÆKJUM ÞAÐ HEIM

*Guðmundur Tyrfingsson ehf*
www.gtyrfingsson.is - S. 568 1410 / 482 1210 - Grænir og góðir ;)



Draugasetrið
andaðu
ÍSLAND·SÆKJUM ÞAÐ HEIM
Sumaropnun: 13-21 alla daga
draugasetrid@draugasetrid.is www.draugasetrid.is

# Gengið á hnjúkinn

Ferðafélagið Útivist stendur fyrir ferð í Skaftafell og á Hvannadalshnúk.

Dagana 25. til 28. maí ætla ferðalangar í ferðafélaginu Útivist að fara í Skaftafell, ganga á Öræfajökul og freista þess að sigra hæsta tind landsins. Reynir Þór Sigurðsson verður fararstjóri í ferðinni en hann hefur reynslu af því að fara með fólk á jökulinn. „Við keyrum austur að morgni uppstigningardags og veljum síðan annað hvort föstudaginn eða laugardaginn til þess að ganga á hnjúkinn, það fer bara eftir veðurspánni," segir Reynir. Gist verður á hótelinu í Freysnesi í þrjár nætur og umhverfisins notið en í Skaftafelli eru margir spennandi skaðir sem vert er að skoða.

Ferðin er öllum opin og þeir sem hafa áhuga geta skráð sig hjá Útivist. Þriðjudaginn 23. maí verður haldinn kynningarfundur og mikilvægt að allir mæti á hann sem hafa hugsað sér að koma með í ferðina. Í fyrra var farin sambærileg ferð á hnjúkinn og Reynir á von á góðri þátttöku í ár. „Það má eiginlega segja að Hvannadalshnúkur sé í tísku núna. Þetta er hins vegar þrælerfið ganga og krefst mikils úthalds þar sem ferðin á toppinn tekur um tólf til fimmtán tíma," segir Reynir og bætir því við að þeir sem ekki treysti sér á hnjúkinn geti notað daginn til þess að ganga um þjóðgarðinn í Skaftafelli.



Það krefst úthalds að komast á tindinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FJARÐABYGGÐ

Fjarðabyggð

– Þú ert á góðum stað



Hrafnhildur Sigurðardóttir og Edda Björk Gunnarsdóttir spila Spurningaspilið Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

# Hafa báðar áhuga á útivist

Spurningaspilið Ísland er lokaverkefni Hrafnhildar Sigurðardóttur og Eddu Bjarkar Gunnarsdóttur í Kennaraháskóla Íslands.

Hrafnhildur og Edda eru að ljúka námi í Kennaraháskóla Íslands nú í vor og þegar að kom að vali á lokaverkefni ákváðu þær að búa til landafræðispil. „Okkur langaði að búa til spil og við erum báðar í skátum og hjálparsveit þannig að útivistaráhugi okkar varð til þess að við ákváðum að gera landafræðispil," segir Hrafnhildur.

Stelpurnar hafa unnið í spilinu síðan í byrjun janúar. „Við unnum þetta svona jafnt og þétt yfir veturinn af því að þetta var lokaverkefnið okkar og spilið kom svo úr prentun fyrir svona tíu dögum síðan," segir Hrafnhildur.

Spilið er hugsað fyrir allt að fimm lið en tveir duga til svo hægt sé að spila það. „Spilið gengur út á að safna útbúnaði. Liðin ferðast um landið og reyna að safna útbúnaði og þegar þau eru kominn með fimm útbúnaði eru þau búin að vinna. Leikborðinu er skipt niður í fimm hluta og hver hluti er með spurningar úr þeim landshluta. Liðin þurfa að fara á fjóra þjóðgarðsreiti, einn í hverjum landshluta og einn sem heitir miðhálendið. Áður en liðin fara inn á þjóðgarðsreitina fara þau inn í svona varnarhring og þar er hægt að safna alls konar búnaði sem hjálpar þeim í spilinu, eins og prímus, bensín, landakort og fleira sem kemur sér vel því það eru atviksreitir á borðinu þar sem þau geta lent í vandræðum. Eitt atvikið gæti verið að þau verði bensínlaus og þá er rosalega gott að hafa bensínspjald sem þau geta framvísað og þá mega þau halda áfram. Við nýttum okkar eigin reynslu til til þess að búa til atvikin sem koma upp á atviksreitunum og eins spurningarnar," segir Hrafnhildur.

Spilið er hugsað fyrir eldri nemendur í grunnskólum. „Nemendur á miðstigi eiga að ráða vel við spilið en allir geta haft gaman af því, óháð aldri," segir Hrafnhildur.

Hrafnhildur og Edda eru búnar að láta prófa spilið og það hefur vakið mikla lukku. „Við prófuðum spilið með nemendum á miðstigi áður en það fór í prentun og þeim fannst þetta mjög gaman. Auðvitað komu einhverjir vankantar á spilinu í ljós sem við löguðum svo áður en það var prentað."

Stelpurnar vonast til þess að geta selt hugmyndina að spilinu svo það verði framleitt og hugsanlega notað við kennslu í skólum. „Við ætlum að láta gefa það út, hvernig sem við förum að því," segir Hrafnhildur og hlær.

# Breytilegur matseðill frá degi til dags

HALASTJARNAN HEFUR STARFSEMI AÐ NÝJU EFTIR VETRARFRÍ.

Veitingastaðurinn Halastjarnan hefur hafið starfsemi að nýju undir Hraundröngum í Öxnadal, sem eru í tuttugu mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri. Halastjarnan er úti í miðri sveit og tekur 25 manns í sæti, þannig að hún er einungis einsetin á kvöldin.

Halastjarnan er sérstök fyrir margar sakir. Staðurinn er opnaður um hádegisbil og er þá boðið upp á bjór og harðfisk eða pönnukökur, jarðarber og freyðivín. Á kvöldin er ekki farið eftir sérstökum matseðli, heldur boðið upp á sannkallaða matarveislu sem samanstendur af fjórum til átta matarréttum, unnum upp úr íslensku gæðahráefni, svo sem kjöti, fisk og mjólkurafurðum.

Einnig má nefna að ýmsum innanhússtílum ægir saman á staðnum og gestum ætti ekki að bregða þótt lítið samræmi sé í borðbúnaði. Þarna er líka setustofa í arabískum stíl og innan skamms verður nýtt herbergi tekið í gagn, sem kallast forsetaherbergi og er tileinkað forsetum landsins eins og nafnið gefur til kynna. Halastjarnan er opin yfir helgar í maímánuði, en frá 1. júní og út sumarið verður þar opið alla daga. Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni www.halastjarna.com



Halastjarnan stendur á Hálsi í Öxnadal undir Hraundröngum, í um það bil tuttugu mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri. Staðurinn hefur vakið athygli vegna sérstöðu sinnar, meðal annars þar sem kvöldmatseðill er síbreytilegur. MYND/GUÐVEIG ANNA EYGLÓARDÓTTIR



ÍS HESTAR

info@ishestar.is
www.ishestar.is

# LÁTTU VERÐA AF ÞVÍ

## ÓGLEYMANLEGAR HESTAFERÐIR UM ALLT LAND

### GIMSTEINN NORÐURLANDS - MÝVATN

**24. JÚNÍ OG 3. JÚLÍ - 5 DAGAR / 5 NÆTUR.** Mývatnssvæðið heillar með fjölbreyttri náttúru, jarðvarma og fuglalífi. Fylgið gömlum leiðum frá Húsavík um Laxárdal og njótið bjartra sumarnótta í fjallakyrrð Þeistareykja.

### LEYNDARDÓMAR SNÆFELLSNESS - LÖNGUFJÖRUR

**8. JÚNÍ (4 DAGAR) OG 25. JÚNÍ (6 DAGAR).** Skemmtileg ferð inn til fjalla og niður á Löngufjörur með Sigurði bónda á Stóra-Kálfalæk. Tilvalið að taka eigin hesta með eða nota reyndu ferðahestana á staðnum.

### LEYNDARDÓMAR AUSTURLANDS - EGILSSTAÐIR

**3. JÚLÍ - 6 DAGAR / 6 NÆTUR.** Skoðið Eyjabakkasvæðið og Hafrahvammagljúfur. Þrátt fyrir nálægð við Kárahnjúkasvæðið njótum við óspilltrar náttúru og skoðum þessar slóðir áður en hluti þeirra fer undir vatn.

### KJÖLUR - LANDSMÓT Í SKAGAFIRÐI

**25. JÚNÍ OG 3. JÚLÍ - 5 DAGAR / 5 NÆTUR.** Hestaferð á þeim slóðum sem forfeður okkar tróðu í gegnum aldirnar þegar þeir riðu til þings. Einstakt tækifæri til þess að koma ríðandi á Landsmót í Skagafirði.

**LÁTTU DRAUMINN RÆTAST OG SKELLTU ÞÉR Í HESTAFERÐ MEÐ ÍSHESTUM Í SUMAR. UPPLÝSINGAR OG BÓKANIR Í SÍMA 860 7006 OG 555 7000**









## HESTAMIÐSTÖÐ ÍSHESTA Í HAFNARFIRÐI EITTHVAÐ FYRIR ALLA, ALLA DAGA VIKUNNAR

concept



ATH!
SKRÁNING
Í REIÐSKÓLANN
Í FULLUIM GANGI



**UPPLÝSINGAR UM FERÐIR OG VIÐBURÐI HJÁ ÍSHESTUM Í**
**SÍMA 555 7000**



# Sannkölluð vin

Margréti Jónu Guðbergsdóttur finnst gott að slappa af í Mýrdal, sem hún telur vera fallegasta svæði landsins.

Margrét Jóna Guðbergsdóttir starfar sem verslunarstjóri Pennans Eymundsson í Smáralind. Að hennar sögn er stundum gríðarlegt annríki í vinnunni. Þá geti verið gott að hvíla sig vel þegar tími gefst, með því að skipta um umhverfi og fara út fyrir bæinn.

Fyrir Margréti er Mýrdalur tilvalinn hvíldarstaður. „Svo er þetta líka fallegasta svæðið á Íslandi,“ segir hún. „Þessi skoðun er reyndar ekki alveg marktæk, þar sem ég er fædd og uppalin í Reynishverfi í Mýrdal,“ bætir hún við og hlær. „En að öllu gríni slepptu þá er þetta fallegur staður til að heimsækja, þar sem þarna ægir saman mörgum helstu tilbrigðum íslenskrar náttúru, svo sem fjöllum, grjóti og fjöru. Að ógleymdu útsýninu til Mýrdalsjökuls, sem gnæfir yfir,“ segir hún.

Fyrir þá sem vilja leggja leið sína til Mýrdals í sumar, bendir Margrét á að hægt sé að tjalda á svæðinu og svo bjóði nokkrir bæir upp á heimagistingu. Sjálf ætlar Margrét að verja hluta sumarfrísins í Mýrdal þetta árið, þar sem hún ætlar að hjálpa fjölskyldunni sinni við búskapinn. „Ætli ég reyni ekki að dreifa huganum með því að slá tún og mjólka kýr,“ segir hún glettnislega.

Afganginum af fríinu ætlar Margrét síðan að eyða í Þórsmörk, sem hún hefur heimsótt töluvert undanfarin árin. „Það mætti eiginlega segja að Þórsmörk sé uppáhaldsstaðurinn minn hérlendis,“ segir Margrét. „Ég hef margsinnis farið þangað á sumrin með vinum mínum eða í hópi frá Útivist. Svo hef ég nokkrum sinnum starfað sem skálavörður á vegum Útivistar uppi á Fimmvörðuhálsi, en það ætla ég mér einmitt að gera nú. Þarna er mikið af fallegum en ólíkum gönguleiðum, stuttum, löngum, erfiðum og auðveldum, og því ætti að vera eitthvað við allra hæfi. Ég hvet bara sem flesta til að mæta í sumar og sjá þær náttúruperlur sem Þórsmörk hefur upp á að bjóða,“ segir hún að lokum.



Margréti finnst Reynishverfi í Mýrdal vera fallegasti staður á Íslandi. Þórsmörk er líka í miklu uppáhaldi hjá Margréti, en þangað fer hún á hverju sumri.



Það er einstök upplifun að ríða eftir gylltum sandinum á Löngufjörum.

# Riðið í fjöruborðinu

Íslendingar nýta sér í auknum mæli þær fjölmörgu hestaferðir sem í boði eru. Ferð Íshesta um Snæfellsnes og Löngufjörur er ein vinsælasta ferðin.

Einar Bollason, framkvæmdastjóri Íshesta, segir að árið í ár stefni í að verða algjört metár í hestaferðum. „Það er bara allt brjálað. Það er mikið búið að bóka í ferðir sumarsins og það er sérlega ánægjulegt að fylgjast með því hvað Íslendingunum fjölgar mikið,“ segir Einar. „Íslendingar hafa alltaf verið duglegir að koma í dagsferðir en undanfarin ár hefur þeim fjölgað mikið í þessum lengri ferðum og það er mjög ánægjulegt,“ segir Einar og bætir því við að stór hópur fólks stundi hestamennsku hjá Íshestum allan ársins hring, sé í reiðklúbb á veturna og fari síðan í eina til tvær hestaferðir á sumrin.

Hjá Íshestum er hægt að velja á milli fjölbreyttra ferða um landið. Íshestar leggja til allan útbúnað en margir kjósa einnig að fara á sínum eigin hestum. Ein vinsælasta ferðin að sögn Einars er fjögurra daga ferð um Snæfellsnes og Löngufjörur. „Þetta er alveg frábær ferð og hún hefur verið afar vinsæl. Við ríðum eftir fjörunum á Snæfellsnesi, þessa gamalkunnu reiðleið, og njótum einstakrar náttúru.

Allir eru velkomnir í ferðirnar en þær henta þó ekki algjörum byrjendum. „Ef menn eru eitthvað farnir að ryðga í hestamennskunni bjóðum við upp á þjálfunarprógramm í stóru hestamiðstöðinni í Hafnarfirði. Þangað getur fólk komið og fengið að æfa sig til þess að vera betur undirbúið fyrir ferðina. Að sögn Einar eru fá sæti laus í ferðirnar á Löngufjörur. „Ferðirnar eru að fyllast svo það er um að gera að bóka sem fyrst. Svo ætlum við reyna að bæta við ferðum í ágúst til þess að anna eftirspurninni,“ segir Einar.



Umhverfið er stórbrotið.

# Snæfellsnes og Löngufjörur

Ferðatilhögun fjögurra daga ferðar um Snæfellsnes og Löngufjörur á vegum Íshesta.

**LENGD: 4 DAGAR**
8. júní, 6. júlí og 17. ágúst
Allar næturnar er gist á Stóra-Kálfalæk í uppábúnum rúmum.

**FIMMTUDAGUR** Mæting um morguninn á bænum Stóra-Kálfalæk á Mýrum. Hestarnir sóttir og riðið í átt að fjörunni þar sem Eldborgarhraun blasir við. Riðið í Kolviðarnes þar sem hestarnir eru geymdir.

**FÖSTUDAGUR** Hestarnir sóttir og ferðin hefst á Löngufjörum. Riðið í fjöruborðinu með Snæfellsjökul í augsýn. Flóð og fjara stjórna því hvenær haldið er af stað. Hestarnir eyða nóttinni á Tröðum.

**LAUGARDAGUR** Annar dagur á gylltum söndum á ströndinni. Breytt um stefnu og haldið áleiðis að Eldborgarhrauni. Einstakt umhverfi, hraunbreiður og fjöll á aðra hönd og opið Atlantshafið á hina.

**SUNNUDAGUR** Síðasti dagurinn á ströndinni. Sandurinn breytir um lit og verður svartur við Eldborgarhraun. Ferðinni lýkur á Stóra-Kálfalæk, þar sem við kveðjum gestgjafa okkar og hestana.




Uppskrift
að skemmtilegum degi
á Akranesi!

Þú getur tekið hring á hinum margrómaða golfvelli Skagamanna, Garðavelli á meðan börnin leika sér í Garðalundi, útivistarsvæði og skógrækt Akurnesinga, þar sem finna má leiktæki og sparkvelli fyrir börn á öllum aldri að ógleymdum strandblakvellinum vinsæla. Þaðan getur þú gengið niður á Safnasvæðið og tekið þér góðan tíma í að skoða og spekúlera og upplifa liðna tíma á lifandi safnasvæði. Næst liggur leiðin niður á Langasand, þar sem hægt er að hlaupa um í flæðarmálinu, tína flotta steina og skeljar, byggja sandkastala í fínum kolsvörtum sandinum eða bara flatmaga í sólinni. Þennan skemmtilega dag má svo enda á að skreppa í sund, prófa vatnsrennibrautina og láta þreytuna líða úr sér í heitum pottunum.

**Komdu og eigðu skemmtilegar stundir - á Skaganum!**

Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akranesi
Sími: 431 5566 - museum@museum.is

www.visitakranes.is


REGATTA
GREAT OUTDOORS ™
NÝJAR VÖRUR
bolir
skyrtur
buxur
zip-off buxur
kvartbuxur
vesti
flíspeysur
softshell peysur
hettupeysur
regnjakkar
regnbuxur
isotex jakkar
isotex buxur
bakpokar
legghlífar
gönguskór
svefnpokar
göngustafir
töskur
sandalar
ofl. ofl.
NÝTT
KORTATÍMABIL
Opið
virka daga 10 – 18
laugard. 11 - 16
ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322
Aðrir sölustaðir: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245. Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216


Ferðahópurinn fær sér langþráð bað í ánni Volgru um síðustu páska. Áin er heit og rennur í gegnum íshelli og því líklega fallegasti baðstaður Íslands.


Erlendur Eyvindsson er aldrei ánægðari en í faðmi fjalla.

# Þetta er lífið

**Erlendur Eyvindsson hefur fengið þungan snert af hinni frægu fjallabakteríu enda líður honum best uppi á jökli í ósnertu umhverfi.**

Fyrir viku síðan fór Erlendur Eyvindarson upp á Snæfellsjökul með Baldri og Jóa vinum sínum. Aðaltilgangur ferðarinnar var að renna sér á bretti enda eru skíðasvæðin flest lokuð á þessum tíma árs.

„Við förum ansi oft upp á Snæfellsjökul til að lengja skíðatímabilið og þessa helgina var bæði veður og færð eins og best var á kosið," segir Erlendur. „Við keyrðum upp að jökulröndinni og fórum þaðan með sleða upp á jökulinn. Sleðann notuðum við svo til að ferja upp og niður og skiptumst þannig á að renna okkur á snjóbrettinu. Við þekkjum þetta svæði nokkuð vel enda höfum við oft farið á Snæfellsjökul og vitum því hvar við viljum vera."

Snæfellsnesið er mikið útivistarsvæði og hefur jökullinn þá sérstakt aðdráttarafl. „Um síðustu helgi sáum við einn koma upp á jökul í snjótroðaranum með svifvængina sína. Svo flaug hann bara niður," segir Eyvindur. „Það er fyrirtæki á Arnarstapa sem heitir Snjófell sem býður upp á bæði snjósleðaferðir á Snæfellsjökul og ferðir með snjótroðara." Því ætti jeppaleysi ekki að stoppa áhugasama í að kíkja upp á jökul.

Síðustu þrjár vikurnar hefur Erlendur farið í fimm fjallaferðir með vinum sínum. Í einni ferðinni var haldið inn í Kverkfjöll yfir Sprengisand með viðkomu á Mývatni. Í Kverkfjöllum var fjallabakterían ræktuð með baði í ánni Volgru inni í jökulhelli. „Næsta ferð verður farin á Hvítasunnu en þá ferður farið upp á Snæfellsjökul en ferðirnar okkar stjórnast nú oft af veðrinu," segir Erlendur enda eru fjallamenn oft þekktir fyrir að elta sólina. „Það er fátt sem toppar það að vera uppi á jökli í brakandi blíðu á skíðum. Það er eitthvað við það að skíða í ómörkuðum snjó. Ég bara erfitt með lýsa því með orðum. Þetta er lífið."


Á toppi Snæfellsjökuls. Sólin kveður að loknum degi og tyllir sér bak við Vestfjarðakjálkann.


ÚTHLÍÐ FERÐAÞJÓNUSTA

**Sumargleði í Úthlíð verið velkomin**

**Orlofshúsin** eru til leigu með heitum pottum og flestu því sem nauðsynlegt er til orlofsdvalar. Bókanir og myndir á www.uthlid.is

**Hlíðalaug** er lítil og skemmtileg sundlaug með frábæru útsýni um sveitir suðurlands. Í Hlíðalaug er einnig verslun með helstu nauðsynjum.

**Bensínstöð** fyrir kort er við sundlaugina.

**Veitingastaðurinn Réttin** er fyrir þá sem vilja eitthvað spennandi. Þar er hægt að fá veitngar, hann er kaldur á krananum og svo eru beinar útsendingar á breiðtjaldi. Fylgist með dagskránni á www.uthlid.is

**Golfvöllurinn í Úthlíð** er skemmtilegur 9 holu völlur, vallargjald er greitt í Réttinni fyrir leik.

**Hestaleiga** er á staðnum en það þarf að panta með fyrirvara í síma ferðaþjónustunnar.

**Tjaldstæðin** eru með rafmagni, þjónustuhúsi og skemmtilegri grillaðstöðu.

*Beinar útsendingar frá HM 2006 í sumar.*

**Hlíðalaug - opin alla daga kl. 10 - 20**
**Veitingahúsið Réttin - opin alla daga kl. 10 - 20**
opið lengur um helgar og ef beinar útsendingar eru






ÚTHLÍÐ FERÐAÞJÓNUSTA

**www.uthlid.is**
sími: 6995500


# Við fyrsta hanagal

**Ferðafélag Íslands ætlar að ganga á fjöll alla morgna í næstu viku. Allir sem geta vaknað snemma eru velkomnir en gengið verður á fjöll í nágrenni höfuðborgarinnar.**

Frá mánudegi til föstudags í næstu viku stendur Ferðafélag Íslands fyrir svokölluðum morgungöngum á fjöll í nágrenni borgarinnar. Lagt verður af stað við fyrsta hanagal, klukkan sex að morgni, og komið aftur í bæinn fyrir klukkan níu. Á mánudagsmorgun, hinn 15. maí, verður gengið á Helgafell í Hafnarfirði, síðan á Vífilsfell, Grímannsfell, Móskarðshnjúka og endað á Keili á föstudagsmorgun. Þátttaka er ókeypis og Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélagsins, á von á góðri þátttöku. „Við gerðum þetta fyrst í fyrra. Viðbrögðin voru mjög góð og fjöldinn jókst eftir því sem leið á vikuna," segir Páll og bendir á að margir göngugarpar hafi notað þetta tækifæri til þess að koma sér í gang fyrir sumarið. „Þessar göngur eru ætlaðar almenningi og þær henta öllum sem eru sæmilega heilsuhraustir," segir Páll og bætir því við að engan sérstakan útbúnað þurfi í ferðirnar. Mestu skipti að klæða sig eftir aðstæðum og taka með sér örlítinn nestisbita.

Lagt er af stað klukkan sex frá skrifstofu Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6. en ferðalangar geta einnig hitt hópinn við fjallsrætur ef það á betur við. Í hverri ferð eru sögumenn sem segja frá örnefnum og fróðleik tengdum hverju fjalli. „Við byrjum með léttum stöðuæfingum og liðkandi teygjum. Síðan röltum við í rólegheitum upp á toppinn og þegar þangað er komið tekur við létt spurningakeppni þar sem fræðslurit FÍ eru í verðlaun. Svo borðum við nestið okkar og njótum þess að vera á toppnum svona snemma dags," segir Páll.


Árrisulir göngumenn í morgungöngu Ferðafélags Íslands síðastliðið vor.

FRÉTTABLAÐIÐ/FERÐAFÉLAG ÍSLANDS


FERÐAFÉLAGI
CINTAMANI ER ÍSLENSKUR ÚTIVISTARFATNAÐUR HANNAÐUR
SVO ÞÉR LÍÐI VEL VIÐ ALLAR AÐSTÆÐUR. FÆST UM LAND ALLT.
CINTAMANI
SPJARAÐU ÞIG!


Herbergin á Hótel Ísafirði eru innréttuð í norrænum stíl.

# Notalegheit fyrir náttúruunnandann

Hótel Ísafjörður er eina heilsárshótelið á Vestfjörðum og er fullbúið þriggja stjarna með öllum helstu þægindum og stendur við Silfurtorgið á Ísafirði.

Ísafjörður, höfuðstaður Vestfjarða, hefur upp á margt að bjóða. Á sumrin draga fjöllin gönguhrólfa að, sjórinn ræðara og söfnin söguáhugamenn. Og ekki verður undan vikist að kíkja út í eyna Vigur eða skreppa í bátsferð yfir á Hesteyri. Nálægðin við mörg sjávarþorpin í kring veldur því að fólki finnst oft heppilegt að gista á Ísafirði og fara þaðan í dagsferðir.

Hótel Ísafjörður er eina heilsárshótelið á Vestfjörðum, búið 36 tveggja manna herbergjum, þar af einu de-luxe herbergi. Herbergin eru öll með baði, reyklaus og innréttuð í ljósum norrænum stíl. Á fyrstu hæð hótelsins er veitingastaðurinn SKG veitingar. Þar er maturinn eldaður úr hráefni af svæðinu, eins og glænýjum fiski, lunda og saltfiski sem er sérréttur hússins.

Á hótelinu hefur allur tækjabúnaður nýlega verið bættur og nú er boðið upp á þráðlaust net í fundarsal og á herbergjum auk þess sem tölva er til afnota fyrir hótelgesti í gestamóttöku. Í gestamóttöku er til sölu fjölbreytt úrval af ýmiss konar handverki og gjafavöru. Áhersla er lögð á að velja handverk vestfirskra listamanna, sem ekki eru til sölu annars staðar á Ísafirði.

Vert er að kíkja á tilboðin sem bjóðast á vefsíðu hótelsins en þar er líka hægt að bóka herbergi á einfaldan og fljótlegan hátt og tenglar á það helsta sem í boði er á svæðinu fyrir ferðamenn, hvort sem er í viðskiptaerindum eða í skemmtireisu.

# Á slóðum álfa og vætta á Austurlandi

Ferðaskrifstofa Austurlands stendur fyrir skemmtilegum gönguferðum í sumar. Gengið er um Víknaslóðir, sem eru þekktar sem aðalbúsetustaður álfa á Íslandi.

Austurland hefur löngum verið þekkt fyrir fallega náttúru og skemmtilegar gönguleiðir. Færri vita að sögur herma að á Austurlandi finnist þéttasta álfabyggðin á landinu. Ferðaskrifstofa Austurlands býður upp á gönguferðir um Víknaslóðir en þær ferðir kallast Á slóðum álfa og vætta á Austurlandi.

„Við erum með fjögurra til sex daga gönguferðir um svæðið í kringum Borgarfjörð eystri þar sem gengið er á slóðum álfa og vætta," segir Arngrímur Viðar Ásgeirsson leiðsögumaður. „Gönguleiðin liggur meðal annars um Stórurð sem liggur undir Dyrsfjöllum en sá staður skartar mikilli fegurð.

Nágrenni Borgarfjarðar er einn af fegurri stöðum á landinu ásamt því að staðurinn er þekktur fyrir að vera aðalhérað álfa á Íslandi. Drottning þeirra ríkir í klettaborginni Álfaborg sem trónir yfir sjávarþorpinu Bakkagerði á Borgarfirði eystra, þar sem nú búa um 130 manns. Á meðan göngunni stendur njóta göngumenn gestrisni og þjónustu á staðnum, þekkingar heimamanna á svæðinu og ljúffengra máltíða að hætti þeirra.

„Gönguferðirnar henta öllum og eru ekki erfiðar," segir Arngrímur. „Við bjóðum upp á margs konar ferðir, þar á meðal trússferðir sem eru lúxusferðir með mat og gistingu, og þær ferðir hafa fengið mjög góðan hljómgrunn." Farið verður í um tíu ferðir í sumar á þessar slóðir þar sem heilsað er upp á náttúru og álfa.

Arngrímur segir marga hafa fundið fyrir dularfullum öflum á ferð sinni um svæðið. „Það kemur oft fyrir að fólk finni fyrir ýmsu þegar það sest á klettana en það skemmtilega við þetta svæði er að maður finnur fyrst og fremst góða strauma. Fólk er misjafnlega næmt og margir telja sig finna fyrir einhverju. Það er talað um að það séu fleiri íbúar í álfheimum en mannheimum í Borgarfirðinum en þessum heimum kemur mjög vel saman."

Hægt er að fá nánari upplýsingar um ferðirnar á www.fatravel.is. Einnig má nálgast geisladiska á Ferðaskrifstofu Austurlands og í verslunum í Borgarfirði eystri sem innihalda átta álfasögur sem hlusta má á hvort sem ferðast er á bíl eða tveimur jafnfljótum.


Stórurð á Austurlandi. Hér leynast jafnvel húsakynni álfa ef vel er að gáð.


Borgarfjörður eystri. Sólsetrið fær alla íbúa, menn og álfa, til að leggjast til hvílu.






Pallbílar með húsi eru góðir til ferða upp á hálendið.

# Fyrir íslenskar aðstæður

**Bílaleigur bjóða upp á pallbíla með húsi sem eru sérstaklega hugsaðir fyrir hálendisferðir.**

Pallbílar með húsi á pallinum, eða camper eins og það útleggst á ensku, eru afar vinsælir yfir sumarið hjá bílaleigum landsins. Mest er þó um að erlendir ferðamenn leigi bílana, en Íslendingar hafa ekki nýtt sér þennan kost sem skyldi. Bergþór Karlsson hjá bílaleigunni Höldi segir ástæðuna vera eftirfarandi: „Íslendingarnir eru bara svo seinir að taka við sér, þeir taka ekki ákvarðanir um ferðalög innanlands með miklum fyrirvara. Erlendu ferðamennirnir eru þá búnir að bóka bílana í upphafi árs.“ Hann segir að búið sé að bóka flesta pallbílana með húsi fyrir sumarið í ár, en þó sé enn að finna einverja lausa daga inn á milli.



Húsið á pallinum er íslensk smíði, frá fyrirtækinu Fis.

„Húsið sem við notum á bílanna er íslensk sérsmíði, sem eru sterkari og þola betur veður og vinda en amerísku húsin. Í húsunum eru öll þægindi og er hlýrra að vera í þeim þegar kalt er úti,“ segir Bergþór.

Í húsinu er gistipláss fyrir tvo fullorðna og tvö börn. Dísilmiðstöð, ísskápur og gas er í hverju húsi og ætti ekki að væsa um fólk ef vindar eru kaldir. Leigan á pallbíl með húsi er í kringum 150 þúsund krónur á viku.







Í Byggðasafni Rangæinga og V-Skaftfellinga á Skógum er mikið húsasafn.


Hrafninn í sjóminjasafninu á Húsavík var smíðaður í Noregi og er vinagjöf frá Norðmönnum.

# Margt að sjá á hverjum stað

Víða um land er að finna áhugaverð söfn þar sem hægt er að fræðast um sögu og menningu íslensku þjóðarinnar. Mörg þessara safna eru mun stærri en margir halda og oft þarf fólk að gefa sér góðan tíma til þess að skoða allt sem á þeim er að finna.

Minjasafn Austurlands er til húsa að Laufskógum 1 á Egilsstöðum. Í húsinu er byggðasafn þar sem hægt er að skoða fjölda gamalla muna af Austurlandi. Munirnir tengjast annars vegar sveitasamfélaginu og hins vegar þróun iðnaðar á svæðinu. Í sama húsi er bókasafn þar sem hægt er að komast á internetið og héraðsskjalasafn þar sem er mikið safn ljósmynda, bóka og skjala. Í Minjasafni Austurlands er kaffisala og krambúð í anddyrinu.

Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftfellinga á Skógum er meðal stærstu safna á Íslandi og þangað koma um það bil fjörutíu þúsund gestir árlega. Á Skógum er byggðasafn, samgöngusafn, húsasafn og náttúrugripasafn. Í Skógasafni er kaffisala þar sem hægt er að fá sér kjötsúpu eða léttar veitingar og verslun með fatnað og minjagripi.

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla er í Norska húsinu í Stykkishólmi. Norska húsið var byggt 1832 af Árna Thorlacius og á miðhæð hússins er búið að setja upp heimili hans. Á fyrstu hæðinni hafa verið settar upp nýjar sýningar reglulega og í sumar verður þar sýningin Saga verslunar við Breiðafjörð 1400-1900. Í Norska húsinu er krambúð þar sem hægt er að kaupa handverksvörur og minjagripi.

Í Safnahúsinu á Húsavík er byggðasafn, náttúrugripasafn, sjóminjasafn, héraðsskjalasafn, ljósmyndasafn og myndlistarsafn. Safnið er meðal stærstu safna á Íslandi og tekur á móti fjölda ferðamanna á ári hverju. Í húsinu er einnig bókasafn þar sem hægt er að komast á internetið og á fyrstu hæð er kaffihorn fyrir gesti safnsins.


Byggðasafn Sæfellinga og Hnappdæla er í Norska húsinu í Stykkishólmi.


Ísbjörninn í Safnahúsinu á Húsavík var skotinn í Grímsey og laðar að marga ferðamenn.


Í Byggðasafni Austurlands er lítil krambúð.


Á miðhæð Norska hússins í Stykkishólmi er búið að innrétta heimili Árna Thorlacius.


Í Byggðasafn Austurlands er margt að sjá.

## ÁHUGAVERÐ SÖFN Á ÍSLANDI

**Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga** Snartarstöðum, 671 Kópasker

**Byggðasafn Garðskaga** Skagabraut 100, 250 Garður

**Byggðasafn Dalamanna** Laugum, Hvammshreppi, 371 Dalasýsla

**Byggðasafn Hafnarfjarðar** Strandgötu 50, 220 Hafnarfjörður

**Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna** Reykir, Hrútafjörður, 500 Staður

**Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftfellinga Skógum** Skógum, 861 Hvolsvöllur

**Byggðasafn Reykjanesbæjar** Hafnargötu 57, 230 Reykjanesbær

**Byggðasafn Skagfirðinga Glaumbæ** Glaumbæ, 560 Varmahlíð

**Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla** Norska húsinu, 340 Stykkishólmur

**Byggðasafn Snæfellsbæjar** Pakkhúsinu Ólafsbraut 12, 355 Ólafsvík

**Byggðasafn Vestfjarða og Sjóminjasafn** Turnhúsinu, Neðstakaupstað, 400 Ísafjörður

**Byggðasafnið Hvoll á Dalvík** Safnahúsinu Hvoli, 620 Dalvík

**Egilsbúð, Byggðasafn Ölfuss og bókasafn Þorlákshafnar** Unubakka 4, 815 Þorlákshöfn

**Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga** Húsinu, 820 Eyrarbakki

**Menningarmiðstöð Hornarfjarðar – Byggðasafn A-Skaftafellssýslu** Gömlubúð við Hafnarbraut, 780 Höfn í Hornafirði

**Minjasafn Egils Ólafssonar** Hnjóti, Örlygshöfn, 451 Patreksfjörður

**Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn** Kistuhyl 4, 110 Reykjavík

**Minjasafnið á Akureyri** Aðalstræti 58, 600 Akureyri

**Safnahús Borgarfjarðar - Byggðasafn Borgarfjarðar** Bjarnarbraut 4-6, 310 Borgarnes

**Safnahús Vestmannaeyja - Byggðasafn Vestmannaeyja** Safnahúsinu við Ráðhúströð, 900 Vestmannaeyjar

**Safnahúsið á Egilsstöðum - Minjasafn Austurlands** Laufskógum 1, 700 Egilsstaðir

**Safnahúsið á Húsavík - Byggðasafn Suður Þingeyinga** Stóragarði 17, 640 Húsavík

**Safnasvæðið á Akranesi - Byggðasafn Akraness og nærsveita** Görðum, 300 Akranes

**Þjóðminjasafn Íslands** Suðurgötu 41, 101 Reykjavík


Kirkjan á Skógum er mikið skoðuð.


Þú mátt vera lengur úti
í 66° Norður.
Reykjavík: Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12
Garðabær: Miðhraun 11 Akureyri: Glerárgata 32
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um land allt.
www.66north.is
66° NORDUR
klæddu þig vel



Ásta segir starf landvarðarins skemmtilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Alltaf að uppgötva eitthvað nýtt

Ásta Kristín Davíðsdóttir er landvörður í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Svæðið er ákaflega skemmtlegt og Ásta kann vel við starfið sitt.

Ásta Kristín er nú að hefja sitt þriðja sumar sem landvörður í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. „Starf landvarðarins gengur eiginlega út á allt sem þarf að gera í þjóðgarðinum. Við vinnum hjá Umhverfisstofnun og stór hluti af starfinu felst í því að uppfræða ferðamenn og segja frá svæðinu. Við erum með skipulagðar gönguferðir um þjóðgarðinn og þar að auki þurfum við að vinna við gerð stíga, tína rusl og fylgjast með gróðri og dýralífi. Við skiptumst líka á að vera í gestastofunni þar sem við tökum á móti ferðamönnum og erum með fræðslu,“ segir Ásta.

Að sögn Ástu er ákaflega misjafnt eftir hverju fólk sækist þegar það kemur í þjóðgarðinn. „Útlendingarnir vilja sjá jökulinn, fá að snerta hann og helst komast upp á hann. Það á sérstaklega við um þá sem eru að koma í stuttar ferðir frá Reykjavík. Þeir sem eru í lengri ferðum, og hafa jafnvel komið til landsins áður, eru oft búnir að kynna sér svæðið betur og gera sér grein fyrir því að hér er ýmislegt annað en jökullinn. Margir vilja kynna sér náttúru svæðisins og jarðfræði en þetta svæði er virkt eldfjallasvæði og það er sögulega mjög stutt síðan gaus þar síðast. Hvað varðar Íslendingana þá koma þeir flestir frá höfuðborgarsvæðinu og eru því vanir að sjá jökulinn. Þeir eru fljótir að koma þegar veðrið er gott og margir halda sérstaklega upp á þetta svæði og koma jafnvel aftur og aftur.“

Ásta hefur nú eytt tveimur sumrum á Snæfellsnesinu og samt segist hún alltaf vera að uppgötva eitthvað nýtt. „Þetta er alveg frábært svæði. Fólk kemur hingað til að skoða jökulinn, Djúpalónssand og Drangana en hér er líka svo miklu meira sem gaman er að skoða. Það er hægt að ganga um þetta svæði endalaust og hér er mikið af skemmtilegum gönguleiðum. Yfir sumartímann erum við landverðirnir með skipulagðar gönguferðir um svæðið sem eru á dagskrá í hverri viku. Við erum líka með sérstakar aukaferðir þar sem við skoðum eitthvað sérstakt, t.d. fuglaskoðunarferðir, næturgöngur og þess háttar,“ segir Ásta.

Meðan Ásta vinnur sem landvörður heldur hún til á Gufuskálum. Yfir vetrartímann býr hún hins vegar í Kópavogi og stundar nám í umhverfisfræðum við Háskólann á Akureyri. „Námið nýtist vel í starfinu og starfið nýtist vel í vinnunni, Þetta tengist vel og er hvort tveggja á mínu áhugasviði.“






Heilhveitilangloka: Grandsalat, ostsneiðar, skinka, egg, tómatar, agúrka og paprika. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Góðgæti handa göngugörpum

Starfsfólk Bakarameistarans setti saman nokkrar uppskriftir að góðu nesti fyrir sumarið.

„Með nesti og nýja skó, o-ho-ho var lagt af stað í ró,“ söng Þórhallur Sigurðsson, betur þekktur sem Laddi, hér um árið þegar hann var á leiðinni á sveitaball. Í þessari línu koma fram tvö atriði, sem miklu máli skipta þegar farið er í ferðalag í sveitina, ekki hvað síst ef leggja á af stað í göngu. Annars vegar góðir gönguskór og hins vegar gott nesti. Í síðara tilvikinu er mikilvægt að matur sé hafður meðferðis, sem þægilegt er að ferðast með og hægt að borða úti á víðavangi án þess að lenda í teljanlegum vandræðum. Starfsfólk Bakarameistarans í Suðurveri var svo hjálpsamt að koma með nokkrar vel valdar uppskriftir að nesti handa göngugörpum fyrir sumarið, en eins og sjá má á meðfylgjandi myndum eru hér gómsætir réttir á ferðinni.



Ciabatta með graslaukssósu, grandsalati, skinku, osti, tómötum, agúrku, eggjum og rauðlauk. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Múffur (smjördeigshorn). Álegg samansett úr grandsalati, hangikjöti, baunasalati, eggjum, agúrku, papriku og steinselju (höfð til skrauts). FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Ómissandi í ferðalagið

Þegar farið er í ferðalag eða gönguferð er ekki nauðsynlegt að eiga allar nýustu græjurnar. Það skiptir hins vegar alltaf máli að búa sig vel og hér eru nokkrir hlutir sem allir ættu að eiga.


Góðir gönguskór eru ómissandi.


hlýir sokkar verða að vera með í för.


Góður kíkir til að skoða það sem fyrir augu ber.


Hitabrúsi fyrir kaffið eða kakóið.


Lítill bakpoki fyrir styttri ferðir.


Flíspeysan er þægilegur fatnaður á ferðalögum.

# Komið við í Kerlingafjöllum

Hópferðamiðstöðin Trex verður með ferðir yfir Kjöl í sumar.

Hópferðamiðstöðin Trex verður með daglegar ferðir yfir Kjöl í sumar frá 19. júní til 31. ágúst milli Reykjavíkur og Akureyrar. Brottför frá báðum stöðum er klukkan átta að morgni og í ferðunum verður alltaf komið við í Kerlingarfjöllum og á Hveravöllum. Kerlingarfjöll eru sannkölluð paradís útivistarfólks og í samvinnu við Ferðafélag Íslands og rekstraraðila í Kerlingarfjöllum verður hægt að kaupa pakka með ferðum og gistingu þar.


Daglegar ferðir verða farnar yfir Kjöl í sumar á vegum Hópferðamiðstöðvarinnar Trex.






SUMARIÐ ER FRAMUNDAN OG FRÍIÐ

Ferðu út í sumar, á sólarströnd með fjölskylduna, í borgarferð eða ætlarðu kannski að ferðast hér innanlands og njóta íslenskrar náttúru? Tækifærin eru hvarvetna, en það er sama hvað þú gerir og hvert þú ferð, greiðslukort frá SPV verður alltaf einn af bestu ferðafélögunum.

Ótal sparnaðarástæður fyrir greiðslukorti SPV

- Þú greiðir ekkert árgjald fyrsta árið og sparar mörg þúsund krónur
- Þú færð 50% endurgreiðslu af árgjaldi við endurnýjun ef þú ert í Vildarþjónustunni
- Þú greiðir engin færslugjöld og nýtur víða staðgreiðsluafsláttar innanlands
- Þú færð sjálfkrafa víðtækar ferðatryggingar
- Þú nýtur neyðartryggingar erlendis við óvænt áföll
- Þú færð fimm þúsund króna ferðaávísun við stofnun SPV korts og safnar að auki stöðugt inná nýja og nýja ferðaávísun við notkun kortsins innanlands
- Þú tvöfaldar verðgildi peninganna með World for 2, sem fylgir frítt 1. árið



Berðu ávinning og möguleika greiðslukorta SPV saman við greiðslukort annarra fjármálastofnana. Komdu í heimsókn og spjallaðu við ráðgjafa okkar. Þeir taka vel á móti þér.

spv

Vertu með SPV og ánægðustu viðskiptavinunum*
Borgartúni 18 – Síðumúla 1 – Hraunbæ 119 – www.spv.is
Þjónustuver, sími 575 4100 – Skiptiborð, sími 575 4000

*1.sæti í Ánægjuvoginni sjöunda árið í röð!

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL













Skúli Skúlason telur Lónsöræfi eitt besta útivistarsvæði á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Eitt fallegasta útivistarsvæði Íslands

Skúli Skúlason uppfræðir lesendur um gönguleiðir á Lónsöræfum.

Í hugum margra eru Lónsöræfi í Stafafellsfjöllum eitt fallegasta útivistarsvæði á Íslandi. Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri Ferðafélagsins Útivistar, er einn þeirra sem ekki fá nóg af Lónsöræfum. „Segja má að þar sameinist Þórsmörk og Landmannalaugar, svo sú samlíking sé nú viðhöfð um þá náttúrufegurð sem þarna er,“ segir hann. „Svæðið er litríkt og kjarri vaxið og því fallegt um að litast.“

Skúli segir að jafnframt því séu Lónsöræfi einstakt gönguland. „Þarna eru margar styttri leiðir sem hægt er að fara í grennd við skálann,“ bendir hann á. „Það er til dæmis gaman að ganga að því sem menn kalla Þilið, en með því er átt við gífurlega mikinn berggang í hlíðinni. Það hefur væntanlega verið gossprunga þarna einhverju sinni og goskvika storknað í sprungunni, þannig að eftir stendur klettavegur, sem minnir á þil, og liggur í hlíðinni. Klettaveggurinn er síðan rofinn af Jökulsánni, sem rennur í dalsbotninum. Þetta er því alveg einstakt náttúrufyrirbrigði. En leiðin sem ég hef hér lýst þykir mér langskemmtilegast að fara,“ segir hann ennfremur.

„Þeir sem vilja ganga lengri leiðir geta labbað á Sauðhamarstind sem er vestan megin við skálann,“ bendir Skúli á. „Í því tilfelli erum við að tala um drjúga dagsgöngu með töluverði hækkun. Þetta er því hentugri leið fyrir þá sem eru lengra komnir í fjallgöngu. Nú, svo er hægt að fara inn eftir Jökulsánni, í áttina að Egilsseli við Kollumúla.



Lónsöræfi eru að margra mati eitt besta útivistarsvæði sem völ er á hérlendis. Óhætt er að segja að náttúrufegurð sé þar mikil eins og sést af þessari mynd. Svo er nóg af gönguleiðum í boði. MYND/ÞÖK

Svæðið býður því upp á ótal göngumöguleika,“ segir hann.

„Á vissan hátt er líka ákveðinn kostur við svæðið að bílastæði eru í aðeins tuttuga mínútna göngufjarlægð frá skálanum, þannig að menn þurfa ekki að bera farangur langar vegalengdir,“ bendir Skúli á.

„Þarna má einnig tjalda og hægt er að leigja tjald þurfi þess. Það er hins vegar ekki gert ráð fyrir húsbílum, þar sem aðeins jeppar eru nógu öflugir til að komast yfir Skyndidalsá, sem getur verið ansi straumþung, og inn á svæðið. Ég veit um tilfelli þar sem menn fóru yfir á fólksbíl, en um tíma var ekki útséð hvort þeir næðu yfir á hinn bakkann vegna straumþunga. Til allrar hamingju fór að lokum vel. Það er því full ástæða til að hafa varann á þegar þarna er farið yfir. Að öðru leyti þurfa menn ekki að hafa stórar áhyggjur, þar sem þarna er að finna sannkallaða paradís,“ segir Skúli loks.

# Sjávarréttasúpa uppfull af alls kyns góðgæti

RAUÐA HÚSIÐ Á EYRARBAKKA BÝÐUR UPP Á MARGA LJÚFFENGA RÉTTI.

Veitingastaðurinn Rauða húsið er á Búðarstíg 4 á Eyrarbakka, skammt frá kirkjunni og byggðasafninu Húsinu. Hann hefur verið starfræktur í fimm ár og nýtur sífelldra vinsælda.

Rauða húsið er á þremur hæðum. Miðhæðin er kölluð Guðmundubúð í höfuðið á Guðmundu Nielsen tónskáldi og verslunarkonu, sem byggði húsið árið 1919. Á þeirri hæð er eiginlegur veitingastaður hússins. Á þriðju hæðinni eru suðursalur, með útsýni yfir hafið, og norðursalur, með útsýni alveg upp í Grímsnes. Í kjallara hússins er góð fundaraðstaða og bar.



Rauða húsið er opið allt árið um kring. Þar er boðið upp á ýmsa góða rétti. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Aðalsmerki Rauða hússins er sjávarréttasúpa, uppfull af alls kyns fiski, humri og fersku niðurskornu grænmeti. Nýbakað brauð og heimatilbúinn hummus eru ávallt borin fram með súpunni. Af öðru lostæti má nefna saltfisk, fiskitvennu og nýjan humar. Einnig eru í boði grænmetisréttir, pasta, kjúklingur og lamba- eða nautasteik fyrir þá sem ekki hafa áhuga á fiski.

Rauðahúsið er opnað kl. 11.30 og er opið alla daga allan ársins hring. Eldhúsið er opið til kl. 21:00 í miðri viku en 22:00 um helgar, en opið er lengur ef með þarf. Staðurinn sjálfur er yfirleitt opinn þar til síðasti gestur er farinn, nema á laugardögum en þá er lokað kl. 02:00. Nánari upplýsingar eru á slóðinni www.raudahusid.is



Ferskur humar, fiskur og aðrir sjávarréttir eru meðal þess sem alltaf er á boðstólum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



















# Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í sannkallaðri náttúruparadís. Og svo eru Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt steinsnar frá.

**Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:**

- 4 hótel, 16 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 3 tjaldsvæði – og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 15 veitingastaðir, 6 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir – og svo er líka gaman að hitta ættingja og vini!
- Leikhús, skemmtileg söfn, tónleikar, fjöldi gallería – og kaflar úr menningar- og listasögu landsins í hverju skrefi.
- Skíðaparadís (með heimatilbúnum snjó ef þarf), 2 sundlaugar, 3 líkamsræktarstöðvar, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, skipulagðar gönguleiðir, óvissuferðir – og svo að sjálfsögðu Kjarnaskógur, þessi perla!
- Gott úrval fjölda ólíkra verslana.

*Nánari upplýsingar um ferðamöguleika og viðburði á **akureyri.is** og **nordurland.is.***

GEIMSTOFAN


KÓTELETTUKARLINN
ELSKAR LAMBAKJÖT
Lambakjöt
ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MAÐUR
ENNEMM / SÍA / NM21209



VW Golf árg. '97, ek. 104 þús. km, allur nýyfirfarinn, sk. '07, sumar og vetrardekk. Verð 300 þús. Uppl. í s. 663 5325.



VW Polo árg. 2000, ek. 84 þús. Verð 490 þús. S. 899 8985.



Bens 300 Turbo dísel árg. '94, ek. 496 þ. km. Hlaðinn aukabúnaði. Tilboð óskast. Sími 897 0370 e. kl. 14.



Opel Astra 99 4ra d., 5 g., ek. 143 þús. Fæst á góðu verði eða 350 þús. S. 664 1082.



VW Golf árg. '99, laskaður stuðari. Verð 350 þ. en má prútta. S. 894 4141 & 692 2178.



Toyota Hilux DX árg. '89, upphækkaður á 38" dekkjum, ek. 218 þús. nýsk. Uppl. í s. 848 2793, Arnar.

Peugeot 106 árg. '97, ek. 92 þús., lítill og sparneytinn, nýsk., blár, sumar og vetrardekk fylgja. Selst á 250 þús. Uppl. í s. 846 3964.

Mitsubishi Lancer stw, árg. '98, ek. 195 þús. Nýskoðaður. Gott eintak. Verð 350 þús. Uppl. í 898 6167.

Toyota Hilux SR5 árg. 33" dekk. Ekinn 195 þ. km. Upplýsingar í síma 867 6639.

Til sölu Viking fellihýsi árg. '99, mjög vel með farið. Litið fortjald fylgir. Verð 350 þús. Uppl. í s. 898 1510 & 555 0156.

Til sölu Subaru Legacy árg. '98, ek. 152 þ. Fæst gegn yfirtöku á láni 480 þús. Uppl. í s. 861 5045.

## 500-999 þús.



3ja dyra Golf árg. '00, í toppstandi, ek. 57 þús. Listaverð 720 þús. Tilboð 650 þús. Uppl. í s. 699 7485.



MMC Lancer '99, ek. aðeins 64 þús., grænn, ssk., sumar/vetradekk, verð 600 þús. Uppl. í s. 867 6223.



DodgeDakotaSport '98, ekinn 55 þús., mílur í topp standi. Uppl. í s. 862 9650.



M. Benz E220 '94, 186 þ. km, sjálfsk. Sjúkrasæti+hiti AC, gott viðhald. S. 847 1709 & 566 7366.



Gullfalleg Mazda 323 árg. '99, ek. 97 þús., nýsk. Verð 550 þús. Uppl. í s. 863 3224.



Toyta Corolla 1,3 árg. 1999. ek. 74 þ.km. beinskiptur, toppeintak eyðir litlu. v. 600 þús. Uppl. í s. 820 5814.



Toyota Avensis skráður 11/2000 ek 100 þ. Verð 930 þ .Uppl í s. 820 6285.



Nissan Micra GX '99, ek. 51 þús. Nýsk. '07. Verð 520 þús. Uppl. í s. 892 8588.



Nýskoðaður Galant 2500 V6 '98, ekinn 142 þús., ssk., fjarstart, Cruise ofl. Verð 950.000. Tilboð 820.000. Ath öll skipti! S. 847 0758.



VW Golf 4x4 2000cc, 5 gíra, skr. 06/01. Toppeintak. Tilb. kr. 990.000. S. 896 5917.



Mitsubishi Eclipse GSX Turbo 4WD, ekinn 89 þús. mílur, ssk., leður, topplúga ofl. Ásett 600 þús. Tilboð óskast í síma 848 2015.



Toyota Corolla STW ssk., 1600, árg. '00, ek. 60 þ. með nýrri vél, mjög góður bíll, einn eig. Bein sala kr. 910 þ. Uppl. í s. 896 8212.



Galant '98, ek. 127 þús. Áhvílandi 530 þús. Afborgun á mán 18 þús. Verð 780 þús. Uppl. í s. 869 0838.



Plymouth Grand Voyager árg. '96, sk. '07, vel með farinn, ek. 140 þús. Verð 550 þús. Uppl. í s. 895 0168 & 899 0168.



**Nissan Patrol 550 þús.**

Til sölu Nissan Patrol árg. '92, 38" breyttur, 2,8 TDi, ek. 240 þús. km, 7 manna, fæst fyrir 550 þús. stgr. Uppl. í s. 896 5290.



Dodge Stealth '94, sk. '07, leður, CD, 18" króm. Verð 790 þús. ATH öll skipti. S. 693 5053.



**Ódýr - Ódýr**

Toyota Yaris '03, ek. 87 þús. Ásett verð 780 þ. Tilboð 690 þ. Áhv. 600 þ. Uppl. í s. 899 8822.



Dodge RAM 250 ferðabíll, árg. '93. Uppl. í s. 568 1981 & 568 5360.



Til sölu Honda CRV , árg. '98, ek. 76 þús. Verð 950 þús. Topplúga, dráttarkúla, sjálfsk. Gott eintak. Uppl. í s. 690 6001.

Til sölu VW Golf, bsk., 5 d., 06/99, ek. 115 þ. Ásett verð 690 þ. Tilboð óskast. S. 696 2447.

## 1-2 milljónir



Til sölu Skoda Superb árg. '05, ek. 17 þús., 100% lán. Uppl. í s. 863 0159.

Til sölu BMW 750 árg. '98, ek. 187 þús. Verð 1.6 millj. Uppl. í s. 899 3629.



Svartur Citroen C4, sjálfsk., ekinn 5800 km,árg. 2005, eins og nýr. Verð 1,75 millj. S. 865 6575 & 564 2212.



Til sölu Dodge Stratus árg. '03, Uppl. í s. 691 5666.



VW Golf Highline '02. Ekinn 40 þús. Yfirtaka á ca. 1.300 þ. láni. S. 690 0900.



Dodge Grand Carvan '01, 4x4, ekinn 160 þ. km. V. 1.890 þ. Tilboð 1.490 þ. Einnig Chooper ríðh. S. 898 3324.



Til sölu BMW 320i, árg. '00, ek. 79.000, 6cyl, 17" álfelgur, sumar og vetrardekk, loftkæling, o.fl. Mjög góður og óslitinn bíll. S. 899 8989.



Mitsubishi Galant GTZ V6 3000, ek. 70 þús. Álf., leður glertoppl., rafm. í öllu. Infinity sound system, 200 hö. Eyðsla aðeins 10-11L innanb. Verð aðeins 1.850 þús. S. 899 5506.



Til sölu Toyota Corolla árg. '02, ek. 38 þús. Sjálfskiptur. Pottþéttur bíll. Sumard. á álf. Vetrard. á stálf. V. 1.350 þ. Engin skipti. Uppl. í s. 692 8615.

Mitchubishi Pinin árg. '03, ek. 40 þ., verð 1.350 þ., s. 868 3037.

## 2 milljónir +



**Auðveld kaup**

Til sölu M. Benz C180 K, 143 hö, Elegance, árg. 2004, ek. 30 þús., 6 gíra, blásans. Verð 2.990þús. Yfirtaka á láni 2.650þús. Uppl. í s. 898 4202.



**Chrysler**

Til sölu stórglæsilegur Chrysler Pacifica Limited árg. '04, 4x4, ek. 60 þús., yfirtaka á láni + 100 þús. í pen fylgir með í skottinu í kaupbæti. A.t.h. skipti.

**Uppl. í s. 690 1074 & 588 0300.**

## TIL SÖLU


Lúxusfrí á hjólum

SALA - LEIGA

Mikið úrval af húsvögnum



Nýir húsvagnar á verði notaðra! Komdu og tryggðu þér nýjan húsvagn á ótrúlega lágu verði!

Afar vönduð, létt og meðfærileg hjólhýsi sem hægt er að draga á fólksbíl.

Kynningartilboð
Með fyrstu 12 húsvögnunum fylgir fortjald með á hálfvirði



CABBY DELTA HOME-CAR

VAGNASMIÐJAN HÚSVAGNAR ehf.
Eldshöfða 21 - 110 Reykjavík
Sími 587 2200 / 898 4500
Opið virka daga frá 10-18
helgar frá 10-16

velkomin á nýja heimasíðu okkar
www.vagnasmidjan.is


## TIL SÖLU


Brenderup Unitrack 3505

Innanmál: 310x165x40 cm
Heildarþyngd: 3500 kg
Burðargeta: 2800 kg
Dekk: 14"



Lyfta.is · 421 4037 · www.lyfta.is · lyfta@lyfta.is


## BÍLAR TIL SÖLU


M BENZ ML 350 ÁRG '03 EKINN 64. ÞÚS. M

Mjög ríkulega búinn með Inspiraton luxus pakka, bose hljómtæki, álfelgur, leðursætum með útsaumi, 220 hö, 4x4, sjálfskiptur, cruse control, topplúga, ...og öllu því sem er í alvöru lúxusbifreið.



Verð 3990.þús Uppl 891-6020 Myndir á www.123.is/mbenz



HEKLA VÉLASVIÐ



**VOLVO FH 12**
Árgerð 2002,
ekinn 253.000 km.
Bíll á grind með loftfjöðrun að aftan og búkka.
VERÐ 4.5 millj. + vsk.

**MAN 19.414**
Árgerð 2000,
ekinn 476.000 km.
Bíll á grind með loftfjöðrun að aftan.
VERÐ 1.9 millj. + vsk.

**M. Benz ATEGO1323**
Árgerð 2003,
ekinn 250.000 km.
Dráttarbíll í góðu ástandi.
VERÐ 3.9 millj. +vsk.

**M. Benz. SPRINTER 412**
Árgerð 1996,
ekinn 260.000 km.
Sjálfskiptur bíll með kassa og lyftu.
VERÐ 1.150.000 +vsk.

**CATERPILLAR 442D**
Árgerð 2003,
ekinn 2600 tíma. Hraðtengi, gaflar og 3 skóflur.
VERÐ 5.1 millj. + vsk.

**KOMATSU PC 450**
Árgerð 2002,
ekinn 5800 tíma.
Hraðtengi og skófla, vél í mjög góðum ástandi.
VERÐ 11.9 millj. + vsk.

**MOXY MT 30**
Árgerð 1998,
ekinn 11.600 tíma
Liðtrukkur í góðu ástandi.
VERÐ 4.8 millj. + vsk.

**HEKLA VÉLASVIÐ**

**Klettagörðum 8-10
www.hekla.is/velasvid
Sölumaður 825-5736**

## Önnur þjónusta

Byggingarnefndarteikningar, burðarþolsteikningar og lagnateikningar. Tækniþjónusta GR s. 567 5066 og 896 9998.

Tökum að okkur hverskonar múrbrot, fjarlæga efni, frágangur og pípulagnir Uppl. í s. 892 8720.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

Þú léttist með Herbalife! Persónuleg ráðgjöf og stuðningur. S. 892 8463 & 868 4884.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í maí. Halldóra Bjarna hjúkrunfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876

**Taktu þér tak!**
Með Herbalife nærðu árangi. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Svandís 867 3048.

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896 4662.

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun á netinu.**
Hafðu samband 868 8162. adalgeir@lifsorka.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Skrifborð til sölu**
Lækkað verð. Skrifborð úr INNX, stillanlegt á hæð, með tveimur skúffuskápum á hjólum. Kostar nýtt ca. 150.000. Selst á 50.000. Uppl. í síma 897 4583.

Til sölu ekta svart leðursófasett sófi+ 2 stólar .Verð 45 þús Uppl í s. 693 3202 & 564 1273.

Til sölu vegna flutninga. Stór skápur í antík stíl. Neðri hluti skápar og skúffur. Efri hluti hurðir með gleri, glerhillur, speglar í baki og 2 ljós. MJög vel með farið. Verð 70 þús. Uppl. í s. 587 2291.

Til sölu 2 eikar skifborð, 2 kálfar, fyrir tölvu sem eru úr eik, skrifstofustólar, 2 eikarhillur, allt mjög lítið notað. Uppl. í s. 892 7280.

## Antík

Til sölu borðstofuborð (100 ára) og 6 stólar. Tilboð óskast. Uppl. í síma 895 6418.

## Barnavörur

Til sölu svefnkerra með dúnpoka kr. 25 þ. nýl. Silver Cross 45 þ. velmf. s. 862 2925.

## Dýrahald

Labrador hvolpar til sölu. Uppl. í s. 895 8325.



Hreinræktaðir enskir Spring Spaniel hvolpar til sölu á hálfu markaðsverði, ættartala fylgir með. S. 462 7890 & 822 5018.



Rottweiler hvolpar til sölu undan meist. Tilbúnir til afh. Ættbókarfærðir. Uppl. í s. 856 2714.



Ein normalgray Dísa og ein gul Dísa (lutino), handmataðar, mjög gæfar og góðar. Uppl. í s. 421 4550.



Gullfallegur 9 vikna labradorhundur til sölu. Uppl. í síma 845 1075.



Labrador hvolpur með ættbók frá HRFÍ. Einungis áhugasamir hafi samband í s. 868 0019, astaey@emax.is

Til sölu amerískur Cocker Spaniel, ættbók HRFÍ. Uppl. í s. 868 0019 & astaey@emax.is

11. vikna Silky Terrier til sölu. Hreinræktaður og með ættbók. Uppl. 846 9868.

Til sölu 3 hreinræktaðir Silky Terrier hvolpar, örmerktir, ormahreinsaðir og bólusettir. Ættbókafærðir. Til afhendingar fljótlega. Uppl. í s. 698 7440.

Eigum eftir eina tík og einn rakka. Heilsufarssk., örmerktir og bólusettir. Foreldrar sýndir, mjaðma og olnbogamyndaðir, tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 824 1063 Einar.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

300 stk. af 33 snúninga plötum, þar á meðal the Hystori of Rock, einnig 50 stk. af 45 snúninga plötum. Uppl. í s. 424 6593 & 899 6539 eftir kl. 13 á laugardag.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Er með 4 ódýra miða á lausu til Alicante frá 5/6-26/6. S. 462 6979 & 864 0096.

## Gisting



Ódýr gisting á Suður Jótlandi! Við erum á besta stað í Danmörku. Frábær gisting í rólegu og fjölskylduvænu umhverfi. Símar: +45-74620101, gsm +45 24825201 Kristján - www.southfork.danmark.nu

**Gisting á Spáni**
Íbúð til leigu í Costa Brava og Menorca í sumar. Og í Barcelona í haust. Uppl.í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn




## Hestamennska

**Land til sölu!**
Til sölu í Grímsnesi stórar lóðir, hentar vel til hrossabeitar eða skógræktar. Grasgefið og gott land. Uppl. í s. 486 4515 eftir kl. 18.

2 átta vetra og 1 ellefu vetra, alþægir fjölskylduhestar, vel ættaðir og fallegir til sölu. S. 861 5725 & 690 9580.

## Ýmislegt







# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2ja herb. íbúð á flötunum í Garðabæ til leigu jarðhæð. Uppl. í s. 698 6514 & 565 7459 .

# ATVINNA






Til leigu 3ja herb. íbúð í Vesturbænum, húsgögn geta fylgt, 2 mán fyrirfr. í tryggingu og aðeins reglusamir og skilvísir leigjendur koma til greina. Verð 90 þús. Uppl. í s. 821 9812.

**Kaupmannahöfn**
Herbergi til leigu á Amager frá 1. júní með húsgögnum og interneti. 700 metrar frá Amagerstrandpark. S. +45 32971467 & GSM +45 28202880.



Til sölu 64 fm sumarhús. Tilbúið að utan, fokhelt að innan. S. 692 9383 & 555 3383. Til sýnis um helgina.

## Húsnæði óskast

Móðir með 2 börn í góðu starfi og vantar 3-4 herb íbúð í hafnarfirði fyrir 1.ágúst. Er reglusöm og skilvís og hef toppmeðmæli. Bjarkey s:6904159

Óska eftir 3ja herbergja íbúð, öruggar greiðslur. Uppl. í s. 660 1704.

Er kona á miðjum aldri og er að flytja í höfuðborgina og vantar 3 herbergja íbúð til leigu sem fyrst. Öruggar greiðslur og meðmæli ef óskað er. Upplýsingar í síma 861 6603 Gréta.

Reglusamt par óskar eftir íbúð til langtímaleigu á höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 691 6381.

Óska eftir 2-3ja herb. íbúð til leigu sem fyrst. Skilvísum greiðslum heitið. Er reyklaus og reglusamur. Uppl. í s. 868 2689.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð frá og með 1.06. Óska eftir langtímaleigu. Skilvísi og reglus. heitið. Uppl. í s. 845 5219 & 845 0945, Díana.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

**Til Leigu**
Glæsilegt fullbúið iðnaðarhúsnæði, við Steinhellu í Hafnarfirði, 6-7 metra lofthæð, 152 fm, innkeyrsluhurð, laust strax, Uppl. í s. 895 3000.

Stórglæsilegar skrifstofur í nýinnréttuðu húsnæði í Kóp. til leigu. Sameiginlegt fundarherb., öflug nettenging, setustofa og ýmis konar þjónusta til staðar. Uppl. í s. 695 7050.

## Sumarbústaðir

NORM-X



Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega.**

**Stórmarkaður í stofunni heima.**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
Help needed! Part time $500 - $2000 Full time $2000 - $8000 Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

PÍTAN

**Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur.**
Langar þig að vinna á Pítunni? Erum með laus störf í vaktavinnu og kvöld- og helgarvinnu bæði í sal og í eldhúsi.
**Umsóknareyðiblöð á Pítunni og á pitan.is. Umsækjendur þurfa að geta byrjað í maí.**

**Starfsfólk óskast.**
Okkur vantar gott starfsfólk í vinnu. Þetta er vaktavinna á skyndibitastað í Reykjavík. Ef þú vilt slást í hóp úrvals starfsfólks á góðum vinnustað erum við með starf fyrir þig.
**Hringdu eftir klukkan 14 í dag. 892 9846 Kolla. Hlöllabátar Bíldhöfða 5.**

**Bortækni.**
Óskar eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
**Upplýsingar í síma 892 7544.**

Nesbyggð

**Reykjanesbær - Múrarar**
Múrarar eða menn vanir múrverki óskast Mikil vinna framunda, framtíðarstarf. Húsnæði fyrir hendi. Upplýsingar í síma 840 6100 Nesbyggð ehf.

**HÁRSNYRTIR**
Hársnyrtistofan Dalbraut óskar eftir starfskrafti. Góð laun í boði.
**Hársnyrtistofan Dalbraut 1 Sími 699 7537**

**Cafe Bleu**
Óskum eftir að ráða vana þjóna í sal. Einungis gott fólk kemur til greina, góð laun í boði.
**Upplýsingar gefur Jón á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

OLIVER BAR CAFÉ GRILL

Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og vönum barþjónum. Einnig matreiðslumenn í eldhús. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Arnar í síma 821 8500 www.cafeoliver.is

**Sumarafleysingar**
Óskum eftir fólki til sumarafleysinga í júní, júlí og ágúst í allar tegundir ræstinga. Leitum að fólki sem hefur reynslu af ræstingum
**Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s. 554 6088.**

**Vaktmaður - næturvinna**
Viljum ráða til okkar vaktmanneskju til eftirlits- og þjónustustarfa á nóttunni. Unnið er aðra hvora viku. Um fullt starf er að ræða, ráðið verður í starfið fljótlega.
**Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s. 554 6088.**

**Vélavörð**
vantar á línubát sem rær með beitningavél.
**Upplýsingar í síma 852 2389 & 892 1757.**

**Ræsting / Morgunvinna**
Vantar fólk í afleysingar í s sumar þarf að geta hafið störf fljótt, vinnutími 8-12, unnið á vöktum.
**Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

**Kringlukráin.**
Viljum bæta við okkur hressu og skemmtilegu þjónustufólki í dag - kvöld og helgarvinnu. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu.
**Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is**

Sumarafleysingar! Óskum eftir starfsfólki til sumarafleysinga. Dagvinna, kvöldvinna og helgarvinna. Tilvalið fyrir þá sem vilja halda áfram í haust, og vinna með skóla, eða annari vinnu. Komið og sækið um eða sendið e-mail á krames@mmedia.is. Krambúðin Skólavörðustíg 42.

**Dekkjaverkstæði**
Óskum eftir verkstjóra og vönu fólki til starfa hjá hjólbarðaverkstæði Bílkó. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

**Gallerý Kjöt**
Óskum eftir starfskröftum í verslun okkar. Sumar/hluta og framtíðarstörf í boði. Uppl. í s. 553 1600 & 896 6467.

Vantar starfsmann á vaktir í þjónustuíbúðir aldraðra. Upplýsingar í síma 822 3087.

Vantar starfsmann í heimaþjónustu í Þjónustuíbúðir aldraðra Lönguhlíð 3 starfshlutfall samkomulag, upplýsingar í síma 822 3087.

**Réttingamaður**
eða maður vanur bílaréttingum óskast sem fyrst. Einnig bifvélavirkja eða mann vanan bílaviðgerðum. Uppl. í s. 561 1190 & 899 2190.

Kaffibrennslan óskar eftir aðstoðarmönnum í eldhús sem fyrst. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Mike í síma 692 5967 eða á brennslan@brennslan.is

**Sumarstarf.**
Húsfélagið Völundur, Klapparstíg 1-7 og Skúlagötu 10 óskar eftir starfsmanni í garðvinnu og ýmis önnur tilfallandi störf, undir stjórn húsvarðar. Ekki yngri en 17 ára. Uppl. í s. 863 9756.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum og í s. 697 8888 Örn.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
óskar eftir uppvaskara í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða síma 697 8888, Örn.

**Nonnabiti**
Starfskraftur óskast í fullt starf og hlutastarf. Reyklaus. Uppl. í s. 899 1670 & 586 1840 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

Óskum eftir að ráða matreiðslumann eða mann vanan matreiðslu. Uppl. í s. 861 6892.

Starfsmaður óskast til almennra starfa við ferðaþjónustu á Hörgslandi 1. Uppl. í s. 487 6655 & 894 9249. www.horgsland.is.

**Bón og þvottur**
Óskum eftir verkstjóra og vönum mönnum á bónstöð hjá Bílkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

**Bílaleiga...**
Starfsmaður óskast á bílaleigu mikil og skemmtileg vinna framundan, einungis duglegt fólk kemur til greina. Uppl. í síma 555 3330.

**Bifreiðastjórar**
Óskum eftir bifreiðastjórum út frá Reykjavík í sumar. Góður möguleiki á heilsársstarfi. Viðkomandi þarf að hafa mikla þjónustulund og áhuga á ferðalögum innanlands. Umsóknir óskast á einar@gtyrfingsson.is

**Skrifstofustarf**
Óskum eftir starfskrafti á skrifstofu okkar á Selfossi í fjölbreytt og skemmtilegt starf. Æskilegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og góða tölvu og tungumála- kunnáttu. Umsóknir óskast á gt@gtyrfingsson.is

**Atvinna atvinna**
Atvinna Atvinna óskum eftir hressum og duglegum lagermönnum til starfa sem fyrst. Mikil vinna og góð laun í boði fyrir duglega starfsmenn. Upplýsingar gefur Daði í síma 820 8005 eða á staðnum í Smáratorgi 1 Rúmfatalagerinn.

Járnabindingar. Vantar menn í járnabindingar. Helst vana. Mikil vinna í sumar. Mæling. Uppl. gefur Steini í s. 699 6060 eða Ármann í s. 894 3398.

**Alveg Brilliant starf**
Skartgripaverslunnin brilliant óskar eftir brilliant starfskrafti um er að ræði fullt starf, einnig vantar fólk í sumarstarf og afleysingu. umsóknir skilist á netfangið gull@brilliant.is fyrir 20/05/06

**Rútubílstjóri óskast**
í nokkrar hringferðir í júní /júlí. Uppl. í s. 567 2288.

**Vantar mann strax**
Vantar mann strax með meiraprόf. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 898 9006.

## Atvinna óskast

AWM STARFSMANNARÁÐGJÖF

**Af hverju að auglýsa þegar að við getum fundið rétta fólkið fyrir þig ?**
Traust Fyrirtæki með reyndum og áreiðanlegum steypumönnum, smiðum, járnbindingarmönnum, kranamönnum, rafvirkjum og fleira. Frá bretlandi. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá til landsins. Hringið í Alan í s. 897 8978
**Upplýsingar í síma 533 3777. Meðmæli frá viðskiptavinum fáanleg.**

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

KVENFÉLAGIÐ HEIMAEY

Vestmannaeyingar - Lokakaffi Kvenfélags Heimaeyjar verður í Sunnusal Hótel Sögu sunnudaginn 14 maí kl. 14.00. Kaffinefndin.

Skotveiðifélag Kópavogs kynnir landsins stærstu byssusýningu sem haldin verður núna um helgina í sal félagsins Digranesi.

Byssusýning um helgina í Íþróttahöllinni Digranesi milli 10 og 6.

## Einkamál







Símaspjall 908-2020. Komdu og talaðu við mig í síma. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið.

Spjall fyrir samkynhn. KK, aðeins kr. 4,90 mín m/korti, s. 535 9988.

Allar helstu bílapartasölur landsins eru á www.partasolur.is

Kona, 44ra, ljósh., grannv., vill kynnast karlm. m/nána skemmtun í huga. RTS, s. 905 2000 (símat.) og 535 9920 (kort), nr. 8179.

Kona, 29, ljósh., grannv., vill kynnast karlm. m/tilbr. í huga. RTS, s. 905 2000 (símat.) og 535 9920 (kort), nr. 8143.

Karlm., 55, 180 cm, vill kynnast konu m/vinsk. Varanl. kynni í huga. RTS, s. 555 4321 (gjaldfrj. f. konur), nr. 8930.

**allt ferðir**
Alla miðvikudaga og laugardaga

TILKYNNINGAR



Ég hef hafið störf á TEAM HÁRSTUDIO, Faxafeni 14.

Bið alla nýja og gamla viðskiptavini velkomna.

*Sjáumst!*
*Guðrún Edda Bjarnadóttir*

TEAM HÁRSTUDIO
Faxafeni 14, 2. hæð • Sími 588 6161

# Setberg

# Kynningarfundur í dag

## í hátíðarsal Flataskóla, kl. 13.15-15.00

### Kynntar verða tillögur í hönnunarsamkeppni um skipulag Setbergs í Garðabæ

**Dagskrá kynningarfundarins:**

**Kl. 13.15** Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, setur fundinn.

Arkitektar kynna tillögur sínar.

**Kl. 15.00** Veitingar – Arkitektar kynna líkön af skipulagstillögum sínum.



**Fundarstjóri verður**
**Gunnar Einarsson**
**Bæjarstjóri Garðabæjar**

**Eftirtaldar arkitektastofur kynna tillögur sínar á fundinum, allir velkomnir.**

## kanon arkitektar


Halldóra K. Bragadóttir


Helgi B. Thóroddsen


Þorkell Magnússon


Þórður Steingrímsson

Kanon arkitektar ehf. hafa starfað frá árinu 1994 á sviði hönnunar og skipulags. Eigendur eru arkitektarnir Halldóra Kristín Bragadóttir, Helgi B. Thóroddsen, Þorkell Magnússon og Þórður Steingrímsson. Á teiknistofunni starfa sex arkitektar að eigendum meðtöldum.

Kanon arkitektar ehf. sinna öllum almennum arkitektastörfum, s.s. hönnun bygginga, skipulagi, innréttingum, endurbótum eldra húsnæðis og húsnæðis- og byggingaráðgjöf. Mikilvægur þáttur í starfsemi Kanon arkitekta er þátttaka í samkeppni um arkitektúr og skipulag og hefur fyrirtækið unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga. Markmið fyrirtækisins er að vinna að góðri byggingarlist og skipulagi. Kanon arkitektar leggja áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með það að leiðarljósi að markviss hönnun sé lykillinn að vel heppnuðum lausnum.


Kristnibraut 2-12


Skipulag: Grafarholt - vestursvæði


Hólmasund 4-20


Breiðagerðisskóli

## schmidt hammer lassen


Morten Schmidt


Kristján Örn Kjartansson


Lars Holt

Schmidt hammer lassen er ein stærsta arkitektastofa Danmerkur, með höfuðstöðvar í Árósum og útibú í Kaupmannahöfn. Fyrirtækið var stofnað 1986 og í dag starfa hjá því um 120 reyndir arkitektar, landslags- og innanhúsarkitetkar, hönnuðir, grafíklistamenn, líkanasmiðir og yfirmenn sem allir standast miklar kröfur fyrirtækisins um hæfni og sköpunargáfu.

Í verkum stofunnar blandast saman norrænar hefðir og nýir alþjóðlegir straumar og leitast er við að hafa bein áhrif á þróun arkitektúrs í alþjóðlegu umhverfi. Aðaláhersla stofunnar frá uppafi hefur verið á yfirgripsmikla þekkingu sem spannar allt sviðið í heimi arkitektúrs. Vítt svið og vandaðar starfsaðferðir hafa ekki aðeins skilað stofunni fjölda viðurkenninga og verðlauna, heldur einnig skipað henni háan sess, bæði á heimavelli og alþjóðlegum grundvelli.


Skuggahverfi í Reykjavík


Íbúðahverfi í Jelling


Nýlistasafnið í Árósum


Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn

## LEDERER + RAGNARSDÓTTIR + OEI


Arno Lederer


Jórunn Ragnarsdóttir


Marc Oei

Arkitektastofan Lederer + Ragnarsdóttir + Oei á rætur að rekja til ársins 1979. Í dag vinna um 30 manns hjá fyrirtækinu. Til að skapa hverju viðfangsefni stofunnar sína eigin sérstöðu vinnur starfsfólkið í litlum vinnuhópum og sami hópurinn fylgir hverju einstöku verkefni frá upphafi til enda.

Frá stofnun 1979 hefur stofan tekið þátt í yfir 140 samkeppnum og unnið til yfir 60 verðlauna.

Mikil áhersla er lögð á hönnun sem er í takt við nánasta umhverfi. Byggingahefð svæðisins er skoðuð og kafað djúpt ofan í eiginleika þeirra bygginga sem fyrir eru.

Jórunn Ragnarsdóttir, einn af eigendum stofunnar, hefur verið búsett í Þýskalandi síðan hún lauk arkitektanámi í Stuttgart og hefur getið sér gott orð þarlendis og víðar.


Gustav-von-Schmoller skólinn í Heilbronn


Hessian State leikhúsið í Darmstadt


Höfuðstöðvar Helvetia tryggingafélagsins í Frankfurt


Salem háskólinn í Überlingen

# í Garðabæ



ee.is [útlit&umbrot]

### Hugmynd að nýjum 18 holu golfvelli verður kynnt á fundinum



### Útivistarmöguleikar í næsta nágrenni



### Hvar er Setberg?




## Setberg í Garðabæ

Setberg er byggingarland í Garðabæ þar sem fyrirhugað er að reisa hágæða íbúðahverfi með sérstakri áherslu á sérbýli.
Ekki er gert ráð fyrir þéttri byggð heldur er markmiðið að þróa aðlaðandi samfélag þar sem verður að finna nægt landrými fyrir íbúana.
Gert er ráð fyrir grunnskóla í Setbergi og tveimur leikskólum.
Náttúrufegurð Setbergs er einstök, sem og útsýnið yfir Urriðakotsvatn. Gert er ráð fyrir góðum gönguleiðum frá íbúðarbyggðinni að vatninu sem auðvelda íbúunum aðgengi að þessari náttúruperlu og því fjölbreytta lífríki sem þar er að finna.
Í næsta nágrenni við Setberg má finna ýmsa spennandi afþreyingar- og útivistarmöguleika, t.d. golfvöll, reiðleiðir, gönguleiðir og einnig má nefna að friðlandið Heiðmörk er í göngufæri við Setberg.

Verkefnisstjórnun þróunarverkefnisins í samvinnu við landeigendur:

**VSÓ RÁÐGJÖF**

## Kerhraun C100 *Grímsnesi*

RE/MAX MJÓDD




Opið hús **lau. og sun. kl.** 13:00 -16:00

Nýlegt sumarhús á einni hæð. Forstofa með fatahengi. 3 svefnherbergi, 2 með parketi. Eldhús og stofa er eitt opið rými, parket á gólfi, u-laga innrétting, stór verönd í kringum húsið. Rafmagn er í bústaðnum.
HAFIÐ SAMBAND VIÐ INDÍÖNU Í SÍMA: 6989915

Jónas Örn Jónasson hdl. lögg.fasteignasali

Hafdís Sölufulltrúi **8956107** hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufulltrúi **8630402** asdis@remax.is

**Verð: 12.400.000**
Stærð: 65,9 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2003
Brunabótamat: 12,6 millj.

RE/MAX KÓPAVOGUR





## Valsheiði 28

810 Hveragerði
Opið hús laugardag kl. 16 - 16:30

**Verð: 35.000.000**
Stærð: 198,1
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2005
Bílskúr: 32,3

Mjög fallegt einbýli í byggingu á einni hæð, 4ra herbergja, 198,1 fm að stærð með innbyggðum bílskúr. Góð staðsetning í nýju hverfi í Hveragerði. Þakið er klætt með rauðri og stallaðri álklæðningu frá Alcan og er með 30 ára ábyrgð frá framleiðanda. Húsið er klætt að utan með fallegum ljós hömruðum flísum og gluggar eru úr plasti. Húsið afhendist tilbúið að utan með grófjafnaðri lóð og tilbúið til innréttinga að innan. Viðhaldsfrí eign sem afhendist mjög fljótlega.

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Kolbeinn Sölufulltrúi **694 9100** kolbeinn@remax.is

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
Salómon Jónsson - Lögg. fast.sali

**Hagasmára 1**
**Smáralind**
**Suðurlandsbraut 50**
(Bláu húsin við Faxafen)
**Sími: 513-4300**

## Valsheiði 28 - Hveragerði



Frum

Stórglæsilegt einbýlishús í byggingu á góðum stað í Hveragerði. Húsið afhendist tilbúið að utan með grófjafnaðri lóð, og tilbúið til innréttinga að innan. Að utan er húsið klætt með sérlega fallegum rjómalitum flísum frá Ítalíu. Húsið er með valmaþaki, á einni hæð, 4ra herbergja, 198,1 fm að stærð með innbyggðum bílskúr. Hvítur þakgluggi er efst í mæni valmans. Húsið er tilbúið til afhendingar einum mánuði eftir kaupdag. Glæsileg eign á góðum stað í Hveragerði! Verð 35 millj.

**Allan nánari upplýsingar veita Ólafur Haukur í síma 693-4868 og Steinunn í síma 862-2969**

## Skammtímaleiga

Mikið af húsnæði
í skammtímaleigu
á skrá á
www.rent.is

RENT GISTIMIÐLUN
*Opnar þér nýjar dyr*

**www.rent.is – s: 555-7017**

Frum

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
Salómon Jónsson - Lögg. fast.sali

**Hagasmára 1**
**Smáralind**
**Suðurlandsbraut 50**
(Bláu húsin við Faxafen)
**Sími: 513-4300**

## Valsheiði 28 - Hveragerði



Frum

Stórglæsilegt einbýlishús í byggingu á góðum stað í Hveragerði. Húsið afhendist tilbúið að utan með grófjafnaðri lóð, og tilbúið til innréttinga að innan. Að utan er húsið klætt með sérlega fallegum rjómalitum flísum frá Ítalíu. Húsið er með valmaþaki, á einni hæð, 4ra herbergja, 198,1 fm að stærð með innbyggðum bílskúr. Hvítur þakgluggi er efst í mæni valmans. Húsið er tilbúið til afhendingar einum mánuði eftir kaupdag. Glæsileg eign á góðum stað í Hveragerði! Verð 35 millj.

**Allan nánari upplýsingar veita Ólafur Haukur í síma 693-4868 og Steinunn í síma 862-2969**

# BÚGARÐABYGGÐ Í ÁRBORG




Fjóra km frá Selfossi hefur verið skipulögð búgarðabyggð sem er nýjung í íslensku skipulagi.
Tjarnabyggð er skipulögð á um 600 ha af frjósömu og góðu byggingarlandi
og þar verða í boði 1-6 ha lóðir með öllum þægindum og þjónustu þéttbýlisins.

**Nánari upplýsingar á www.tjarnabyggd.is eða í síma 898-0343**

# HELGARTILBOÐ!




2CD
2.199kr.

Red Hot Chili Peppers
Arcadium Stadium




2CD
2.199kr.

Pottþétt 40
Safnplata




1.799kr.

Gnarls Barkley
St. Elsewhere




2CD
2.199kr.

Eurovision Song Contest
Athens 2006




1.799kr.

Tool
10,000 days




1.799kr.

Pearl Jam
Pearl Jam




PS2
3.299kr.

Singstar Rocks




DVD
3.799kr.

American Dad
Sería 1




DVD
1.799kr.

Transporter 2

## MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM

S·K·Í·F·A·N
skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# Elsku mamma

Á morgun gefst börnum landsins gott tækifæri til þess að gleðja mæður sínar því þá er Mæðradagurinn. Á Íslandi hefur þessi dagur verið haldinn hátíðlegur síðan 1934 en hefðin er upprunninn í Bandaríkjunum. *Fréttablaðið* heyrði í nokkrum einstaklingum sem gefa hér góð ráð varðandi það hvernig gleðja megi móður sína.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Smiðir og ilmjurtir

„Ég minnist þess bæði sem móðir og dóttir að hafa munað eftir þessum degi en venjulega fer hann samt framhjá mér nema fjölmiðlar minni mann á hann. Þessi dagur er aðallega fyrir blómabúðirnar, sem er gott því ég vil endilega að fólk geri vel við þær. Ef ég ætti að óska mér einhvers á þessum degi þá biði ég líklega um það sama og ég bið um á jólunum sem er ilmsápur eða ilmolíur því ég er afar hrifin af ilmjurtum. Einnig væri draumur minn um góðan mæðradag sá að allir þeir smiðir sem ég hef verið að ráða til mín undanfarið mæti á svæðið og standi við gefin loforð. Ég er nefnilega farin að halda að smiðir séu óheiðarlegasta stétt landsins því þeir hafa lítið gert annað en svíkja mig undanfarið."

*Edda Björgvinsdóttir, leikkona*

## Ganga frá eftir matinn

„Ég er lítið fyrir það að láta segja mér hvenær og hvernig ég eigi að gleðja fólk og því skipta svona dagar mig litlu máli. Mér finnst að maður eigi bara að vera almennilegur við alla alltaf. Börn geta auðvitað gert ýmislegt til þess að gleðja móður sína. Mér fannst til dæmis afar sætt þegar sonur minn færði mér fyrsta fíflavöndinn. Eldri börn geta boðist til þess að elda og ganga frá eftir matinn, það er alveg tilvalinn glaðningur."

*Sigríður Arnardóttir, fjölmiðlakona*



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## Kem henni til að hlæja

„Ég reyni að gleðja móður mína allt árið því mér finnst heimskulegt að hampa sérstaklega móðureða föðurhlutverkinu á sérstökum dögum. Ég gleð mömmu til dæmis með því að hringja í hana, ég tek utan um hana og hrósa hárgreiðslunni hennar þegar hún hefur gert eitthvað við hárið á sér. Svo segi ég henni brandara því það er svo gaman að heyra hana hlæja."

*Ragnheiður Eiríksdóttir, dagskrárgerðarkona á Rás 2*

### ORT UM MÖMMU

**nokkur góð lög á mæðradaginn**

- **Does Your Mother Know**- Abba
- **Mamma Mia** - Abba
- **If I Was Your Mothe**r - Bon Jovi
- **Have You Seen Your Mother Baby...** - Rolling Stones
- **Mamma ætlar að sofna** - Sigvaldi Kaldalóns
- **Móðir mín í kví kví** - þjóðvísa
- **Litli tónlistarmaðurinn** - 12. september (Freymóður Jóhannsson)
- **Mother** - John Lennon
- **Dear Mama** - Tupac Shakur
- **Tie Your Mother Down** - Queen



## Börn hegði sér skikkanlega

„Ég hef nú svona endrum og sinnum reynt að gleðja móður mína á mæðradaginn en þó ekki alltaf, enda ansi oft verið erlendis á þessum degi. Þótt ég sé nú ekkert sérstaklega upprifinn yfir þessum dögum blómabúðanna man ég þó til þess að hafa fært henni blóm en almennt reyni ég nú bara að vera henni góður sonur og hegða mér öllu skár þennan dag en venjulega. Síðasta sunnudag var ég staddur í Litháen en þá var einmitt verið að halda upp á mæðradaginn þar og var mikið gert úr honum. Eiginmennirnir tóku þá að sér einstaka húsverk, sem þeir eru nú ekki svo hrifnir af aðra daga, og færðu konunum morgunmat. Mér sýnist yfir höfuð meira gert úr svona hátíðisdögum í Austur-Evrópu. Ég var einu sinni staddur á ráðstefnu í Hvíta-Rússlandi á konudaginn og þá flæddu blómin um göturnar og mikil áhersla var lögð á það að karlmenn gæfu konum blóm þennan dag. Ég þorði ekki annað en að kaupa búnt af rósum og gaf öllum konunum á ráðstefnunni rós og uppskar austur-evrópska kossa í staðinn. Sem sonur og foreldri held ég að íslenskar mæður kynnu einna best að meta það að börn þeirra hegðuðu sér skikkanlega á mæðradaginn og segðu kannski eitthvað fallegt við þær, en stundum finnst mér börn hér á landi ekki tala nægilega fallega til foreldra sinna."

*Eiríkur Bergmann Einarsson, stjórnmálafræðingur*




Kraftur og hugmyndir

Karl Tómasson

skipar 1. sæti á lista VG í Mosfellsbæ.

Hugmyndaríkur athafnamaður sem lætur verkin tala.


# Uppruni mæðradagsins

Upphaf mæðradagsins má rekja til bandarískrar konu sem bar nafnið Anna M. Jarvis og var búsett í Pennsylvaníu í upphafi síðustu aldar. Anna þessi skrifaði þúsundir bréfa til bandarískra ráðamanna árið 1907 og hvatti til þess að annar sunnudagur í maí yrði helgaður öllum mæðrum. Sjálf hafði Anna misst móður sína í maí árið 1905 og minntist hún hennar á hverju ári og hvatti aðra til þess að minnast mæðra sinna á svipaðan hátt. Anna hafði erindi sem erfiði því árið 1914 var dagurinn orðinn opinber hátíðisdagur í Bandaríkjunum og siðurinn breiddist um heiminn. Á Íslandi var mæðradagurinn fyrst haldinn hátíðlegur árið 1934 að áeggjan Mæðrastyrksnefndar, sem hafði verið stofnuð árið 1928. Dagurinn hefur síðan þá verið haldinn hátíðlegur víða um land, reyndar á mismunandi dagsetningum í maí, en síðan 1980 hefur hann átt sér fastan stað á almanakinu annan sunnudag í maí eins og víðast hvar erlendis. *(Heimild: Saga daganna eftir Árna Björnsson)*





ÚTSALA
Komdu á alvöru útsölu hjá Bílalandi B&L.
Valdir bílar á alvöru afslætti. Allt að 100% lán.
SÍÐASTI DAGUR Í DAG
LÝSING
DÆMI UM BÍLA Á ÚTSÖLU
Útsöluverð kr. 490 þús.
Verð áður kr. 830 þús.
UV-099
SUZUKI Jimny, sjálfsk., nýskr. 06.2001 - Ek. 92 þús.
Útsöluverð kr. 1.150 þús.
Verð áður kr. 1.620 þús.
OD-906
Renault Scenic RX4, beinsk., nýskr. 06.2003 - Ek. 105 þús.
Útsöluverð kr. 330 þús.
Verð áður kr. 650 þús.
Renault Megane ,
Útsöluverð kr. 330 þús.
Verð áður kr. 630 þús.
Útsöluverð kr. 690 þús.
Verð áður kr. 990 þús.
VU-701
nýskr. 09.2000 - Ek. 106 þús.
TR-297
Toyota Carina, sjálfsk., nýskr. 01.1997 - Ek. 165 þús.
SÍÐASTI DAGUR Í DAG
OL-352
SUZUKI Vitara, beinsk., nýskr. 06.1999 - Ek. 153 þús.
Útsöluverð kr. 330 þús.
Verð áður kr. 590 þús.
OA-976
Renault Megane, beinsk., nýskr. 09.1999 - Ek. 145 þús.
Útsöluverð kr. 380 þús.
Verð áður kr. 630 þús.
LK-389
Renault Megane, beinsk., nýskr. 09.1999 - Ek. 115 þús.
Útsöluverð kr. 330 þús.
Verð áður kr. 550 þús.
JY-064
MMC Lancer, beinsk., nýskr. 05.1999 - Ek. 99 þús.
Útsöluverð kr. 1.170 þús.
Verð áður kr. 1.590 þús.
ML-194
SUZUKI Grand Vitara, beinsk., nýskr. 06.2003 - Ek. 55 þús.
Útsöluverð kr. 690 þús.
Verð áður kr. 990 þús.
NU-940
Renault Laguna, sjálfsk., nýskr. 06.2000 - Ek. 105 þús.
Útsöluverð kr. 250 þús.
Verð áður kr. 460 þús.
YU-477
Renault Clio, beinsk., nýskr. 10.1999 - Ek. 111 þús.
Útsöluverð kr. 250 þús.
Verð áður kr. 480 þús.
JA-876
Renault Laguna, sjálfsk., nýskr. 05.1997 - Ek. 133 þús.
Birt með fyrirvara um verðbreytingar og ásláttarvillur
Opið í dag laugardag frá kl. 12 til 16.
Útsala einnig hjá SG Bílum Keflavík S: 421 4444,
Bílási Akranesi S: 431 2622 og Bílasölu Akureyrar S: 461 2533
575 1230
bíla land B&L
notaðir bílar
Grjóthálsi 1
bilaland.is

# Fiskur fyrir fagott og túbu

**Trillufélagið Bjartmar er enginn venjulegur félagsskapur. Þar innanborðs eru fjölhæfir menn sem ekki víla fyrir sér að vaða slor og kútta jafnvel beint eftir velheppnaða tónleika með Sinfóníunni. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* sigldi einn túr með tónelskum aflaklóm.**

Piltarnir í Trillufélaginu þekkjast í gegnum Sinfóníuhljómsveit Íslands og kapteinn Brjánn Ingason fagottleikari, sem á sínum tíma bar upp hugmyndina um að kaupa bát á hljómsveitaræfingu, segir að strax hafi verið tekið vel í uppástunguna. „Það voru sjö eða átta manns sem strax vildu vera með. Sumir höfðu einhverja reynslu af sjómennsku eða höfðu átt bát en öðrum leyst bara svo vel á hugmyndina.“ Í félaginu eru meðal annars þrír trompetleikarar, hornleikari og óbósnillingur, slagverksmeistari, fiðluleikari og túbuleikari að ógleymdum sviðstjóra Sinfóníunnar sem er víst mesti aflakóngurinn. Úr öðrum geirum atvinnulífsins koma líka þrír arkitektar og rósabóndi auk fleiri liðtækra landkrabba sem skráðir eru í félagið.

„Þú ert ekkert sjóveik er það,“ spyr Brjánn árla morguns og þá verður ekki aftur snúið. Hafflöturinn í bátalæginu er spegilsléttur, stangirnar komnar um borð og báturinn lullar úr á Faxaflóa í sólinni. „Við förum nú yfirleitt ekki langt á þessum,“ segir skipstjórinn og til að byrja með er siglt út að Gróttu til að kanna miðin. „Við höfum mokað upp hérna en svo eru golfararnir bara í 100 metra fjarlægð,“ útskýrir hann.

### Þeir rýrna á leiðinni upp

Faðir Brjáns átti trillu á sínum tíma svo hann þekkir handtökin vel og Brjánn er víst sjálfkjörinn formaður á bátnum. „Þeir kalla mig skipper Skræk,“ segir hann hlæjandi. Það er fámennt en góðmennt þennan morguninn, annar árrisull aflamaður er Bjarni Guðmundsson, túbuleikari og kamelljón sem mundar stöngina faglega. Þegar fyrsta sporðinum er landað inn með erfiðismunum þrátt fyrir smæðina byrja allir að brosa. „Þetta er nú bara ágætis ýsa,“ segir Brjánn. „Ekkert að þessari.“ Bjarni segist ekki hafa mikla reynslu af sjómennsku en sýnir þeim mun meiri áhuga og viðleitni í veiðiskapnum, hann er lítið hrifinn af ýsunni og kýs þorskinn frekar.

Eftir nokkrar tilfæringar og tilraunir fer að fjölga í kössunum þótt stærðin sé afstæð. Nokkrir stæðilegir þorskar og misstórar ýsur, einn einmana karfi. Þeir eiga það til að rýrna á leiðinni upp. Það er komið undir hádegi þegar við finnum stærstu torfuna á Böðvarsmiðum. „Nú er fiskur í sjónvarpinu,“ grínar Brjánn með dýptarmælitækið og fólki hleypur kapp í kinn. „Smá löndunarbið,“ kallar hann og hefur ekki við að blóðga og sjá má að fleiri hafa ákveðið að nýta góða veðrið því átta aðrir bátar eru úti.

### Ekki alltaf auður sjór

Það gekk ekki þrautalaust að sjósetja Bjartmar í fyrra. Fleyið sem Brjánn hafði séð vestur í Stykkishólmi var ekki í allra besta standi og lá í slipp í innkeyrslunni hjá honum í þrjá mánuði. „Ætli kostnaðurinn hafi ekki líka fimmfaldast frá upprunalega kaupverðinu,“ segir Brjánn og kímir. „Félagarnir eru kannski viljugri að ræða það mál.“ Fyrsta sjósetningin var þann 21. maí í fyrra, við hátíðlega athöfn og undirleik lúðrasveitar sem lék á rúntinum úr Vesturbænum út á nes.

Bjartmar RE 173 er skemmtibátur en Brjánn segir að aflinn sé kærkomin búbót fyrir heimilin. Í fyrra var farið í liðlega þrjátíu túra og veiddu þeir félagar mest þorsk og ýsu en einnig slæddist steinbítur með, keila og jafnvel makríll. Stærsti fiskurinn sem veiðst hefur um borð var ufsi sem dugaði í 120 stórar bollur.

### Aflabrögðin eftir hendinni

„Þeir róast sem fiska,“ segir Brjánn sposkur og Bjarni kinkar kolli. Það fer frelsishrollur um líkamann úti á miðunum en það er aðeins byrjað að blása. Þeir félagar segja að vinnan og tónlistin sé ekki mikið til umræðu þegar komið er út á sjó. „Er það ekki Mahler næst,“ spyr Bjarni og kastar. Brjánn tekur undir það og í smástund tapast þráðurinn hjá leikmanninum sem situr bara eins og prinsessa á vélarhúsinu og veit minnst um fúgur og sónötur. Félagslífið í tónlistinni og innan sinfóníunnar er fjölbreytt en ekki eru allir tilbúnir í saltböð og slor, sumir kjósa frekar að spila bridds eða hjóla. Brjánn segir að sjómennska og spilamennska fari vel saman en vitaskuld sé þetta áhugamál, líkt og önnur, góð tilbreyting frá vinnunni. „Þetta bjargar geðheilsunni á köflum, það er gott að geta skipt svona gjörsamlega um umhverfi.“

Félagarnir í Bjartmari eru misduglegir við að nýta sér bátinn og eins og líklegt er kunna þeir mismikið til verka. Það kemur í hlut Brjáns að gera að fiskinum á landstíminu. Múkkinn er feginn að fá innvolsið og innan skamms er kominn mökkur af frekjulegum fuglum kringum bátinn. Bjarni tekur stefnuna á Seltjarnarnesið en það er klukkutímarúntur til baka því Bjartmar er ekki skjótasta fleyið í förum.

Veiðimennirnir geta ekki annað en verið stoltir af aflanum. „Ætli þetta séu ekki um 150 kíló,“ segir Brjánn og þá munar um golþorskana sem gera lítið úr ýsunum. Á bryggjunni er aflanum skipt upp í mesta bróðerni og rætt um næsta túr. Aldrei að vita hvort maður reyni ekki að smygla sér aftur með við tækifæri.

kristrun@frettabladid.is

## FLEYIÐ BJARTMAR RE 173

Bjartmar hét upphaflega ÍS 499 og var smíðaður árið 1966 í Bátalóni í Hafnarfirði en fáir slíkir bátar eru enn í notkun. Báturinn var notaður til flutninga fyrir Mjólkárvirkjun og þjónaði henni og nokkrum vegalausum bæjum við Arnarfjörð um árabil.

Þaðan fór Bjartmar til Ísafjarðar og Stykkishólms og var nýttur sem fiskibátur.

Báturinn er 2,43 tonn en vélin er 24 hestafla Buch, ganghraði Bjartmars eru um 5 mílur í logni.



**BRJÁNN ÁTTI MIKIÐ VERK FYRIR HÖNDUM** Múkkinn var feginn að fá sinn skerf af aflanum en Brjánn stóð í stöngu á landstíminu.



**OFT ÞARF SNÖR HANDTÖK** „Þú ættir að drífa þig að blóðga og koma þínum í kassann áður en ég landa mínum,“ sagði Bjarni, vongóður um aflann.



**GLAÐST YFIR GÓÐUM FENG** „Þú berð tilfinningar þínar á torg,“ segir Bjarni. „Bara þegar ég er að veiða,“ svarar Brjánn.




**STOLT TRILLUFÉLAGSINS** Það er óbein minjavernd að sinna viðhaldi á fleyi með mikla sögu eins og bátnum Bjartmari.

MYNDIR/KRISTRÚN

Réttu tækin í þrifin
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur á tilboðsverði
Vortilboð RV
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur

26.888 kr.
Nilfisk-ALTO E 140 X-TRA
Þrýstingur: 140 bör
Vatnsmagn: 500 l/klst.
6.888 kr.
Nilfisk-ALTO C 100
Þrýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 440 l/klst.
48.888 kr.
Nilfisk-ALTO P 150 X-TRA
Þrýstingur: 150 bör
Vatnsmagn: 610 l/klst.
Bjarnþór Þorláksson
bílstjóri RV
Tilboðið gildir út maí 2006
eða meðan birgðir endast.
Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV
TUNGLIÐ RV6206A

www.listahatid.is

# Velkomin á Listahátíð!

## – spennandi dagskrá alla helgina

## Grupo Corpo

„Undraverðar mjaðmahreyfingar." – New York Times



**Vinsælasti dansflokkur S-Ameríku í dag**

Borgarleikhúsinu 13. maí
kl. 20.00 og 14. maí kl. 14.00
Miðaverð: 3.500 kr.

Síminn

Örfá sæti laus í kvöld og á morgun



Tónlistaruppgötvun ársins!

## Motion Trio

**Stórskemmtilegt pólskt harmónikkuband**

Nasa við Austurvöll 13.
og 14. maí kl. 21.00
Miðaverð: 3.000 kr.

SJÓVÁ

Uppselt í kvöld, örfá sæti laus annað kvöld

## Tvær tónleikaþrennur

– frá miðnætti til morguns



**Laugardagskvöld í Iðnó**
Íslenskur sönglagasirkus með Sigurði Flosasyni saxófónleikara og Sólrúnu Bragadóttur sópransöngkonu.
Í Iðnó kl. 23.30. 14. maí.
Miðaverð: 2.500



**Sunnudagsmorgnar með Schumann 1. hluti**
Flytjendur: Miklós Dalmay og Helga Bryndís Magnúsdóttir. Efnisskrá: Davidsbündlertänze ópus 6, Carnival ópus 9
Kynnir: Halldór Hauksson
Ými kl. 11.00. 15. maí. Miðaverð: 2.300 kr.

### Laugardagur 13. maí

**10.00 Reykjavík 871 +/- 2. Landnámssýningin**
Í Aðalstræti 16. Sýningin opin alla helgina frá 10 til 17.
Ókeypis aðgangur.

**11.00 Landnámssetur Íslands, vígsla í Borgarnesi.**
Opið allan sunnudaginn frá kl. 11.00.

**13.00 Mr. Skallagrímsson – leiksýning**
Frumsýning í Landnámssetri Íslands, Borgarnesi. Uppselt.
(sjá upplýsingar um fleiri sýningar á www.listahatid.is).

**14.00 Hr. Culbuto, veltibjalla fer á stjá**
í miðbæ Reykjavíkur.

**15.00 Miðbær í myndum – Reykjavík í 100 ár**
Opnun ljósmyndasýningar á Austurvelli.

**16.00 Tvær myndlistarkonur**
Opnun í Safni við Laugaveg.

**20.00 Grupo Corpo**
í Borgarleikhúsinu, önnur sýning. Örfá sæti laus.

**21.00 Motion Trio**
Í Nasa, fyrri tónleikar. Uppselt.

**23.30 Miðnæturmúsík í Iðnó**
Dívan og djassmaðurinn.

### Sunnudagur 14. maí

**11.00 Sunnudagsmorgnar með Schumann**
Tónleikar í Ými. 1. hluti.

**14.00 Gæðingarnir; í þeirri röð sem þeir birtast....**
Opnun í Galleríi 100°, sýningarsal Orkuveitu Reykjavíkur og Nýlistasafni.

**14.00 Grupo Gorpo**
Í Borgarleikhúsinu, þriðja sýning. Örfá sæti laus.

**14.00 Stefnumót við Pinter**
Ráðstefna um nóbelsverðlaunahafann Harold Pinter í Þjóðleikhúsinu. Fyrirlesarar: Michael Billington og Penelope Wilton. Ókeypis aðgangur.

**15.00 Flugan á Listahátíð**
Opnun sýningar í Þjóðminjasafni og Borgarbókasafni.

**17.00 Umbreyting – ljóð á hreyfingu**
Frumsýning í Þjóðleikhúsinu.
Brúðuleikari, brúðugerð, leikmynd og tónlist:
Bernd Ogrodnik. Uppselt.

**20.00 A Prairie Home Companion – kvikmyndin**
Forsýning í Háskólabíói.

**21.00 Motion Trio**
Í Nasa, seinni tónleikar. Örfá sæti laus.

### Á næstu dögum:

**Danshátíð í Listahátíð – Transe Danse Europe**
We are all Marlene Dietrich FOR í Borgarleikhúsinu
14., 15. og 16. maí kl. 20.00

**Norðurlandahraðlestin**
Leiklestur í Borgarleikhúsinu 16. og 17. maí kl. 17.00.
***Ókeypis aðgangur.***

**A Prairie Home Companion – Útvarpsþátturinn**
Skemmtidagskrá í Þjóðleikhúsinu 16. maí kl. 20.00.
***Örfá sæti laus.***

**Caput - Tár Díónýsusar**
Frumflutningur í Háskólabíói 17. maí kl. 19.30.
***Sögumaður; sænska leikkonan Stina Ekblad.***

**Konur og Finnbogi**
Opnun sýningar í Galleríi i8 18. maí kl. 17.00

**Myrkraverk og misindismenn**
Dagskrá um íslensku glæpasöguna í Landsbókasafni / Háskólabókasafni 19. maí kl. 20.00

**Ráðstefna Norrænna tónverkamiðstöðva**
Fyrirlestur með Paul Hoffert á Grand Hóteli 19. maí kl. 10.00

**Orðið tónlist –fjölljóðahátíð 2006**
Tónleikar með Kolbeini Bjarnasyni flautuleikara í Hafnarhúsi 19. maí kl. 19.30

**Sjáið sjónvarpsþættina um Listahátíð 2006 á www.listahatid.is**

Listahátíð í Reykjavík 2006 hátíðin

Miðasala á **Við erum öll Marlene Dietrich FOR** hjá Íslenska dansflokknum.
Miðasala á **Galdraskyttuna** og **Umbreytingu – ljóð á hreyfingu** í Þjóðleikhúsinu.

**Miðasalan Bankastræti 2:**

Opin virka daga kl. 12 til 18, um helgar 12 til 16.
Sími 552 8588
Miðasala á netinu á www.listahatid.is

KB BANKI ICELANDAIR SAMSKIP Radisson SAS

GÖTURNAR Í LÍFI MÍNU } MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR SÖNGKONA



**MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR** Hér situr hún í götunni sinni, Dalsbyggð í Garðabænum. Brátt flytur hún þó eitthvert í miðbæ Reykjavíkur enda upprennandi Reykjavíkurdama hér á ferð.

# Stálum rifsberjum af trjánum

**Sólvangur í Hafnarfirði, 1973**
Ég fæddist hér og þetta var elliheimili á þessum tíma. Ég var ein af síðustu börnunum sem fæddust þarna og státa því af því að vera einn af síðustu Göflurunum samkvæmt þeirri skilgreiningu að þeir þurfi að vera fæddir í Hafnarfirði. Samt lít ég ekkert á mig sem Hafnfirðing.

**Ölduslóð, 1973-1977**
Pabbi og mamma komu sér fyrir í kjallaranum hjá ömmu. Fjórum árum seinna eignaðist ég bróður og svo varð mamma ófrísk af því þriðja. Hún fór og heimsótti langömmu mína þar sem hún lá banaleguna og langamma spurði mömmu hvort hún væri virkilega komin með tvö börn og ekkert hús. Mamma jánkaði þessu og reyndi að fela bumbuna en við vorum þá búin að kaupa lóð. Mér finnst eins og hálf ævin hafi liðið á þessum stað. Ég eignaðist þarna góða vinkonu sem hét Karólína og hún kenndi mér að reima, skrifa og margfalda. Kenndi mér líka að segja hnífur og hneppa í staðinn fyrir nífur og neppa.

**Breiðvangur, 1977-1979**
Þarna bjó ég þegar ég byrjaði í skóla og á meðan fór húsbyggingin fram á lóðinni góðu. Ég eignaðist þarna aðdáanda, bekkjarbróðir minn beið tímunum saman fyrir framan dyrnar á blokkinni. Ég man líka eftir „prestaklíkunni“ en það voru unglingar með stóru U-i. Ég var hrikalega hrædd við þau og maður heyrði af þeim miklar sögur.

**Eilífðin, Vífilsstöðum í Garðabæ, 1980-1981**
Það er búið að rífa Eilífðina núna, blessuð sé minning hennar. Þetta var algjört ævintýraland og sveit í borginni. Við lékum okkur í skóginum og stálum rifsberjum af trjánum. Minnisstæðust var þó óveðursnóttin sem geisaði um veturinn. Þá flugu þakplötur og bílar um borg og bý. Ég var veðurteppt heima hjá vinkonu minni og mamma hennar bað okkur um að fara út í sjoppu. Við lögðum af stað með fullan poka af glerjum og þegar við komum út lyfti vindurinn okkur upp af jörðinni. Við snerum við og mamman fór í staðinn. Við sáum hana stuttu seinna hangandi af flaggstönginni þar sem hún barðist við vindinn. Hún hafði þetta þó af en stuttu seinna kom þakplata fljúgandi inn um gluggann. Þá kom björgunarsveit til að flytja fólkið á spítalann þar sem allir gistu. Amma vildi þó ekki koma og varð eftir í Eilífðinni, hún kunni ekki við að gista með ókunnugu fólki. Hún vaknaði morguninn eftir og horfði upp í heiðan himininn. Þakið hafði semsagt fokið af og segir það kannski margt um ástandið á húsinu.

**Dalsbyggð, 1982-1994**
Þá komum við loksins í húsið á lóðinni. Systir mín fæddist á meðan ég bjó hér. Ég lá á bæn í marga mánuði og lofaði guði öllu fögru ef hann myndi færa mér systur og hann varð við bóninni. Svo fékk ég reyndar aðra til því hálfsystir mín sem ég hafði ekki þekkt neitt mikið fram að þessu kom inn í líf okkar. Það er erfitt að tína til eitthvað ákveðið minnisstætt héðan þar sem ég bjó svo lengi hér og flutti líka aftur hingað eftir ýmsar tilraunir til að fara að heiman.

**Reynimelur, 1994-1995**
Loksins rættist draumur minn um að verða Reykjavíkurmær. Flestir vinir mínir voru miðsvæðis í Reykjavík þar sem ég gekk í Menntaskólann í Reykjavík og auk þess voru bæði tónlistarskólinn og ballettskólinn hér. Þarna bjó ég í blokk og leigði með vinkonu minni. Söng í Háriinu á þessum tíma og fannst ég svo sterkefnuð og sjálfstæð að ég yrði bara að flytja að heiman. Ég hélt nokkur partí hérna sem nutu ekki mikilla vinsælda hjá hinni þýsku Úrsúlu. Ég læddist alltaf framhjá hurðinni hennar og flúði að lokum heim til mömmu og pabba.

**Eckpergasse, Vínarborg, 1997-1998**
Þarna leigði ég með nokkrum Íslendingum þegar ég stundaði nám við Söngleikjadeild Konservatorium í Vín. Ég var ekki með tölvu og fáir sem ég þekkti notuðu internetið. Því beið maður eftir póstmanninum á hverjum degi sem kom af og til með handskrifuð bréf að heiman eða pakka. Hann var líka svo sætur að við stelpurnar puntuðum okkur og blikkkuðum hann þegar hann færði okkur eitthvað krassandi. Vínarborg er voðalega fín og falleg en reyndist vera frekar leiðinleg, allir voru svolítið ruddalegir og mikill rasismi. Þetta lenti eitthvað öfugt á mér og ég var svolítið hvekkt. Reyndar heimsótti ég hana nýlega og mér fannst hún ekki eins slæm í það skiptið.

**Trinity Church Square, London, 2001**
Ég lenti í London 11. september 2001 og það var svolítið einkennilegt að koma inn í andrúmsloftið sem ríkti þá. Ég leigði þarna í tvo mánuði með Vigdísi Gunnarsdóttur leikkonu. Þetta var frábær staðsetning. London Simphony Orchestra æfði í kirkjunni við torgið, Borough Market er þarna sem og Tate Modern og National Theater sem er stutt frá. Þetta var reyndar pínulítil íbúð en það var rosa gaman að uppgötva London. Við borðuðum gríska jógúrt með hunangi á morgnana og ég var að hefja einsöngvaranám í Royal Academy of Music.

**Greenfield Gardens, London, 2001-2002**
Hérna leigði ég með fjórum Svíum og það örlaði svolítið á sænsku þunglyndi í þessari sambúð. Þau voru öll voðalega ósátt við að búa í þessari skítugu borg og fannst allir svo ófélagslyndir og ekki nógu mikill náungakærleikur. Ég var hins vegar rosalega ánægð í London.

**Mecklemburgh Square, 2002-2006**
Þetta var á hálfgerðum stúdentagörðum sem kallast Goodenough College. Blanda af stúdentaheimili og menningarstofnun sem miðar að því að kynna fólk frá ólíkum heimshlutum og fá það til að leggja lóð á vogarskálar skilnings og friðar í heiminum. Með þetta háleita sjónarmið að leiðarljósti halda þau uppi miklu og góðu félagslífi og það er æðislegt að búa þarna. Þeir sem sjá um garðana leita eftir fólki sem þeir telja að geti lagt eitthvað af mörkum og svo er það fólkið sjálft sem heldur uppi lífinu. Ég kynntist mörgum skemmtilegum og hæfileikaríkum einstaklingum sem hafa haft mikil áhrif á mig.

**Dalsbyggð, 2006**
Ég er nýkomin heim og flutt aftur í Dalsbyggðina. Foreldrar mínir sitja uppi með mig aftur á meðan ég er að leita mér að íbúð. Helst miðsvæðis í Reykjavík, þar sem fjörið er.

hilda@frettabladid.is


**Opinn kynningarfundur**

## Vaxtarsamningur Suðurlands

**Fimmtudaginn 18. maí 2006 kl. 13.00 - 16.00**
**Hótel Selfossi**

Kynnt verður lokaskýrsla – niðurstöður og tillögur verkefnisstjórnar um Vaxtarsamning Suðurlands til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar

**Dagskrá:**

13:00 *Ávarp ráðherra*
*Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra*
13:10 *Vaxtarsamningar, áherslur og aðferðafræði*
*Baldur Pétursson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður verkefnisstjórnar*
13:30 *Tillögur og tillögugerð*
*Örn Þórðarson, Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands*
13:50 *Mennta- og rannsóknaklasi á Suðurlandi*
*Orri Hlöðversson, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar*
14:05 *Menningar- og ferðaþjónustuklasi á Suðurlandi*
*Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri Hótel Rangár*
14:20 *Sjávarútvegs- og matvælaklasi á Suðurlandi*
*Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar*
14:35 *Kaffihlé*
14:50 *Framkvæmd vaxtarsamninga*
*Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar*
15:10 *Viðhorf og væntingar atvinnulífsins*
*Valdimar Hafsteinsson, forstjóri Kjöríss*
15:30 *Umræður og fyrirspurnir*
16:00 *Fundarslit*

*Fundarstjóri: Guðrún Erlingsdóttir, bæjarfulltrúi Vestmannaeyjabæjar*

**Verkefnisstjórn um byggðaþróun og Vaxtarsamning Suðurlands**
**Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið**


RISAtilboð
ALLT AÐ 91% AFSLÁTTUR
case LOGIC
Case Logic tilboðin gilda aðeins í Office 1 Skeifunni 17
Þetta er aðeins brot af tilboðunum!
case LOGIC
Office1
Geisladiskatöskur í mörgum stærðum
Vörunúmer: zvw72
Aðeins 695,-
Verð áður 1.990,-
Vörunúmer: zvw128
995,-
Verð áður 2.779,-
Vörunúmer: zvw208
1.195,-
Verð áður 3.490,-
65% afsláttur
83% afsláttur
case LOGIC
Office1
Geisladiskataska
Vörunúmer: CD30
Aðeins 695,-
Verð áður 2.685,-
75% afsláttur
case LOGIC
Office1
Myndavélataska
Vörunúmer: US70
Aðeins 595,-
Verð áður 3.490,-
91% afsláttur
case LOGIC
Office1
Geislaspilara- og símataska
Vörunúmer: SBP2
Aðeins 295,-
Verð áður 2.995,-
Office 1 Superstore
Afgreiðslutímar
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 10-16
Tilboðin gilda í maí 2006 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.


3 FYRIR 2
Oetker Pizzur með skinku, sveppum eða pepperoni
VSOP helgarsteik í álbakka
1.394 kr./kg
20% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR af Goða áleggi
Kronfagel frosnar kjúklingabringur 1kg
1.598 kr./pk
35% AFSLÁTTUR
Goða nauta-lamba hakk
699 kr./kg
25% AFSLÁTTUR
Cheerios Tvöfaldur
559 kr./pk
Head & Shoulders sjampó 4 tegundir
448 kr./pk
Egils Kristall 2 lítrar
129 kr./stk
SS Mexikó Grísakótilettur
1.199 kr./kg
Baby gulrætur
169 kr./stk
Ananas
119 kr./stk
Avocado
225 kr./kg
MS Engjaþykkni
verð frá 53 kr./stk
Meira úrval
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / HÖFN / ÞORLÁKSHÖFN
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 12-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13


Virk Sam- keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30%
AFSLÁTTUR
GOTT Á GRILLIÐ
Krónu þurrkryddaðar svínakótilettur
1.189
kr./kg
Krónu þurrkryddaðar grísahnakkasneiðar
1.154
kr./kg
40%
MÓA GRILLAÐUR KJÚKLINGUR KALDUR
479 kr./stk
Gæludýradagar í Krónunni
Frábært verð á öllum dýramat
voff
voff
Knase stænger
25%
AFSLÁTTUR
af sérvöldum
katta- og hundamat
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

# Óvenju fjölbreytt Listahátíð

Listahátíð í Reykjavík var sett í gær með viðhöfn og stendur til 2. júní. Hátíðin var fyrst haldin árið 1970 og annaðhvort ár frá þeim tíma þar til 2004, en eftir það hefur hún verið árlegur viðburður.

Hátíðin í ár er með stærsta móti og að sögn Þórunnar Sigurðardóttur, listræns stjórnanda hátíðarinnar, er úrvalið venju fremur fjölbreytt. Alls koma fram um 200 erlendir listamenn frá hátt í tuttugu löndum auk þess sem um 400 íslenskir listamenn stíga á svið. Á hverri hátíð er tiltekinni listgrein gert sérlega hátt undir höfði og í ár setur tónlist sterkan svip á dagskrána, þar á meðal fjöldi stórra atriða, en þeirra á meðal má nefna suður-afrísku söngkonuna Miriam Makeba og heimamanninn Mugison. Þótt tónlist skipi stóran sess er einnig fjöldi spennandi myndlistarsýninga í boði, með verkum listamanna hvaðanæva úr heiminum.

Margir hafa lagt hönd á plóg til að gera hlaðborðið sem girnilegast. Stórar listastofnanir eru með veglegar dagskrár, til dæmis er mikið og metnaðarfullt alþjóðlegt málþing um Nóbelsskáldið Harold Pinter nú um helgina og einnig má nefna að Landnámssetur Íslands verður opnað í Borgarnesi og því tengt verður sýning í Landnámsskálanum í Aðalstræti.

Svo margt er að sjá og heyra á Listahátíð að ógjörningur er að ætla að komast yfir allt. Því er um að gera að hafa vaðið fyrir neðan sig og kynna sér dagskrá hátíðarinnar vandlega og skipuleggja hvað skal sjá með fyrirvara, því fyrstir koma fyrstir fá. Ítarlega dagskrá Listahátíðar má finna á vef hátíðarinnar – listahadid.is – en Fréttablaðið birtir dagskráliði hátíðarinnar á hverjum degi meðan á henni stendur.



### Crupo Corpo

Brasilíski nútímadansflokkurinn hefur farið sigurför um heiminn. Hann leitar víða hugmynda í listrænu starfi sínu en heldur ávallt mikilli tryggð við rætur sínar, enda gætir áhrifa þess greinilega í dansverkunum. Flokkurinn var stofnaður af sex bræðrum í norðurhluta Brasilíu, fyrir rúmlega þrjátíu árum, og er enn fjölskyldufyrirtæki þótt hann hafi stækkað mikið frá upphafi.

Sýning dansflokksins er ný og samanstendur af tveimur dansverkum; Lecuona, sem byggir á angurværri tónlist kúbanska tónskáldsins Ernesto Lecuona, sem var þekktur sem hinn kúbanski Gershwin, og öðru dansverki sem byggir á nýsömdu tónverki hins þekkta brasilíska tónlistarmanns Gaetano Veloso fyrir flokkinn.

Flokkurinn heldur þrjár sýningar á Listahátíð. Sú fyrsta var í gær, önnur í kvöld klukkan 20 og sú þriðja á morgun klukkan 14.



### Mariam Makeba og Grand Finale

Stórtónleikar Suður-Afrísku sönkonunnar Miriam Makeba í Laugardagshöllinni 20. maí eru einn af hápunktum Listahátíðar 2006.



Makeba vakti fyrst athygli þegar hún söng með Harry Belafonte á 7. áratugnum. Hún hefur alla tíð verið mjög virk í baráttu blökkumanna fyrir mannréttindum og var gerð útlæg frá Suður-Afríku í þrjá áratugi. Hún ávarpaði þing Sameinuðu þjóðanna sem fulltrúi Gíneu og barðist ötullega fyrir réttindum blökkumanna í Afríku, auk þess að syngja um allan heim árin sem hún var í útlegð. Nelson Mandela lét það verða eitt sitt fyrsta verk þegar hann var leystur úr ánauð að bjóða hana velkomna aftur til heimalandsins, þar sem hún býr nú. Diskar hennar skipta tugum og hún hefur leikið í fjölda kvikmynda og komið fram í öllum stærstu tónleikahúsum heimsins.

Hún hefur nú ákveðið að helga sig alfarið mannréttindamálum í Afríku og mun halda kveðjutónleika sína á Íslandi, eina landinu í Vestur Evrópu sem hún hefur aldrei heimsótt.



### Galdraskyttan - ópera

Ein viðamesta óperuuppsetning sem farið hefur á svið hérlendis, með átta einsöngvara, þrjá dansara, fimmtíu manna kór og fimmtíu til sextíu manna hljómsveit. Þetta klassíska verk verður flutt í fyrsta skipti á Íslandi í Þjóðleikhúsinu föstudaginn 2. júní með mörgum af efnilegustu söngvurum yngri kynslóðarinnar, en fremst í flokki fara Kolbeinn Ketilsson, Hlín Pétursdóttir, Valgerður Guðnadóttir, Hrólfur Sæmundsson, Elísa Vilbergsdóttir, Guðmundur Jónsson, Herbjörn Þórðarson, Hafsteinn Þórólfsson og Stefán Arngrímsson.

### Mugison

Mugison, sem þekktur er fyrir að koma fram einn, bregður út af vananum og treður upp með hljómsveit í Austurbæ sunnudaginn 28. maí. Óhætt er að fullyrða að tónlist Mugisons njóti sín aldrei betur en í lifandi flutningi og lögin eru sjaldnast í upphaflegum útgáfum.



### I Fagiolini L'Amfiparnaso

Ein framsæknasta söngsveit Englendinga sem sérhæfir sig í tónlist frá endurreisnartímanum. Á þessari Listahátíð flytur I Fagiolini L'Amfiparnaso, gleðileikinn eftir ítalska tónskáldið Orazio Vecchi (1550 – 1605). Hvert atriði er kynnt með stuttum og skemmtilegum formála sem Davíð Þór Jónsson hefur þýtt á íslensku og sögumaður er Hilmir Snær Guðnason. I Fagiolini koma fram í Íslensku óperunni 25., 26. og 28 maí.



### Búlgarski kvennakórinn Angelite

Þessi heimsfrægi kvennakór kemur fram í fyrsta skipti á Íslandi í vor. Kórinn hefur sungið tónlist frá Balkanskaga og kirkjutónlist fyrir áhorfendur um allan heim í nærri því tuttugu ár og enn fara vinsældir hans vaxandi. Leyndardómsfullur og oft á tíðum yfirskilvitlegur hljómur kórsins byggir á aldagamalli sönghefð frá Balkanskaga, sem má kalla suðupott fjölþjóðamenningar. Útkoman er sérstakur og heillandi hljómur kórsins. Kvennakórinn Angelite kemur fram í Hallgrímskirkju laugardaginn 20. og sunnudaginn 21. maí.







**Markaðshagfræði, Margmiðlunarhönnun eða Tölvufræði - Komdu þá til Esbjerg**

**Þú getur fengið einkaviðtal við fulltrúa skólans, á morgun sunnudag 14/5 eða mánudag 15/5.**

**Vinsamlega pantið tíma hjá Sigurði í síma 660 7990.**

**Nánari uppl. www.bawest.dk**

BUSINESS ACADEMY WEST

Sp. Kirkevej 103, DK-6700 Esbjerg. Tel.: +45 7613 3200, eavest@eavest.dk

FRÉTTABLAÐIÐ Landsbankinn

"WE NEED A NEW
SYSTEM OF VALUES
- A SYSTEM OF THE
ORGANIC UNITY
BETWEEN
MANKIND AND
NATURE AND
THE ETHIC OF GLOBAL
RESPONSIBILITY"



**LANDSBANKINN KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ FRÉTTABLAÐIÐ**

STEFNUMÓT VIÐ LEIÐTOGA

# MIKHAIL GORBACHEV

NÓBELSVERÐLAUNAHAFINN OG MAÐUR NÍUNDA ÁRATUGARINS AÐ MATI TIME SNYR AFTUR TIL REYKJAVÍKUR 20 ÁRUM EFTIR AÐ HANN BREYTTI SÖGUNNI

**HÁSKÓLABÍÓI 12. OKTÓBER KL. 17:00**
**FORSALA AÐGÖNGUMIÐA HEFST ÞRIÐJUDAGINN 16. MAÍ**

MIÐASALA Á MIDI.IS OG Á CONCERT.IS EINNIG ERU SELDIR MIÐAR Í ÖLLUM VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG BT Á AKUREYRI, SELFOSSI OG EGILSSTÖÐUM






## STUÐ MILLI STRÍÐA Mögnuð manía

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR ER ÆÐI KERLING



Ég hef tekið eftir því að ég að það til að sýna nokkuð manínska takta. Ég á það til að bíta í mig hina og þessa hluti sem mér verður seint og illa haggað með. Margir vilja kenna það við þrjósku en ég held því nú fram að ég sé ekki þrjósk, og mun þræta fyrir það fram í rauðan dauðann.

Manían lýsir sér best í því að ég er algjör æði kerling. Ég fæ æði fyrir einhverju einu, stunda það af kappi, alla daga hverja mínútu, þar til ég finn mér nýtt æði. Síðastliðna þrjá mánuði hef ég til dæmis haft æði fyrir grænum hlunkum og hef átt birgðir af slíkum frostpinnum í frystinum frá því æðið lét á sér kræla. Er því græn á tungunni og með klístraða fingur alla daga. Hlunkaæðið tók við af öðru æði sem hafði staðið yfir um mánaðaskeið en það æði var fyrir Lindu buffi.

Manía mín lýsir sér einnig í því að þegar ég hringi í númer sem er á tali þá ligg ég á endurhringitakkanum þar til viðkomandi er búinn að skella á og ég kemst loks að. Önnur manía er að ég hef sterka þörf fyrir að litaskipta M&M þegar ég borða það og Hersey´s kossa borða ég alltaf tvo og tvo saman. Enn ein manía sem ég glími við er að þegar mér finnst eitthvað lag skemmtilegt þá hlusta ég á það endalaust. Á þeim tíma sem ég hef verið að skrifa þennan pistil hef ég til dæmis hlustað á lagið Do the Whirlwind með Architecture in Helsinki sjö sinnum í röð, og ég er ekkert á leið með að slökkva á því. Einnig hef ég ríka maníu til að berjast við blundtakkann á vekjaraklukkunni og á það til að „snúsa“ í rúman klukkutíma, bara til að „snúsa“, svo ég hafi betur í baráttunni við vekjaraklukkuna.

Svo bíð ég alltaf spennt eftir því hvaða manía lætur á sér kræla næst. En svo lengi sem ég þarf ekki að slökkva og kveikja ljósið í forstofunni sautján sinnum eða þvo mér um hendurnar tíu sinnum í röð held ég að ég sé réttum megin við maníulínuna.

Góða helgi.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Överli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og Pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

10 11 12 **13** 14 15 16

### Laugardagur

#### TÓNLEIKAR

- 14.00 **Englakórinn** heldur vortónleika í **Ráðhúsi Reykjavíkur**. Ungir söngvarar á aldrinum 3-6 ára syngja fjölbreytt lög. Aðgangur er ókeypis. Allir velkomnir.
- 15.00 **Tolli** opnar sýningu á olíuverkum í **Listasetrinu Kirkjuhvoli**. **Listasetrið** er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 15-18.
- 17.00 **Freyjukórinn** í Borgarfirði og **Gospelsystur Reykjavíkur** munu halda tónleika í **Reykholtskirkju**.
- 17.00 Tónleikar í **Hjallakirkju** á vegum **Tónskóla Þjóðkirkjunnar**. Söng- og orgelnemendur leika. Fjölbreytt efnisskrá.
- 21.00 **Sveiflukvöld** á **Hótel Selfossi**, stórtónleikar á vegum menningarhátíðarinnar **Vor í Árborg**. Fram koma: **Dixielandhljómsveitin Sýslumennirnir**, djasskvartett **Kristjönu Stefánsdóttur** og nýstofnuð **Stórsveit Suðurlands**.
- 23.30 Hljómsveitin **Shadow Parade** ásamt **Frank Murder** og gestum kemur fram á tónleikum á **Grand Rokki**.

#### LEIKLIST

- 21.00 **Heimspeki- og menningarfélag Menntaskólans á Akureyri** sýnir leikritið **Fyrir luktum dyrum** eftir **Jean-Paul Sartre** í samvinnu við **Leikklúbbinn Sögu** í **Deiglunni** á Akureyri. Leikstjóri **Skúli Gautason**.

#### OPNANIR

- 16.00 Sýning á verkum **Nínu Tryggvadóttur** listmálara verður opnuð í **Gallery Turpentine** í **Ingólfsstræti 5**.
- 17.00 **Hannes Lárusson** og **Helgi Þórsson** opna myndlistarsýningar í galleríi **Kling & Bang** við **Laugaveg**.

#### SKEMMTANIR

- **Labbi** í **Mánum** leikur ásamt hljómsveitinni **Karma** á **Kringlukránni**.
- Hljómsveitin **Oxford** spilar á **Klúbbnum við Gullinbrú**.

#### FYRIRLESTRAR

- 12.00 **Dr. Unnur Dís Skaptadóttir** mannfræðingur og dósent við **Háskóla Íslands** flytur erindi á umræðufundi um málefni innflytjenda á vegum **ReykjavíkurAkademíunnar**, Hringbraut 121, 4. hæð. Pallborð og umræður á eftir.

#### SÝNINGAR

- 14.00 **Sólveig Einarsdóttir** sýnir í **Galleríi Boxi, Kaupvangsstræti 10** á Akureyri.

#### OPIÐ HÚS

- Opinn dagur í söfnum í **Reykjanesbæ**. Ný aðstaða **byggðasafns Reykjanesbæjar** við **Njarðarbraut**, víkingaskipið **Íslendingur**, færeyskir listmálar sýna í **Listasafni** og opið verður í **Poppminjasafninu**.

#### LISTAHÁTÍÐ

- 11.00 **Landnámssetur Íslands** verður opnað í **Borgarnesi** en kl. 13 verður frumsýnt leikritið Mr. Skallagrímsson eftir **Benedikt Erlingsson**.
- 14.00 Ljósmyndasýningin **Miðbær í myndum - Reykjavík í 100 ár** verður opnuð í miðbæ **Reykjavíkur**.
- 15.00 Franski götulistamaðurinn **Herra Culbuto**, veltibjalla, leikur listir sínar í miðbæ **Reykjavíkur**.
- 16.00 Myndlistarkonurnar **Karin Sander** og **Ceal Floyer** opna sýningar í **SAFNI** við **Laugaveg**.
- 20.00 Brasilíski danshópurinn **Grupo Corpo** heldur sýningu í **Borgarleikhúsinu**.
- 21.00 **Motion** tríóið frá **Kraká** í Póllandi heldur tónleika á **Nasa** við **Austurvöll**.
- 23.30 **Sigurður Flosason** og **Sólrún Bragadóttir** leika á miðnæturtónleikum í **Iðnó**. Óvæntur samruni sópranraddar og saxófóns.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

allt hús
Alla mánudaga






**!** **Kl. 23.30**
*Dívan og djassmaðurinn. Miðnæturtónleikar í Iðnó þar sem sópransöngkonan Sólrún Bragadóttir og saxafónleikarinn Sigurður Flosason leika íslensk þjóð- og sönglög í óvenjulegum útsetningum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Klárir í Kling & Bang

Tvær sýningar verða opnaðar í Kling & Bang gallerí í dag kl. 17, á jarðhæðinni sýnir Hannes Lárusson nýtt verk undir yfirskriftinni „Ubu Roi meets Humpty Dumpty (in Iceland)“. Verkið er í táknrænum og formrænum tengslum við fyrri sýningar listamannsins, þó sérstaklega við verkið Hub / Ás sem sýnt var í sýningarrýminu FUGLI á síðasta ári.

Í kjallara má sjá verk Helga Þórssonar sem af mörgum er álitinn ein helsta vonarstjarna Íslands í myndlistarheiminum en verk hans kunna að vekja kátínu meðal gesta. „Þetta eru skúlptúrar og málverk í yfirstærðum. Það er einhver svona frumbyggjatrúarstemning í þessu sem ég datt inn á, ég veit ekki hvaðan það kemur, kannski sá ég það bara í sjónvarpinu,“ segir Helgi. Sýningarnar standa til 11. júní og er galleríið opið alla fimmtudaga til sunnudaga frá 14-18.


HELGI ÞÓRSSON MYNDLISTARMAÐUR

### > Ekki missa af...

síðustu sýningum á leikritinu Hungri eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann í Borgarleikhúsinu. Áleitin og grimmilega fyndin sýning um grafalvarleg mál.

myndlistarsýningunni HOMESICK í Listasafni Akureyrar. Fjölþjóðleg heimþrá í innsetningum, myndbandsverkum og ljósmyndum.

sveiflukvöldi á hótel Selfossi. Það verða stórtónleikar í kvöld á vegum menningarhátíðarinnar Vor í Árborg en þar blæs nýstofnuð Stórsveit Suðurlands í lúðra sína ásamt dixielandhljómsveitinni Sýslumönnunum og djasskvartett Kristjönu Stefánsdóttu. Húllumhæið hefst kl. 21.

# Hamhleypa og hamskiptir

**Dansarinn og danshöfundurinn Erna Ómarsdóttir hefur mörg andlit og ótal járn í eldinum. Nú snýr Marlene Dietrich aftur á svið, en aðeins verða örfáar sýningar.**

„Ég er alltaf að gera milljón hluti í einu en þetta er búið að vera mjög skemmtilegt ár, sérstaklega hvað vinnuna varðar. Ég er að vinna miklu meira í eigin verkum,“ segir Erna. Dansverk hennar og leikstjórans Emils Hrvatin, We are all Marlene Dietrich, sem frumsýnt var hérlendis í fyrra hefur fengið frábærar viðtökur um alla Evrópu og nú verða sýndar þrjár sýningar í Borgarleikhúsinu í tilefni af Listahátíð í Reykjavík.

Á föstudaginn var Erna valin heiðurslistamaður Kópavogs en hún er fyrsta konan sem hlýtur þá vegtyllu, auk þess að vera langyngsti og eini danslistamaðurinn sem fengið hefur þann titil.

Erna hefur verið á ferðalögum með Marlene og líka verkið Ófætt sem hún samdi í félagi við dansarann Damien Jalet með liðsinni frá Gabríelu Friðriksdóttur og Hrafnhildi Hólmgeirsdóttur. Hún hefur einnig nýlokið við verk í samvinnu við Jóhann Jóhannson tónskáld og Margréti Söru Guðjónsdóttur dansara og ber heitið Mysteries of love en það verk verður frumsýnt í sumar. Jóhann og Erna eru líka enn á sýningarferðalögum með verk sitt IMB 1401 sem einnig hefur slegið í gegn hjá dansunnendum víða um heim.

„Það er ýmislegt á döfinni, núna í júní fer ég líka til Ástralíu því ég verð með danssmiðju í Melbourne. Það er mjög spennandi fyrir mig því ég hef ekki gert mikið af því að kenna. Síðan verð ég líka svona utanaðkomandi aðstoðarauga fyrir danshöfund sem heitir Akram Khan og er að gera dansdúett með frægustu ballerínu í heimi, Sylvie Guillem. Það er líka nýtt og allt öðruvísi fyrir mig, að vera þarna úti og reyna að segja fólki til.“

Sýningin We are all Marlene Dietrich hefur tekið miklum breytingum frá frumsýningu. „Sýningin hefur slípast til og dýpkað og nú sýnum við á stóra sviðinu svo sumt kemur betur út þó annars verði kannski saknað því nálægðin er minni,“ útskýrir Erna. Aðeins þrjár sýningar eru fyrirhugaðar að þessu sinni svo áhugasamir verða að bregðast fljótt við til að krækja sér í miða í tæka tíð.

kristrun@frettabladid.is




**ERNA ÓMARSDÓTTIR DANSARI** Sýnir Marlene Dietrich aftur á Íslandi en í breyttri mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14 SÍÐ. SÝN. Í VOR

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS. Su 21/5 kl. 20 UPPS.
Fi 25/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS.
Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Má 5/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20
Fö 9/6 kl. 23 Má 12/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Forsýningar miðaverð 1.500
Í kvöld kl. 20 UPPS. Má 15/5 kl. 20 UPPS.
Þri 16/5 kl. 20 UPPS. Mi 17/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Mi 31/5 kl. 10 UPP.
Fö 2/6 kl. 20 Lau 3/6 kl. 20

MIKE ATTACK
Einleikur Kristjáns Ingimarssonar
Su 14/5 kl. 14 SÍÐASTA SÝNING

LEIKLESTRAR
Norðurlandahraðlestin-sviðsettir leiklestrar.
16/5 kl. 17 frá Noregi og Svíþjóð
17/5 kl. 17 frá Finnlandi og Danmörku
Allir velkomnir-Ókeypis aðgangur

MARLENE DIETRICH-Íd
Má 15/5 kl. 20 Þr 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20 AÐEINS ÞESSAR SÝN.

BELGÍSKA KONGÓ
Su 14/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Mi 24/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

HUNGUR
Su 14/5 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN
Fi 18/5 kl. 20 Lau 27/5 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝN.

HLÁTURHÁTIÐ
HLÁTURHÁTÍÐARVIÐBURÐIR

Fi 18/5 kl. 22:30
LEiKTU FYRIR MIG MIÐAVERÐ 1.000
Leikarar leika eftir pöntun þín uppáhaldsatriði úr Áramótaskaupunum.

Fi 25/5 kl. 22:30
BANANABIKARINN MIÐAVERÐ 1.000
Leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar, keppa í leikhússporti

Su 28/5 kl. 20:00
HLÁTURNÁMSKEIÐ MIÐAVERÐ 1.000
Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjóga.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
FAGNAÐUR
Frumsýning sun. 14/5 uppselt, 2. sýn. fim. 18/5 örfá sæti laus, 3. sýn. fös. 19/5 örfá sæti laus, 4. sýn. lau. 20/5 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 21/5 örfá sæti laus.
STEFNUMÓT VIÐ PINTER
Sun. 14/5 kl. 14:00. Michael Billington, Penelope Wilton, Martin Regal, Hávar Sigurjónsson, Stefán Jónsson. Aðgangur ókeypis og öllum opinn.
Málþing í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
ÁTTA KONUR
Í kvöld lau. 13/5 örfá sæti laus. Allra síðustu sýningar.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Í kvöld lau. 13/5 uppselt. Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.
UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU
Frumsýning sun. 14/5 kl. 17:00 uppselt, mið. 17/5 örfá sæti laus, fim. 18/5, fös. 19/5 nokkur sæti laus, lau. 20/5, sun. 21/5. Sýningin er ekki við hæfi barna yngri en 12 ára. Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

LITLA SVIÐIÐ
NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR!
Í dag lau. 13/5 kl. 15:00 uppselt, sun. 14/5 kl. 11:00 nokkur sæti laus, lau. 20/5 kl. 15:00, sun. 21/5 kl. 13:00 og 15:00.
Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins.

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



LITLA HRYLLINGS BÚÐIN

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - UPPSELT
SUN. 14. MAÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 20. MAÍ KL.19 - NOKKUR SÆTI LAUS
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - ÖRFÁSÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti
Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn.
Sýnd í Óperunni í maí og júní.
Miðasala hafin
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN



"Afrek" - DV "Höfðar jafnt til barna sem fullorðinna" - Morgunblaðið "ákaflega falleg" - Fréttablaðið

HAFIÐ BLÁA Í AUSTURBÆ
14. maí - örfá sæti laus
21. maí - örfá sæti laus
4. júní - laus sæti
Ath. Síðustu sýningar
Miðapantanir í Austurbæ og á midi.is.
Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga
sími : 551 4700
Íslmedia



Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100



GERÐUBERG

Jón Ólafsson
Kvunndagsfólk
Ketill Larsen
Andblær frá öðrum heimi
Guðjón Stefán Kristinsson
Sagnir og seiðmenn
Sýningarnar eru opnar virka daga 11-17, miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16
Vissir þú...
...að í GERÐUBERGI er fjölbreytt og góð aðstaða fyrir fundi fyrirlestra, námskeið og ráðstefnur?
www.gerduberg.is



**ÚLFAR BJARKI** Söng með Hrynsveitinni á tónleikum í Salnum.

# Lokahóf Listar án landamæra

Í kvöld lýkur hátíðinni List án landamæra með sérstakri dagskrá á Grand hóteli í Reykjavík. Að hátíðinni standa Fjölmennt, fullorðinsfræðsla fatlaðra, Átak, félag fólks með þroskahömlun, Hitt húsið og Landssamtökin Þroskahjálp en undarfarnar vikur hafa fjölbreyttir menningarviðburðir átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni.

Átak, félag fólks með þroskahömlun heldur fund á hótelinu í dag þar sem stjórnmálamenn munu mæta og skýra frá stefnumálum sínum. Að loknum umræðum gefst gestum síðan tækifæri til að bera upp spurningar og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Eftir hlé verður einnig rætt um málefni félagsins, sjálfsákvörðunarrétt þroskahamlaðra og upplýsingasamfélagið.

Um kvöldið verður stórdansleikur og lífleg skemmtiatriði og munu hljómsveitirnar Plútó, Sínus, Blikandi stjörnur og Hraðakstur bannaður í samstarfi við hljómsveitina Ég, leika fyrir dansi fram á nótt. Ókeypis er á ballið sem stendur til kl. 24. -khh


## HARMONIKUGLEÐI

Í RÁÐHÚSINU Á MORGUN.
DAGUR HARMONIKUNNAR

**Harmonikufélag Reykjavíkur heldur tónleika sunnudaginn 14. maí 2006 kl. 15:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Á dagskrá er létt tónlist leikin af fjölmörgum flytjendum.**

**Fram koma m.a.:**
Hljómsveitir frá: Félagi harmonikuunnenda á Suðurnesjum, Harmonikufélagi Selfoss, Harmonikufélagi Rangæinga og Harmonikufélagi Reykjavíkur undir stjórn Vadim Fjodorov. Harmonikuquintet ungs fólks frá Akranesi. Quartet Hildar Petru Friðriksdóttur. Einleikur: Rut Berg Guðmundsdóttir, Ástrós Una Jóhannesdóttir og Yuri Fjodorov.
















## Þegar klukkan er tólf í **Reykjavík** þá er hún líka tólf á **Ísafirði**

Við lítum á viðskiptavinina sem mikilvægustu fjárfestinguna. Vildarþjónusta Sparisjóðsins snýst um þig og þínar þarfir. Við aðstoðum þig við fjármál heimilisins og sjáum til þess að þú fáir alltaf það besta sem er í boði. Það er engin tilviljun að viðskiptavinir Sparisjóðsins eru þeir ánægðustu í bankakerfinu 7 ár í röð!

Fíton/SÍA





Við lögum okkur að þínum þörfum!

SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

## > Axlabönd

*...er töffaðasta leiðin til að halda buxunum uppi í sumar. Jafnvel þó að buxurnar séu ekkert víðar á þig, vertu samt með axlabönd. Myndin er úr síðustu sumarlínu Miu Miu.*



**útlit**

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN GUNNLAUGUR BJARKI SNÆDAL VERSLUNARSTJÓRI Í KÚLTÚR MENN

# *Litagraður þessa stundina*

**Spáir þú mikið í tískuna?** já örugglega geri ég það. Þetta er iðnaður sem er snertir marga fleti viðskipta og mannlegs eðlis. Þessi heimur heillar mig meira í dag heldur en hvort blátt sé hið nýja svarta.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Brot héðan og þaðan. það sem mér finnst þægilegast hverja stundina.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?**
Seinustu ár hefur mér þótt Hedi Slimane gera mjög flotta hluti fyrir Dior. Svo eru það Dean og Dan Caten tvíburabræðurnir með Dsquared. Helmut Lang, Jil Sander, MiuMiu, Prada, Diesel, Acne.

**Flottustu litirnir?** Bláir tónar og brúnir tónar. Annars er ég frekar litagraður, á ekki mikið af svörtu til dæmis.

**Hverju ertu veikastur fyrir?** Peysum, sérstaklega þykkum grófum peysum, skóm og beltum.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Geggjaða svarta Paul Smith-leðurskó í Kúltúr menn

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Niðurmjóar buxur, gráu jakkafötin, jakkapeysur, axlabönd.

**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?** Einhver geggjuð sólgleraugu og flotta sandala.

**Uppáhaldsverslun?** Kúltúr menn og Retró Smáralind

**Hvað eyðir þú miklu í föt á mánuði?** Mjög misjafnt. Neita mér samt ekki um eitthvað ef mig dauðlangar í það.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Akkurat núna eru svörtu og rauðu Dior-axlaböndin mín í miklu uppáhaldi og Diesel buxurnar sem ég er búinn að eiga í 4 ár.

**Uppáhaldsflík?** Dsquared-gallajakkinn minn, finnst hann alltaf jafn flottur.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Heimurinn er orðinn svo lítill að það fæst allt meira og minna hvar sem er. En sem flott umgjörð fyrir búðaráp þá finnst mér París mjög skemmtileg til að tapa mér í.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Ætli það sé ekki peysa sem er eins og bandaríski fáninn. Efnið er nokkurs konar strigi og sniðið ekkert. Reyndar var hún keypt meira í gríni en alvöru fyrir „roadtrip" sem ég fór í núna í mars í USA. Engu að síður ein ljótasta flík sem ég hef keypt mér og í raun merkilegt að einhverjum hafi dottið í hug að búa hana til.





## MÓÐUR VIKUNNAR

### > BORGHILDUR FER YFIR MÁLIN

# Gæddu þér á götutísku

Götutíska er eitt það skemmtilegasta sem ég veit. Ég get algjörlega gleymt mér í því að horfa á hinar ýmsu útgáfur af skemmtilegum fatasamsetningum hjá fólki úti á götu og það besta er auðvitað að kíkja í alvöru stórborg þar sem úir og grúir af skemmtilegum týpum. Ef það er ekki í boði þá er líka dásamlegt að hafa aðgang að internetinu. Hér eru nokkrar síður sem ég er algjörlega háð:

Götutíska í Tókýó (www.style-arena.jp/english). Ein uppáhalds götutískusíðan mín en hér er hægt að skoða vikulegar myndir úr hverfunum Harajuku, Shibuya, Omotesando, Daikanyama og Ginza og er dásamlegt að sjá hversu skemmtilega ungir krakkar í landinu klæða sig, alls óhræddir við að skera sig úr fjöldanum.

Götutíska í Helsinki (www.hel-looks.com). Það er ótrúlega skrítið hve margir krakkar í Helsinki eru undir áhrifum frá Japan og klæða sig líkt og Lolitu-stelpurnar í Harajuku-hverfinu. Á þessari síðu er smá spjall við hvern og einn sem er myndaður og inn á milli leynast mjög flottar týpur.

Götutíska í New York (www.thesartorialist.blogspot.com). Hér er New York-gæi á ferðinni sem þræðir borgina og myndar tískufrótt fólk. Hann leggur mesta áherslu á karlmennina en myndar þó líka fullt af flottum New York-skvísum. Það besta við síðuna er að hann bætir við nýjum myndum á nánast hverjum degi.

Tíska frá París (www.facehunter.blogspot.com). Ljósmyndaglaður Frakki með auga fyrir fallegu og smekklegu fólki myndar mestmegnis andlit en laumar inn stundum flottum myndum frá stærri tískuviðburðum úr þessari hátískuborg. Á síðunni hans má einnig finna lista yfir fleiri síður sem leggja áherslu á götutísku. Farið nú á smá internets-rúnt og fáið alvöru tísku beint í æð. Skellið ykkur svo í flott föt, beinustu leið í miðbæinn og bætið einu blómi í hið fallega götutískubeð borgarinnar.



**KÁPA** Sæt kápa í stíl áttunda áratugarins úr Spúútnik.



**VESTI** Töff vesti úr Rokki og rósum.



**DEBBIE HARRY** Óneitanlega ein svalasta kona í heimi en hún kom fram á sjónarsviðið seint á áttunda áratugnum.



**VESTI** Hrikalega flott, stutt vesti úr Sautján.



**TASKA** Dásamlega falleg koníaksbrún taska úr Trilogiu.



**FJÓLUBLÁR** Sætur kjóll úr Spúútnik og belti við úr Rokki og rósum.



**STUTTBUXUR** Hrikalega flottar stuttbuxur úr Rokki og rósum.



**SÓLGLERAUGU** Mjög „seventies"-leg og hrikalega smart. Fást í Spúútnik.



**RÖNDÓTT** Falleg skyrta frá Eley Kishimoto sem fæst í Kronkron.



**JANE FONDA** Hún var ein af gyðjunum á þessum tíma og sést hér í töff mittisháum buxum.

# Gyðjur áttunda áratugarins

Sjöundi áratugurinn hefur verið frekar áberandi síðustu mánuði með sínum „mod"-kjólum og þverröndóttu flíkum. Nú hefur hins vegar áttundi áratugurinn tekið við og það er dásamlega skemmtilegt að sjá öll áhrifin frá þeim áratug í sumartískunni. Áttundi áratugurinn einkenndist eins og flestir vita af diskói, hippum, miklum tónlistarsigrum, ást og gleði. Það sem einkenndi fatastílinn hins vegar voru til dæmis útvíðar en mittisháar buxur, fylltir hælar, litríkar flíkur, rykfrakkar, stór sólgleraugu, blómakjólar, samfestingar og fleira.

Hártískan var villt en um leið náttúruleg. Farrah Fawcett-lúkkið var langvinsælast og aðalmálið var að vera nógu sætur og frísklegur til fara.

Áhrif úr tísku áttunda áratugarins má sennilega finna í flestum fatabúðum bæjarins enda áhrifamikill áratugur hér á ferð. Skelltu þér því í bæinn og finndu þér eitthvað krúttlegt í „seventies"-stíl. Hugsaðu til gyðjanna sem voru uppi á þessum tíma; Debbie Harry, Jane Fonda, Pam Grier og fleiri. Þar voru sko alvöru tískufyrirmyndir á ferðinni.

hilda@frettabladid.is,
alfrun@frettabladid.is



**FARRAH FAWCETT** Hún hafði hárið sem allar konurnar girntust og var líka hrikalega sæt. Verst að hún lítur út eins og illa uppblásin blaðra í dag eftir allar lýtaaðgerðirnar.



**SAMFESTINGUR** Þeir þóttu flottir á áttunda áratugnum og koma sterkir inn í sumar. Fæst í Spúútnik.



**BLÓMAKJÓLL** Fallegur og sumarlegur kjóll úr Rokki og rósum.




# Rokkarinn Luella Bartley

Hin sérvitra og klikkaða Luella Bartley ólst upp í Stratford Upon Avon í Englandi og lærði fatahönnun í Central Saint Martins í stuttan tíma áður en hún færði sig yfir í tísku- og fjölmiðlafræði. Hún var tískuritstjóri hjá The Evening Standard í fjögur ár og í tvö ár hjá Vogue áður en hún fór að hanna sína eigin fatalínu. Blaðamaðurinn og penninn býr þó ennþá innra með henni og það er greinilegast á nöfnunum sem hún gefur fatalínum sínum en til dæmis hefur hún sýnt línurnar: „Feeling single, seeing double“ og „Daddy, who were the Clash?“. Hún sýndi sína fyrstu fatalínu í febrúar árið 2000 og segir fötin sín vera „föt sem maður getur orðið fullur og dottið í“.

Hönnun hennar einkennist af sterkum litum, stórum og áberandi munstrum og áberandi skartgripum. Fylgihlutirnir hennar eru ekki síður vinsælir og töskurnar hennar eru vinsælar hjá breskum tískudrósum og þar á meðal ungfrú Kate Moss. Nýjasta lína hennar, sem er fyrir næsta vetur, einkenndist af rokkabillí í bland við örlítinn glamúr. Stórar jakkapeysur við þröngar gallabuxur, köflóttir ballkjólar, mótorhjólajakkar, hálsslaufur og töskur í anda Chanel.



**LUELLA BARTLEY** Hóf ferilinn sem tískublaðamaður en er nú einn vinsælasti hönnuður Bretlands.



**SÓLGLERAUGU** Flottur og pínulítið rokkaður kjóll og rauð sólgleraugu við. Úr vetrarlínu Luellu.

**KÁPA** Töff kápa úr vetrarlínu Luellu Bartley.

**KANARÍGULUR** Fallegur kjóll úr vetrarlínu Luellu. Svörtu sokkabuxurnar gera hann ennþá töffaralegri.



**MAÐURINN Á TOPPNUM** Christopher Bailey ásamt leikkonunni Siennu Miller á sýningu Burberry's í London.

# Stórafmæli innan tískuheimsins

Eitt af virtustu tískumerkjum í heiminum, Burberry, fagnar 150 ára afmæli á þessu ári.

Merkið, sem byrjaði á að hanna útivistarföt og seinna meir föt á hermenn, er nú orðið mjög vinsælt hátískumerki og leiðandi í hinum harða heimi tískunnar. Það var hinn 21 árs gamli Thomas Burberry sem stofnaði fyrirtækið árið 1856 og varð fyrst frægur fyrir að sauma kápur úr vatnsheldu efni á breska hermenn á meðan heimstyrjöldin fyrri stóð yfir og voru það hinar ódauðlegu Burberry-kápur sem enn þann dag í dag eru vinsælar. Það sem er mest einkennandi fyrir merkið er hið fræga Burberry-munstur, drapplitaðir kaflar. Í kringum árið 1990 tók Rose Marie Bravo við framkvæmdastjórn og og gerði merkið að því sem það er í dag. Árið 2001 tók Christopher Bailey, ungur hönnuður frá Bretlandi, við hönnunardeildinni og náði merkið þá virkilega að stimpla sig inn í tískuheiminn. Bailey var valinn besti hönnuðurinn 2005/2006 á British Fashion Awards í London. Í tilefni af afmæli fyrirtækisins hefur komið út nýtt ilmvatn sem nefnist Burberry London. Fræga fólkið er mjög hrifið af Burberry og meðal áhangenda merkisins eru tískumógúlarnir Kate Moss og Sienna Miller.



**ILMVATN** Burberry hefur sent margar tegundir frá sér.



**MUNSTRIÐ Í FYRIRRÚMI** Burberry yst sem innst.



**BURBERRY-HUNDUR** Fatnaður á gæludýrin er víst það nýjasta.














# Ragnhildur Steinunn og Strákarnir leika í Astrópíu

**Sjónvarpskonan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og félagarnir úr Strákunum, þeir Sveppi og Pétur Jóhann, hafa samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins tekið að sér hlutverk í kvikmyndinni Astrópía.**

Tökur hefjast í byrjun júlí og standa yfir fram í lok ágúst. Fara þær fram í Hafnarfirði og úti á landi.

Þeir Snorri Engilbertsson og Ómar Örn Hauksson, fyrrverandi meðlimur Quarashi, fara með stærstu karlhlutverkin í myndinni, auk þess sem Davíð Þór Jónsson og Sara Guðmundsdóttir, sem áður söng með hljómsveitinni Lhooq, fara með smærri hlutverk.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Ragnhildur Steinunn leika í myndinni á meðan hún er í sumarfríi frá Kastljósinu. Um er að ræða annað af aðalkvenhlutverkunum. Þetta verður í fyrsta sinn sem Ragnhildur leikur í kvikmynd í fullri lengd. Hún hefur engu að síður nokkra reynslu fyrir framan myndavélarnar, því auk þess að vera í Kastljósinu hefur hún farið með hlutverk í leikritunum Kalli á þakinu og Fame.

Astrópía segir frá ungri stúlku sem neyðist til að standa á eigin fótum eftir að kærastinn hennar, glaumgosi og bílasali, er settur bak við lás og slá. Hún fær vinnu í leikjabúð þar sem undarlegir hlutir eiga sér stað.

Þeir Sveppi og Pétur Jóhann munu leika ofurnördana í leikjabúðinni en Snorri og Ómar leika venjuleg nörd sem spila hlutverkaleiki í frístundum sínum.



**STRÁKARNIR** Þeir Sveppi og Pétur Jóhann úr Strákunum munu fara með aukahlutverk í Astrópíu.



**RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR** Ragnhildur mun samkvæmt öruggum heimildum Fréttablaðsins leika í kvikmyndinni Astrópía.

Gunnar Björn Guðmundsson leikstýrir myndinni en Ottó Geir Borg og Ævar Grímsson skrifa handritið. Þetta er fyrsta leikna mynd Gunnars í fullri lengd. Hann gerði „mockumentary“ myndina Konunglegt bros sem vakti athygli á sínum tíma og auk þess hefur hann gert fjölda stuttmynda, þar á meðal hina margverðlaunuðu Karamellumynd.

„Ég er mjög ánægður með leikarana sem ég hef fengið. Við erum búnir að raða mjög sterku gengi saman. Það voru haldnar mjög grimmar prufur fyrir þessa mynd og við prófuðum alveg niður í hvert einasta smáhlutverk,“ segir Gunnar Björn. „Ég er mjög spenntur enda er ég búinn að vinna í myndinni í næstum þrjú ár. Núna er þetta farið að nálgast loksins,“ segir hann.

Áætlaður kostnaður við gerð myndarinnar er rúmar hundrað milljónir íslenskra króna.

freyr@frettabladid.is



**GUNNAR BJÖRN GUÐMUNDSSON** Gunnar Björn leikstýrir sinni fyrstu kvikmynd í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Blóðheitir bankaræningjar

Bandidas er ævintýramynd sem fjallar um stúlkurnar Söru og Mariu sem í fyrstu virðast mjög ólíkar. Sara er dóttir ríks bankaeiganda, afar siðmenntuð og hefur dvalið í Evrópu við nám en Maria er alin upp við fátækt og er þrælhörð bændastelpa. Þegar óprúttinn glæpon gerir á hlut fjölskyldna þeirra beggja sameinast þær í því að hefna fyrir feður sína. Þær gerast bankaræningjar og ræna flestalla bankana í Mexíkó. Fáir geta staðist fegurð þeirra og fljótt læra menn að óttast byssuskot tvíeykisins sem kallað er The Bandidas en myndin gerist í lok 19. aldarinnar.

Það eru hin fögru fljóð Salma Hayek og Penélope Cruz sem fara með aðalhlutverk í myndinni og líklega finnst fáum karlpeningnum leiðinlegt að sjá þær tvær saman í mynd. Handritið er skrifað af Luc Besson en það voru þær Salma og Penélope sem áttu hugmyndina að því að leika saman í mynd og báðu Luc um handrit. Hann sagðist verða tilbúinn með það eftir þrjár vikur og stóð við það. Með önnur hlutverk fara Steve Zahn, Dwight Yoakam og Sam Shepard, leikstjórar eru Joachim Roenning og Espen Sandberg og er myndin sýnd í Laugarásbíói og Regnboganum.




**PENELOPE CRUZ OG SALMA HAYEK** Þær fara með aðalhlutverk í ævintýramyndinni Bandidas þar sem þær leika bankaræningja.



**GAY PRIDE** Plötusnúðurinn á Gay pride-styrktarballinu verður Páll Óskar Hjálmtýsson.

# Gay pride-styrktarball

Gay pride-styrktarball verður haldið í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. DJ Páll Óskar mun sjá um að halda hommum, lesbíum, vinum þeirra og vandamönnum í dúndrandi stanslausu stuði langt fram á nótt.

Miðaverð er 1000 krónur og mun hver króna renna óskipt til Hinsegin daga svo að skrúðgangan þann 12. ágúst geti orðið hin glæsilegasta. Húsið er opið frá 23.00 til 4.00.


TÖLVUNÁM

Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið á sérlega hagstæðu verði ætlað byrjendum í tölvunotkun á öllum aldri. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega í námsefnið með miklum endurtekningum.
Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi við tölvuna.

- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Internetið og tölvupóstur





Hægt að velja um morgun- og kvöldnámskeið. Lengd: 42 std. Kennsla hefst 15. maí og lýkur 1. júní. Verð kr. 32.900,- (Allt kennsluefni innifalið)

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is












## Skjern úr leik

Íslendingaliðið Skjern í danska handboltanum féll í gær úr úrslitakeppninni deildarinnar eftir að hafa gert jafntefli við Kolding á heimavelli í undanúrslitum. Kolding hafði betur í fyrri leik liðanna og er komið í úrslitin. Aron Kristjánsson þjálfar Skjern og með liðinu leika þrír Íslendingar.

# sport

sport@frettabladid.is

HANDKNATTLEIKSÞJÁLFARINN PÁLL ÓLAFSSON: VERÐUR ÁFRAM MEÐ HAUKA Á NÆSTA TÍMABILI

## *Við höldum auðvitað ótrauðir áfram*

Páll Ólafsson verður áfram með Hauka á næsta tímabili en Haukar áttu misjöfnu gengi að fagna á nýafstaðinni handboltavertíð. Hafnarfjarðarliðið tapaði í bikarúrslitunum fyrir Stjörnunni, lenti í öðru sæti í deildinni með sama stigafjölda og Íslandsmeistarar Fram en lakari innbyrðisviðureignir, en unnu deildarbikar HSÍ eftir frækinn sigur á Fylkismönnum á fimmtudaginn.

„Við erum ekki að fara í Meistaradeildina og við högum okkar seglum eftir því hvað er framundan. Við stefnum á að koma okkur aftur í þann pakka þar sem Meistaradeildin gefur peninga í fyrsta skipti á næsta ári,“ sagði Páll sem kveðst vera ánægður með tímabilið hjá Haukum.

„Ég er mjög sáttur við tímabilið. Það er yfirlýst markmið Hauka að vinna alla titla sem í boði eru og það mun ekkert breytast. Það vantaði herslumuninn hjá okkur á þessu tímabili en við höldum auðvitað ótrauðir áfram. Það voru miklar breytingar á okkar liði, eins og reyndar öðrum, en það tók ákveðinn tíma að slípa þetta saman. Við vorum í miklu leikjaálagi fyrir áramót þar sem við vorum að spila í Meistaradeildinni. Ég get ekki verið annað en sáttur miðað við það hvernig liðið hefur þróast,“ sagði Páll sem vonast eftir sem fæstum breytingum á sínum leikmannahópi.



„Leikmannahópurinn verður nánast óbreyttur, við missum báða markmennina okkar en ég á ekki von á því að missa neina fleiri,“ sagði Páll en Birkir Ívar Guðmundsson er farinn í atvinnumennskuna til Lübbecke í Þýskalandi og Jónas Stefánsson fer í nám til Danmerkur. Páll neitaði því að Haukar væru í viðræðum við Björgvin Pál Gústavsson, markmann HK, eða Ólaf Gíslason en báðir hafa verið orðaðir við Hauka að undanförnu.

Páll sagði jafnframt að einungis tveir leikmenn væru samningslausir, Guðmundur Pedersen og Freyr Brynjarsson, en hann gerði ráð fyrir því að báðir leikmennirnir yrðu áfram.

## > Namibíumaður til Blika

Landsbankadeildarlið Breiðabliks hefur samið við namibíska landsliðsmanninn Oliver Risser og leikur hann því með félaginu í sumar. Risser er 25 ára gamall varnarmaður en hann fæddist í Namibíu en fluttist á 18. ári til Þýskalands. Þar lék hann með varaliði Dortmund á tímabili en hefur annars leikið í neðri deildunum þar í landi. Þá eru tveir Serbar til reynslu hjá Kópavogsliðinu, Nenad Zivanovic og Srdjan Gasic. Zivanovic er 29 ára gamall miðjumaður en Gasic er þrítugur varnarmaður. Blikar eru því að styrkja sig verulega fyrir átökin í sumar en þeir mæta Val í fyrsta leik á mánudagskvöldið.



**STEVEN GERRARD** Vonast til að lyfta bikarnum í dag. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Úrslit ensku bikarkeppninnar:

## Pressan er öll á Liverpool í dag

**FÓTBOLTI** Liverpool og West Ham mætast í úrslitaleik ensku bikarkeppninnar í dag. Leikurinn fer fram á Þúsaldarvellinum í Cardiff í beinni útsendingu á Sýn en útsendingin hefst klukkan 13.00.

„Pressan er á Liverpool. Þeir eru ríkjandi Evrópumeistarar og eru sigurstranglegri í leiknum. Við vitum allt um það en við verðum að einbeita okkur að okkur sjálfum. Við munum haga undirbúningi okkar líkt og þetta sé eins og hver annar leikur,“ sagði Anton Ferdinand, varnarmaður West Ham, um leikinn.

„Það dreymir alla um að lyfta FA-bikarnum sem fyrirliði. Ég vona svo sannarlega að ég fái tækifæri til þess en það verður alls ekki auðvelt. Bikarleikir eru alltaf sérstakir og það skiptir engu máli hvernig deildarstaða liðanna var eða í hvaða deild andstæðingarnir eru. Bikarleikir eru alltaf í sérflokki,“ sagði Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool. - hþh

# Ekkert óvænt í Svíahópi Alfreðs

**Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handknattleik, kynnti í gær 18 manna leikmannahóp fyrir umspilsleikina við Svía um laust sæti á HM í Þýskalandi sem fram fer í janúar á næsta ári. Ekkert kemur á óvart í vali Alfreðs enda sömu menn í hópnum og fóru til Magdeburg að tveim leikmönnum undanskildum.**

**HANDBOLTI** Alfreð segir ekki hægt að vera með neina tilraunastarfsemi í Svíaleikjunum enda sé mikið undir og allt verði að ganga upp ætli liðið að tryggja sér farseðil á HM í Þýskalandi í byrjun næsta árs. Einu breytingarnar frá hópnum sem fór til Magdeburg eru þær að Baldvin Þorsteinsson getur ekki leikið vegna meiðsla og Einar Örn Jónsson er í raun sá eini sem missir sæti sitt í hópnum. Alfreð ákvað að velja Jaliesky Garcia Padron í hópinn þótt hann sé meiddur og Alfreð reikni ekki með honum. „Það er samt alltaf smá von og því ákvað ég að velja hann,“ sagði Alfreð.

Undirbúningurinn fyrir leikina tvo er ekki langur en Alfreð fær leikmennina í hendurnar 4. og 5. maí en fyrri leikurinn er í Svíþjóð 11. maí og sá síðari á Íslandi 17. júní. Undirbúningsleikirnir verða tveir, gegn Dönum 6. og 8. júní.

„Þetta er náttúrulega mjög stuttur undirbúningur og því ákvað ég að prófa ákveðna hluti í Magdeburg á dögunum og síðan verður byggt á því í kjölfarið,“ sagði Alfreð sem prófaði mörg varnarafbrigði meðal annars í Magdeburg en hann er búinn að ákveða á hvaða vörn verður keyrt. „Ég geri ráð fyrir að keyra á þessari 5+1 vörn sem gekk svo vel í Sviss. Því miður gat Sigfús ekki spilað í Magdeburg en Vignir og Sverrir Björns fengu tækifæri á meðan. Ef Fúsi verður í mjög góðu standi fyrir Svíaleikina þá verða aðalvarnarmennirnir hann og Sverrir.“

Staða vinstri skyttu er ákveðinn höfuðverkur fyrir Alfreð enda Garcia meiddur og svo eru Arnór Atlason og Markús Máni að stíga upp úr meiðslum. Logi Geirsson er því í raun eina skyttan sem er heil heilsu í augnablikinu.

„Ég þarf að sjá hvernig Arnór og Logi koma inn í lokalotuna hjá okkur. Logi hefur komið mjög sterkur inn hjá Lemgo og því augljós kostur eins og staðan er í dag. Það var sárt að sjá á eftir Garcia því hann kom sterkur inn í Magdeburg og kom mér á óvart,“ sagði Alfreð en ætli einhverjir séu að banka á dyrnar en margir vildu sjá Heimi Örn Árnason í hópnum.

„Heimir hefur spilað mjög vel en Ragnar hefur fram yfir hann að spila í mjög sterkri deild erlendis og er að spila vel. Heimir er enn í myndinni hjá mér. Svo er fullt af ungum strákum að koma upp sem koma til greina á næstu árum,“ sagði landsliðsþjálfarinn Alfreð Gíslason. henry@frettabladid.is

**LANDSLIÐSHÓPURINN:**

| | |
|---|---|
| Roland Eradze | Stjarnan |
| Birkir Ívar Guðmundsson | Haukar |
| Hreiðar Guðmundsson | KA |
| Vignir Svavarsson | Skjern |
| Jaliesky Garcia Padron | Göppingen |
| Sigfús Sigurðsson | Magdeburg |
| Sverrir Björnsson | Fram |
| Arnór Atlason | Magdeburg |
| Guðjón Valur Sigurðsson | Gummersbach |
| Snorri Steinn Guðjónsson | Minden |
| Ólafur Stefánsson | Ciudad Real |
| Einar Hólmgeirsson | Grosswallstadt |
| Alexander Peterson | Grosswallstadt |
| Róbert Gunnarsson | Gummersbach |
| Ragnar Óskarsson | US Ivry |
| Logi Geirsson | Lemgo |
| Markús Máni Michaelsson | Düsseldorf |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | Lemgo |



**GJÖRÐU SVO VEL KALLINN MINN** Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ, kemur vel fram við sitt starfsfólk og hann skenkir hér í glas fyrir landsliðsþjálfarann. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslendingar bjartsýnir:

## Trúa á sigur

**HANDBOLTI** Það er ljóst að Íslendingar óttast ekki lengur Svíagrýluna í handboltanum því samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins þá hefur meirihluti landsmanna trú á því að Ísland muni leggja Svía í umspilsleikjunum í júní.

Þær Anna María Guðmundsdóttir, Stella Sigurðardóttir og Karen Knútsdóttir spurðu Íslendinga sem staddir voru í Kringlunni í gær um úrslit í rimmunni og sögðu 53 prósent að Ísland myndi komast á HM en 47 prósent höfðu ekki trú á því að við legðum nágranna okkar og erkifjendur að velli.






Stórt hneykslismál gæti farið illa með Juventus:

## Juve svipt titlunum?

**FÓTBOLTI** Öll stjórn ítalska stórliðsins Juventus sagði af sér með skömm í vikunni eftir að flett hafði verið ofan af Luciano Moggi, hæstráðanda hjá félaginu. Allt frá tímabilinu 1997/1998 hafa andstæðingar Juventus grunað þá um að hafa óhreint mjöl í pokahorninu, en aldrei náð að sanna neitt fyrr en núna.

Í mars bárust upptökur frá saksóknara í Tórínó til ítalska knattspyrnusambandsins, FIGC. Á þessum upptökum voru samtöl á milli Moggi og Pierlugi Pairetto, starfsmanns FIGC. Pairetto er ábyrgur fyrir því að velja dómara á leiki í Seria-A deildinni og ræddu þeir saman um hvaða dómarar ættu að vera á leikjum Juventus, Moggi setti fram sínar óskir sem vitanlega rættust. Símtölin voru hleruð og tekin upp. Þegar upptökunum var lekið í fjölmiðla fór málið loksins að vinda upp á sig.

Málið teygir sig enn lengra en inn í Seria-A deildina, því Pairetto er einnig í dómaranefnd UEFA og hefur því áhrif á val á dómurum í Evrópuleiki og landsleiki. Fyrr í vikunni sögðu Franco Carraro og Innocenzo Mazzini, forseti og varaforseti FIGC, af sér vegna hneykslismálsins.

Málið er gríðarlega vandræðalegt fyrir Juventus sem getur tryggt sér Ítalíumeistaratitilinn á morgun. Enginn vafi er á því að forráðamenn Juventus höfðu áhrif á úrslit leikja, og ekki einungis á þessu tímabili. Ítrekað hefur verið kvartað yfir því að dómarar dæmi „gömlu konunni“ í hag en málið er mjög umfangsmikið og er enn í rannsókn.

Svo gæti farið að Juventus verði svipt Ítalíumeistaratitlum, ef það sannast að hneykslið nái yfir á þau tímabil sem félagið varð meistari. Moggi hefur verið forseti Juventus í tólf ár og á þeim tíma hefur liðið unnið ítölsku deildina sex sinnum. - hþh

## ÚR SPORTINU

Bandaríski spretthlauparinn Justin Gatlin bætti í gær heimsmetið í 100 metra hlaupi karla á alþjóðlegu móti í Katar. Heims- og Ólympíumeistarinn Gatlin kom í mark á 9,76 sekúndum og bætti rúmlega árs gamalt met Asafa Powell frá Jamaíku um eitt sekúndubrot. Gatlin fagnaði heimsmetinu sem vitlaus maður enda hafði hann náð sínu æðsta markmiði. „Ég vissi að þessi dagur myndi koma og nú hafði ég heppnina með mér. Þetta er stórkostlegt,“ sagði Gatlin eftir methlaupið.

Handboltamaðurinn Einar Logi Friðjónsson, sem leikið hefur með þýska 2. deildar liðinu Friesenhem undanfarin tvö ár, hefur ákveðið að færa sig um set á næstu leiktíð og spila með TV Emsdetten, sem spilar í sömu deild. Einar hafði verið orðaður við endurkomu til síns gamla félags KA en nú er ljóst að ekkert verður af því.

Árni Gautur Arason lék allan leikinn í marki Valeranga þegar liðið tapaði fyrir Lilleström, 0-1, í norsku úrvalsdeildinni í fótbolta í gær. Meistarar Valeranga hafa byrjað leiktíðina mjög illa en þetta var fjórða tap liðsins í fyrstu sjö leikjum tímabilsins.

Classyc húsgagnalínan










Stækkun geymd í borði. - Tekk, eik eða lituð eik.



35% afsláttur

af Classyc húsgagna-
línunni.

Opið: Virka daga kl. 10 - 18,
laugardaga kl. 11 - 16.

Öndvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 I sími 568 8799
www.ondvegi.is I ondvegi@ondvegi.is

Grafíska smiðjan ehf. 05.06



# NÝJASTA DJÁSNI







VOLVO C70

Nú er ekki lengur þörf á að fórna þægindum fyrir stílinn. Þú færð allt í nýja harðtopp sportbílnum frá Volvo: **Volvo C70**. Nýr Volvo C70 staðfestir enn og aftur verkfræðilega snilld hönnuða Volvo. Djásn í kórónu Volvo segir bílablaðamaður Morgunblaðsins Volvo C70 vera. Lúxusportbíllinn Volvo C70 er tveggja dyra harðtopp með fimm strokka 170 eða 220 hestafla vél. Volvo C70 er auðvitað eins öruggur og hann getur orðið. Öryggi er lúxus. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo.

Komdu í Brimborg. Skoðaðu lúxussportbílinn Volvo C70 sem er í raun tveir bílar – annað hvort með þakið í skottinu eða…

Verð frá 4.310.000 kr.*



Volvo. For life.
Komdu í dag
Frumsýning
Skoðaðu nýja lúxussportbílinn Volvo C70
Komdu í Brimborg í dag
Komdu í kaffi og kleinur
Opið frá 12 til 16
Í KÓRÓNU VOLVO
VOLVO S40
VOLVO V50
VOLVO S60
VOLVO C70
VOLVO V70
VOLVO S80
VOLVO XC70 AWD
VOLVO XC90 AWD
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I got a feeling that behind those jeans is something wonderful just waiting to get out."**

**Svar: Jack horner úr Boogie Nights frá 1997**

# dagskrá

## Í TÆKINU TOM CRUISE LEIKUR Í VANILLA SKY Í SJÓNVARPINU KL. 22.35

# *Vildi verða prestur*

Thomas Cruise Mapother IV fæddist í New York árið 1962. Hann var afskaplega trúaður í æsku og staðráðinn í að verða prestur. Foreldrar hans voru mjög rótlausir og Tom eyddi æskuárunum á endalausu flakki. Þegar hann var 14 ára hafði hann verið í 15 skólum, bæði í Bandaríkjunum og Canada.

Í gagnfræðiskóla óx með Tom áhugi á leiklist og áformin um að gerast prestur fengu að víkja. Hann hætti í skóla og stefndi 18 ára gamall til New York. Næstu 15 ár voru lyginni líkast. Hann fékk fyrsta kvikmyndahlutverkið 19 ára gamall, það var í myndinni Endless Love sem varð mjög vinsæl. Þrátt fyrir að Tom sé frekar lágvaxinn (hann er 1.70 metrar á hæð) og ekki mjög hefðbundinn í útliti tók hann aðeins fimm ár að fá hlutverk í sumum af stærstu myndum níundaáratugarins.

Má þar nefna Top Gun (1986), The Color of Money (1986), Rain Man (1988) og Born on the Fourth of July (1989). Níu árum frá því að Tom hóf leiklistarferil sinn var hann orðinn einn af hæstlaunuðustu leikurum heimsins með 15 milljónir dollara að meðaltali fyrir mynd. Hann lék í stórmyndum á borð við Interview with the Vampire: The Vampire Chronicles (1994), Mission: Impossible (1996) and Jerry Maguire (1996) en fyrir þá síðastnefndu hlaut hann tilnefningu til Academy Award.

Árið 1990 gerðist Tom meðlimur í Vísindakirkjunni og sagði það henni að þakka að hafa læknast af lesblindu.

Tom var giftur leikkonunni Nicole Kidman í 11 ár en í apríl á síðasta ári byrjaði hann með ungu leikkonunni Katie Holmes og fyrir stuttu eignuðust þau sitt fyrsta barn saman.



**ÞRJÁR BESTU MYNDIR TOM:** Magnolia-1999 Jerry Maguire-1996 Rain Man-1988



▶ 22.35 *Drama*

VANILLA SKY



▶ 20.00 *Gaman*

BESTU STRÁKARNIR



▶ 19.00 *Gaman*

VINIR



▶ 20.05 *Gaman*

THE DREW CAREY SHOW



▶ 10.10 *Dægurmál*

HELGIN-MEÐ EIRÍKI JÓNSSYNI

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Alda og Bára (2:26) **8.06** Bú! **8.17** Lubbi læknir **8.30** Arthúr **8.55** Sigga ligga lá **9.08** Skoppa og Skrítla (2:10) **9.18** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar **9.40** Gló magnaða **10.02** Ástfangnar stelpur (7:13) **10.35** Kastljós **11.05** Listahátíð í Reykjavík **11.50** Formúla 1

**13.20** Ístölt, þeir allra bestu 2006 **13.50** Deildarbikarinn í handbolta **15.45** Lyftingamót í Smáralind **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (51:51) **18.25** Kokkar á ferð og flugi (4:8)

**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2006 (4:4)**
**20.45 Brúðkaup besta vinar míns** (My Best Friends Wedding) Bandarísk gamanmynd frá 1997. Þegar góðvinur Julianne segist vera trúlofaður einsetur hún sér að krækja í hann sjálf. Meðal leikenda eru Julia Roberts, Dermot Mulroney, Cameron Diaz, Rupert Everett og M. Emmet Walsh.
▶ **22.35 Vanilluhiminn** (Vanilla Sky) Bandarísk spennumynd, sem segir frá útgefanda sem verður fyrir því að líf hans tekur óvænta stefnu eftir að hann lendir í árekstri. Meðal leikenda eru Tom Cruise, Penélope Cruz. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

**0.55** Ég án þín (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en tólf ára. e) **2.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (William's Wish Wellingtons, Engie Benjy, Animaniacs, Myrkfælnu draugarnir, Kærleiksbirnirnir, Tiny Toons, Barney, Með afa, Leðurblökumaðurinn, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar) **10.35** Beautiful Girl

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Bold and the Beautiful **12.40** Bold and the Beautiful **13.00** Bold and the Beautiful **13.20** Bold and the Beautiful **13.40** Bold and the Beautiful **14.05** Idol – Stjörnuleit **14.55** Life Begins **15.45** Einu sinni var **16.15** Meistarinn **17.05** Sjálfstætt fólk

**17.45** Martha
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** F
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
**19.10 George Lopez (19:24)**
**19.35 Oliver Beene (4:14)** Bernskubrek Olivers Beene koma öllum í gott skap. Það hefur alltaf verið erfitt að vera lítill en aldrei svona skemmtilegt.
▶ **20.00 Bestu Strákarnir**
**20.30 Það var lagið** Gestasöngvarar þáttarins eru leikararnir Sveinn Geirsson og Hjálmar Hjálmarsson á móti Dúkkulísunum Erlu Ragnars og Önnu Maríu.
**21.40 The Notebook** (Æskuástir) Eldheit og sígild ástarsaga sem naut mikilla vinsælda er hún var sýnd í kvikmyndahúsum árið 2004.

**23.45** Face Off (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** The Italian Job (Bönnuð börnum) **3.45** LA County 187 (Bönnuð börnum) **5.10** George Lopez (19:24) **5.35** Fréttir Stöðvar 2 **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.00** Fashion Television (e)

**18.30 Fréttir NFS**
▶ **19.00 Friends (23:24) (e)**
**19.30 Friends (24:24) (e)** (Vinir 8)
**20.00 Bak við böndin (6:7)**
**20.30 Sirkus RVK (e)**
**21.00 American Idol (34:41) (e)** (Bandaríska stjörnuleitin)
**21.50 American Idol (35:41) (e)** (Bandaríska stjörnuleitin) Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims. Þau Simon, Paula og Randy snúa öll aftur í dómarasætið og Ryan Seacrest er á sínum stað sem kynnir keppninnar.
**22.20 Clubhouse (2:11) (e)** Heitasta ósk Petes Youngs rætist þegar hann fær draumavinnuna sína, sem kylfusveinn hjá hafnaboltaliðinu New York Empires.

**23.05** Supernatural (13:22) (e) (Bönnuð börnum) **23.50** Extra Time – Footballers' Wive **0.15** Splash TV 2006 (e)

## SKJÁREINN

**10.30** Dr. Phil (e)

**12.45** Yes, Dear (e) **13.15** According to Jim (e) **13.40** Top Gear (e) **14.30** Game tíví (e) **15.00** One Tree Hill (e) **16.00** Dr. 90210 (e) **16.30** Celebrities Uncensored (e) **17.15** Fasteignasjónvarpið **18.10** Everybody loves Raymond (e)

**18.35 Everybody Hates Chris (e)** Þáttur úr smiðju Chris Rock, sem byggir á hans eigin æsku.
**19.00 Family Guy (e)** K
**19.30 Courting Alex (e)**
**20.00 All of Us**
**20.25 Run of the House** Run of the House eru stórskemmtilegir þættir um óvenjulega fjölskyldu.
▶ **20.50 The Drew Carey Show** Drew Carey frá Cleveland, Ohio er líklega ein skrítnasta sjónvarpspersóna sem sækir SkjáEinn heim. Svo ekki sé minnst á Mimi. Og Oswald. Og Lewis. Stórundarlegir þættir um stórskrítið fólk.
**21.10 Dr. 90210**
**21.45 The Dead Zone** Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið.
**22.30 Rockface**

**23.20** Stargate SG-1 (e) **0.05** Boston Legal (e) **0.55** Wanted (e) **1.40** Ripley's Believe it or not! (e) **2.25** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.55** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**10.00** Fréttir ▶ **10.10** Helgin – með Eiríki Jónssyni **11.00** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss

**12.00** Hádegisfréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir **12.25** Skaftahlíð **13.00** Dæmalaus veröld **13.15** Fréttavikan **14.00** Fréttir **14.10** Helgin **15.00** Vikuskammturinn **16.00** Fréttir **17.05** Reykjavík í öðru ljósi **17.05** Dæmalaus veröld **17.20** Skaftahlíð

**18.00** Kvöldfréttir/Íþróttir/Veður
**19.10 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**19.45 Helgin – með Eiríki Jónssyni**
**20.35 Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss**
**21.25 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**22.00 Veðurfréttir og íþróttir**
**22.30 Kvöldfréttir/Íþróttir/Veður**

**23.10** Síðdegisdagskrá endurtekin **9.10** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.30** Bet Your Life (Bönnuð börnum) **8.00** What a Girl Wants **10.00** Marine Life **12.00** Bride & Prejudice **14.00** Bet Your Life (Bönnuð börnum) **16.00** What a Girl Wants **18.00** Marine Life **20.00 Bride & Prejudice** (Brúður og hleypidómar) Bollywood-útgáfa af hinni sígildu ástarsögu eftir Jane Austen, gerð af Gurinder Chadha, hinni sömu og gerði Bend it Like Beckham. Aðalhlutverk: Martin Henderson, Aishwarya Rai, Nadira Babbar. Leikstjóri: Gurinder Chadha. 2004. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00 Broken Arrow (e)** (Brotin ör) John Travolta og Christian Slater fara með aðalhlutverk í þessari háspennumynd leikstjórans Johns Woo. Söguþráðurinn er á þá leið að flugmaðurinn Vic og Riley félagi hans eru í leynilegri sendiför með kjarnaodda þegar vélinni er rænt. Aðalhlutverk: Christian Slater, John Travolta, Samantha Mathis. Leikstjóri: John Woo. 1996. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Trauma (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Unspeakable **4.00** Broken Arrow (e) (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Extreme Close-Up **13.00** 10 Ways **13.30** Gastineau Girls **14.00** Gastineau Girls **14.30** Gastineau Girls **15.00** Gastineau Girls **15.30** Gastineau Girls **16.00** Gastineau Girls **16.30** Gastineau Girls **17.00** Gastineau Girls **17.30** Gastineau Girls **18.00** E! News Weekend **19.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Dr. 90210 **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** THS Investigates **1.00** Dr. 90210 **2.00** Wild On Tara

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




TÍMI TIL AÐ LIFA

» Foreldrar hafi val um örugga vistun fyrir ung börn sín frá því fæðingarorlofi lýkur.
» Almenn gjaldskrárlækkun í öllum borgarreknum leikskólum, 25% 1. september 2006.
» Foreldrar greiði aldrei fyrir fleiri en eitt barna sinna sem dvelja á leikskóla samtímis.

Fjölskyldustefna Sjálfstæðisflokksins og önnur stefnumál á betriborg.is

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

KR-FH Sýn Kl. 19.45

### *Íslandsmótið hefst*



Fyrsta umferð efstu deildar í knattspyrnu karla hefst á sunnudaginn. Fyrsti leikurinn sem við sjáum í beinni útsendingu er heldur engin smá viðureign. Þá mæta sjálfir Íslandsmeistararnir í FH vesturbæjarstórveldinu KR. KR hefur ekki verið að gera góða hluti á undanförnum árum og ekki heldur á undirbúningstímabilunu en FH hefur siglt lygnan sjó. Það verður því afar fróðlegt að sjá hvernig móttökur Íslandsmeistararnir fá hjá Teiti Þórðarsyni og lærisveinum hans í stórleik fyrstu umferðar.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 8 | 3 | 5 | |
| | | 2 | | 4 | | | | |
| | 5 | | | | 1 | | | 4 |
| | 7 | | | | | 5 | 8 | 9 |
| | | | | | | | | |
| 5 | 6 | 1 | | | | | 7 | |
| 8 | | | 7 | | | | 6 | |
| | | | | 1 | | 7 | | |
| | 2 | 3 | 6 | | | | | 5 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 9 | 7 | 6 | 2 | 4 | 1 | 3 | 8 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 2 | 4 |
| 2 | 6 | 4 | 1 | 8 | 3 | 7 | 5 | 9 |
| 8 | 5 | 9 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 2 | 1 | 8 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 |
| 3 | 7 | 6 | 4 | 1 | 2 | 9 | 8 | 5 |
| 7 | 3 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 1 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 8 | 7 | 6 |



▶ **13.00**

*Knattspyrna*

ÚRSLIT FA CUP

SÝN besta sætið

**8.10** Gillette HM 2006 sportpakkinn **8.40** NBA **10.40** Bestu bikarmörkin **11.35** Bestu bikarmörkin

**12.30** Bikarupphitun ▶ **13.00** Enska bikarkeppnin (Liverpool – West Ham) **16.30** Sænsku nördarnir **17.20** US PGA í nærmynd **17.50** Spænski boltinn

**19.50** **Spænski boltinn** (Spænski boltinn 05/06)

**22.00** **NBA úrslitakeppnin (NBA 2005/2006 – Playoff games)** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA deildarinnar í körfuknattleik.

**0.00** Box – J. Calzaghe vs. J. Lacy **1.05** Box – Ricky Hatton – Luis Callazo

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Laugardagur til lukku **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Andi Andalúsíu **11.00** Vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Kosningafundur **14.00** Kosningafundur **15.00** Til í allt **16.10** Spegill tímans: Afahús, leikmynd draumanna **17.05** Til allra átta

**18.26** Leikhúsmýslan **19.00** Kringum kvöldið **19.30** Stefnumót **20.15** Frakkneskir fiskimenn á Íslandi **21.05** Fimm fjórðu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Flakk **23.10** Danslög

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.05** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Geymt en ekki gleymt

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ **22.10** Næturvörðurinn **0.00** Fréttir

### BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Ragnar Már

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Ívar Halldórsson

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





## HRÓSIÐ

*...fær Inga Þóra Ingvarsdóttir sem lagði Erling Sigurðsson að velli í spennandi Meistaraþætti á fimmtudaginn og komst þannig í úrslit ásamt Jónasi Erni Helgasyni.*

## + NÚNA / BÚIÐ ÷



**Sumarkjólar** eru það heitasta um þessar mundir enda tískan að verða kvenlegri.





**Nauthólsvík.** Þessi eina ylströnd landans fer brátt að komast í notkun á ný.

**Klipping,** látum síða hárið fjúka í nafni sumars.



**Lýtaaðgerðir** í fegrunarskyni. Verum við sjálf og hættum að láta undan pressu í samfélaginu um fullkomnun. Enginn er fullkominn.



**Ljósbekkjanotkun,** hættum að liggja eins og sardínur undir útfjólubláum geislum og leggjumst frekar út í garð og sleikjum sólina.



**Neysla á gosdrykkjum,** drekkum íslenska vatnið sem er gott og það er ókeypis.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** óskiptu **6** hæð **8** sægur **9** yfir rúm **11** frú **12** flott **14** smápeningar **16** nafnorð **17** fjór **18** tunnu **20** golf áhald **21** gort.

**LÓÐRÉTT**
**1** líkamshluti **3** í röð **4** sendir **5** dýrahljóð **7** skemmtun **10** frostskemmdir **13** bein **15** eyja **16** lík **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 öllu, 6 ás, 8 mor, 9 lak, 11 fr, 12 smart, 14 klink, 16 no, 17 fer, 18 ámu, 20 tí, 21 raup.
**LÓÐRÉTT:** 1 háls, 3 lm, 4 loftnet, 5 urr, 7 samkoma, 10 kal, 13 rif, 15 krít, 16 nár, 19 nn

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Allar smá-auglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

SILVÍA NÓTT: REITTI YFIRMANN SAMBANDS EVRÓPSKRA SJÓNVARPSSTÖÐVA TIL REIÐI

# Baðst afsökunar á orðbragðinu



**SILVÍA NÓTT Á SVIÐINU** Lét ekki bjóða sér hvað sem var og sagðist vera díva. Breski blaðamenn bjuggust þó við meiru af dívunni og töldu hana eiga mikið inni. FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARÐ

Silvía Nótt blótaði sviðsmönnum, reitti yfirmann Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva til reiði og móðgaði Grikki, sem gengu út úr Ólympísku höllinni. Bretar hlógu, en sögðust þó pínulítið vonsviknir í lokin. „Sviðsmennirnir munu hata hana eftir æfinguna," sagði breskur blaðamaður World Sunday og Eurovision-aðdáandi við félaga sína fjóra sem sátu og fylgdust með fyrstu æfingu Silvíu Nætur á sviðinu í Aþenu.

Bretarnir höfðu beðið hennar með óþreyju og eftirvæntingu og hlógu að látalátunum í henni. „Sviðið er of lítið," sagði Silvía á ensku yfir salinn, um þrettán metra langt keppnissviðið sem er eitt það glæsilegasta. Bretarnir, þaulvanir Eurovision, tóku undir. „Hún hefur svolítil til síns máls, sviðið er frekar lítið."

Silvía mætti í stuttbuxum, með grænt belti og eiturgrænan fjaðrahatt. Hún var með tyggjó. Hún skipaði sviðsmönnunum að víxla súlum á sviðinu, skammaði þá fyrir seinagang, sagði þá byrjendur í faginu og sagði fokk. Ekki bara einu sinni, heldur þrisvar. „Spilið lagið," skipaði Silvía. „Vinsamlega, spilaðu lagið," svaraði hann. „Fokkaðu þér, spilaðu það núna." Í fyrsta sinn sem blótsyrðið heyrðist var hlegið og hneykslast, síðan púað, en við þessa skipun gengu um fimmtán Grikkir úr salnum. „Ég er díva, ég þarf ekki að láta bjóða mér þetta," sagði Silvía svellköld á sviðinu og söng lag Tinu Turner. „I´m simply the best, better than all the rest."

Bretarnir veltu frammistöðunni fyrir sér er Silvía gekk af sviðinu og sagði. „Rosalega var ég góð. Þetta var fullkomið." Einn þeirra sagði að hann hefði búist við meiru, erfitt væri að toppa myndbandið. Annar sagði að söngur Silvíu hefði ekki verið eins sterkur og hann hafði búist við. Þeir voru þó allir sammála um að hún væri fínasta skemmtun, en voru pínulítið vonsviknir. „Þetta er þó hressandi og góð tilbreyting í keppninni."

Eftir sviðsframkomuna var beðið eftir Silvíu af blaðamönnum. Jónatan Garðarsson, hópstjóri íslensku sendinefndarinnar, mætti ásamt þeim Rómaríó og Estevez. Jónatan lýsti yfir mikilli ánægju sinni með skipulagningu Grikkjanna og sagði aðbúnaðinn góðan. Hann hrósaði sviðsmönnunum fyrir fagmannlegt verk. Rómaríó tók næst til orða og bað blaðamennina að horfast ekki í augu við Silvíu þegar þeir spyrðu hana spurninga. Silvía mætti með stæl; komin í nýjan kjól og með regnhlíf. Hún baðst afsökunar á orðbragðinu á sviðinu. Hún hefði gleymt sér. Ýmsar skrautlegar spurningar hrundu af vörum blaðamannanna. Einn sem spurði hana um misræmi í textanum og flutningnum fékk þau svör að hún kannaðist bara ekkert við málið.

Ung kona, sem sagðist vera bresk, spurði Silvíu um sóðaleg ummæli hennar í Litháen um hollensku keppendurna. Silvía ásakaði hana um að hafa horft í augun af sér og lét lífverði sína henda henni út. Konan barðist um á öxlinni á Boris. Erlendu blaðamennirnir sátu undrandi eftir. Silvía tók við næstu spurningu, sem Rómarió sagði óáhugaverða. Þau kvöddu því fólkið. Silvía gaf eiginhandaráritanir og þau hurfu á braut eftir að hafa þakkað aðdáendum sínum og sagst hlakka til að sjá þá aftur. Hún hafði slegið í gegn.

gunnhildur@frettabladid

**NÝR STÓR HUMAR**

**GRILLPINNAR**

**SIGIN GRÁSLEPPA**

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

opið alla laugardaga 10-14

# Át börnin í morgunmat

„Nei, ég er ekki giftur og á ekki börn. Ég get ekki átt börn því ég hugsa eins og fimmtán ára unglingur," sagði forsprakki finnsku þungarokkhljómsveitarinnar Lordi, á blaðamannafundi, eftir að hafa æft atriði sitt á sviðinu í Aþenu. „Ég átti börn en át þau í morgunmat. Ég á hins vegar tvo hunda og tarantúlu."



**LORDI** Hinir skrautlegu rokkarar frá Finnlandi gefa ekkert eftir í kynningarstarfi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARÐ

Herra Lordi fer fyrir skrýmslum fjórum en sá fimmti á sviðinu er klæddur kufli. Auk herra Lordi eru þar stúlkan Eva, Uxinn, Amen og Gita.

„Í frítíma mínum ligg ég upp í sófa og horfi á dvd-myndir," sagði herra Lordi. „Ég horfi á Seinfield, Simpson og nota nær hverja aukamínútu til að leggja mig. Nú, svo safna ég munum frá hljómsveitinni Kiss, en ég er mikill aðdáandi hennar."

Meðlimir Lordi sögðu frá því að hugmyndin að hljómsveitinni hefði kviknað fyrir fjórtán árum og bætti herra Lordi við að hann hefði alltaf verið aðdáandi tónlistar níunda áratugarins, þá sérstaklega tónlistar Alice Coopers og Kiss. Það væri auðheyrt á tónlist Lordi. Hljómsveitin gæfi sig ekki út fyrir að vera annað en hún væri. „En ég veit bara ekkert leiðinlegra en að mæta á tónleika þar sem tónlistarmaðurinn er í T-bol og gallabuxum." Þess vegna væru þau í búningum.

Lítil stúlka, sú eina innan um blaðamennina, spurði Lordi af hverju hljómsveitin ákvað að koma sem skrýmsli í Eurovision? „Þegar okkur var boðið að taka þátt vorum við skrýmsli. Hvað getum við gert?" svaraði herra Lordi.

-gg

# Helgarsprengja

## aðeins laugardag og sunnudag




### Square sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 12.990.-

**50% afsláttur**

### Newbury Folding sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 36.990.-

**22% afsláttur**




### Octagonal sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 19.990.-

**20% afsláttur**




### Butterfly sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 54.990.-

**27% afsláttur**




### Galway garðhúsgagnasett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Stækkanlegt borð 230x110 cm og 6 stillanlegir stólar með sessum.

Verð áður 82.990.-

**24% afsláttur**




Gildir 13. og 14. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Breyttir tímar á laugardögum

LAUGARDAGSOPNUN VÍNBÚÐA 11-18 Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

vinbud.is

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum




**BAKÞANKAR**
**GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR**

## *Lífsgæðakapp-akstur*

Þegar ég heyrði fréttir á dögunum þess efnis að ákveðin bæjarstjórn í Hvalfirði, þar sem stóriðja er, hefði ákveðið að gefa hverjum íbúa hreppsins 600 þúsund króna úttekt í Húsasmiðjunni eða Byko til hátíðabrigða núna fyrir kosningar – sem er ágætt – gat ég ekki komist hjá því að velta fyrir mér eftirfarandi hugsun, einn með sjálfum mér á hlaupabretti í WorldClass: Það er dálítið skrítið að vera Íslendingur núna.

**ÞAÐ** er komið eitthvað olíufurstahugarfar í þjóðina. Ég bíð eftir því að húsþök verði gullbrydduð. Þegar hafa borist fregnir af gullsalernum, þannig að ekki verður þess lengi að bíða að auðæfin verði notuð til sýnilegra monts. Sex hundruð þúsund kallinn sem íbúarnir fengu á einmitt að nýtast þeim til fegrunar garða sinna, ef ég skildi fréttina rétt. Kannski verða gullstyttur af öskrandi ljónum komnar á hvert býli við Grundartanga áður en langt um líður og hver bóndi í handofinn silkislopp.

**ÉG** vissi heldur ekki að ég ætti eftir að upplifa þá tíma að happdrætti DAS myndi bjóða Hummerjeppa í vinning. Hummer er í mínum huga einmitt svona bíll sem olíufurstar nota til þess að sýna öðrum svo ekki verði um villst að þeir eigi nóga peninga og hafi auk þess engar áhyggjur af mengun. Í bíómyndum er Hummer bíll glæpona. Hummer er líka stríðstól.

**ÞESS** vegna er það líka skrítið að sjá Framsóknarflokkinn keyra um á einum slíkum í Reykjavík. Umhverfismál og stríðsrekstur í Írak eru þau mál sem óbreyttir fylgismenn flokksins hafa haft hvað mestar áhyggjur af. Varla er hægt að ímynda sér blautari tusku í andlitið á þeim en að frambjóðendur keyri um á Hummer.

**KANNSKI** heldur flokkurinn að það sé allt í lagi að vera á villigötum, bara ef maður er á stríðsjeppa. Eftir þessa upptalningu á skrítnum hlutum á landinu bláa, peningalyktinni sem liggur í loftinu með verðbólgudrauginn handan við hornið, er þó eitt eftir sem verður að teljast rúsínan í pylsuendanum:

**HINIR** ríku fóru í kappakstur úti í heimi á glæsikerrum. Engum sögum fór af kappakstri fátæka fólksins sem vitaskuld hefði átt að fara fram á sama tíma með tilheyrandi samkvæmislífi. En nú kem ég að því sem ég vil telja til merkjanlegra breytinga á samfélagi okkar: Venjulegt fólk atti kappi sín á milli fyrir áratugum á Íslandi, um það hver ætti Soda stream-tæki og hver ekki. Það var kallað lífsgæðakapphlaup.

**ÞAÐ** kapphlaup er liðið tíð. Við erum komin úr lífsgæðakapphlaupinu yfir í lífsgæðakappakstrinn.


Sumarið er hér!



95,-
SOMMAR strandpoki
ýmsar tegundir 45x45 cm

SOMMAR karfa
ýmsir litir Ø32 H18 cm 790,-

490,-
SOMMAR kökuhjálmur
ýmsir litir Ø35 cm

SOMMAR sprittkertastjakar
3 í pk. galvaníserað Ø7 cm 390,-

SOMMAR servíettur
ýmsir litir 33x33 cm 190,-

SOMMAR geymslupokar 10 stk.
ýmsir litir 24x23 cm 150,-

90,-
SOMMAR flugnaspaði
ýmsir litir

SOMMAR sprittkertastjakar 6 stk.
blandaðir litir Ø4 cm 290,-

LÄCKÖ hvítlakkað stál
borð Ø70x71 cm 3.990,-
stóll 2.690,-

SOMMAR sprittkertastjaki
ýmsir litir Ø13 cm 450,-

Mæðradagsvöndur
1.490,-

SOMMAR fellistóll
ýmsir litir 495,-

190,-
SOMMAR ísmót
ýmsir litir

© Inter IKEA Systems B.V. 2006

IKEA®

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - 20:00 | www.IKEA.is